


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
SafeTravel
Plastiðnaður




Afturhvarf til fortíðar
*Fyrsta tölublað mótorhjólatímaritsins Kickstart er komið út.*
**allt**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
**29. febrúar 2012**
51. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Nýtt hlutverk
*María Birta leikur í myndinni XL á móti Ólafi Darra.*
**fólk** 34

## Engin hindrun í skák
*Siguringi Sigurjónsson kemur á fót nýjum skákvef fyrir börn.*
**tímamót** 22



## Við getum unnið
*Ísland mætir Svartfjallalandi ytra á morgun í vináttulandsleik.*
**sport** 30

## veðrið í dag




**SKÚRIR EÐA ÉL** sunnan og vestan til en nokkuð bjart austanlands. Strekkingsvindur um landið vestanvert en annars hægari. Heldur kólnar í veðri.
**VEÐUR 4**

# Gagnaveitan verði seld í ár og skili OR milljörðum

**Áætlanir Orkuveitu Reykjavíkur gera ráð fyrir að Gagnaveita Reykjavíkur verði seld í ár og skili fyrirtækinu milljörðum króna. Eftir á að samþykkja sölu af eigendum og stjórn. Tuttugu starfsmönnum sagt upp.**

**VIÐSKIPTI** Áætlanir Orkuveitu Reykjavíkur (OR) gera ráð fyrir tveimur milljörðum króna vegna sölu eigna í ár, 5,1 milljarði árið 2013 og 1,9 milljörðum árið 2014. Stærsta eignin sem fyrirtækið gerir ráð fyrir að selja er Gagnaveita Reykjavíkur. Eftir á að samþykkja þá sölu, en starfsemi Gagnaveitunnar er skilgreind sem hluti af kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Gagnaveitan rekur ljósleiðaranet sem teygir sig frá Bifröst til Vestmannaeyja.

Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, segir ákvörðun um sölu Gagnaveitunnar alfarið vera í höndum eigenda og stjórnar OR. „Áætlun gerir ráð fyrir að tekjur af sölunni komi inn í byrjun árs 2013, sem þýðir að selja þyrfti í lok þessa árs.“

OR þarf að greiða 30 milljarða króna af lánum á næsta ári og Bjarni segir að gríðarlega stór gjalddagi bíði strax eftir áramót. Sala gagnaveitunnar sé hugsuð til að standa skil á honum.

Fyrirtækið seldi eignir fyrir 1.150 milljónir á árinu 2011, 150 milljónum meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Bjarni segir að í ár sé einnig ætlunin að selja Perluna, aðalstöðvar fyrirtækisins og fleira sem hann geti ekki tilgreint núna.

**Starfsmannafjöldi OR**




Alls var 20 starfsmönnum fyrirtækisins sagt upp í gær. Að auki var skipulagi og verklagi breytt hjá fyrirtækinu og segir Bjarni það marka lok uppstokkunar.

„Nú tekur við venjubundinn rekstur, hann ætlum við að reyna að stunda með sem bestum hætti þannig að við lendum ekki í því aftur að þurfa að moka skafl. Það þýðir ekki að það verði ekki uppsagnir, það er hluti af venjulegum rekstri fyrirtækja að einum og einum verði sagt upp.“ Ekki verði þó aftur fækkað í jafnstórum hópum. **- kóp**



**NÝTT HÓTEL VIÐ GÖMLU HÖFNINA** Iðnaðarmenn vinna nú hörðum höndum á Mýrargötu við að fullklára hótelið Icelandair Hotel Marina sem fyrirhugað er að opna með vorinu. Á hótelinu verða 108 herbergi, líkamsræktaraðstaða, bar og veitingaaðstaða. Þar var Slippfélagið áður til húsa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Afturköllun ákæru rædd í dag:

# Atkvæði greidd um tillöguna

**ALÞINGI** Önnur umræða um tillögu Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, um að Alþingi afturkalli ákæru á hendur Geir H. Haarde, fer fram í dag. Meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar leggur til að tillögunni verði vísað frá. Ef ekki, þá verði hún felld.



GEIR H. HAARDE

Valgerður H. Bjarnadóttir, formaður nefndarinnar, segir ekkert hafa komið fram sem réttlæti afturköllun. Þá uppfylli málið ekki skilyrði laga um meðferð sakamála varðandi afturköllun ákæru.

Sjálfstæðismenn í nefndinni leggja til að tillaga Bjarna verði samþykkt.

Að umræðu lokinni verða atkvæði greidd um frávísunartillöguna og verði hún felld um varatillögu meirihlutans.

**- kóp** / **sjá síðu 6**

Kennarar við Háskóla Íslands segja suma nemendur í grunnnámi áhugalausa:

# Óvirkir nemendur áhyggjuefni

**MENNTUN** Kennarar við Háskóla Íslands hafa áhyggjur af áhugaleysi nemenda og segja þá koma ólesna í tíma auk þess sem þeir mæti illa.

Guðrún Geirsdóttir, dósent í kennslufræði og deildarstjóri hjá Kennslumiðstöð, segir umræðuna ekki nýja af nálinni; að nemendur vilji fá allt upp í hendurnar og áhyggjur séu af því að þeir séu ekki nógu virkir.

„Það er misjafnt hvernig kennarar bregðast við. Sumir eru áhyggjufullir og vilja vita hvort þeir geti einhverju breytt í kennsluháttum. Svo eru aðrir sem eru neikvæðari og vilja losna við þessa nemendur með aðgangstakmörkunum.“

Guðrún hefur gert rannsóknir sem beinast að kennurum, sem spyrji sig hvort þeir séu að gera nemendur óvirka með kennsluháttum og hvort þeir fái of mikið upp í hendurnar sem geri þá svo ósjálfbjarga.

Guðrún ræðir þessi mál á málstofu í Árnagarði í dag, leitar þar skýringa til dæmis í rannsóknum á firringu háskólanema og þátttöku í háskólum. „Fræðimenn hafa bent á nýfrjálshyggju, þar sem menntun fer að hafa markaðsgildi frekar en að vera þroskandi. Að fólk verði að fá gráðu til að fá vinnu og það verði hvatinn frekar en fróðleiksþorsti.“ Háskólinn endurspegli þannig markaðsvæðingu og markmið ríkisstjórna verði fjölgun háskólamenntaðra.

Margir nemendur viti ekki í hvaða átt þeir stefni eða hvað þeir vilji. **- þeb**

## Lásu ekki efnið en kvörtuðu yfir einkunn

Háskólakennari sem kennir nemendum á fyrsta ári sendi Kennslumiðstöðinni bréf þar sem hann lýsti ástandinu eins og það blasir við honum. „Vandamálið er að nemendur virðast vilja gera sem minnst sjálfir en krefjast hins vegar mikils af kennurum (vilja glósur, glærur og samantekt um efnið). Því meira sem ég geri því minna gera þeir. Fyrir áramót kom í ljós að nemendur í námskeiðinu höfðu ekki lesið lesefni þess. Þeir bjarga sér með glærum og glósum og krossaspurningum sem þeir hafa aðgang að í prófasöfnum og kvarta svo yfir að fá ekki 9,0.“







## SPURNING DAGSINS



*Hafsteinn, nennir fólk ekki að tala við ykkur?*

„Jú, en allir nema þrír sem hafa haft samband við mig síðustu tíu ár hafa hringt eða sent mér tölvupóst.“

Hafsteinn Karlsson, bæjarfulltrúi Samfylkingar í Kópavogi, telur óþarft að hafa sérstaka viðtalstíma þar sem íbúar geta hitt bæjarfulltrúa eins og nýr meirihluti hefur ákveðið því það mæti enginn í viðtalstímana.

Fyrrum ríkissaksóknari segir saksóknara Alþingis vanrækja eftirlitshlutverk sitt:

# Sigríður segir Valtý fara með fleipur

**STJÓRNSÝSLA** Valtýr Sigurðsson, fyrrverandi ríkissaksóknari, segir saksóknara Alþingis, Sigríði J. Friðjónsdóttur, ekki sinna hinu veigamiklu eftirlitshlutverki ríkissaksóknara í máli Geirs H. Haarde. Taka ætti það hlutverk að gæta almennra grundvallaratriða sakamálaréttarfars, sem er á hendi ríkissaksóknara, fram yfir hlutverk saksóknara Alþingis.

Þetta sagði Valtýr í grein í Fréttablaðinu í gær. Hann sagði ríkissaksóknara æðsta handhafa ákæruvalds lögum samkvæmt og að hann hefði boðvald yfir öðrum ákærendum og eftirlit með þeim. „Í því felst m.a. að hann beri ábyrgð á að samræmis sé gætt við meðferð ákæruvalds og að grundvallarreglur sakamálaréttarfars séu virtar.“



SIGRÍÐUR J. FRIÐJÓNSDÓTTIR

Sigríður sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hún benti á að Valtýr hefði verið ríkissaksóknari þegar Alþingi samþykkti ákæru á hendur Geir, nokkuð sem Valtýr segi að hafi þýtt brot á réttindum Geirs. Hann hafi þó ekki séð ástæðu til að bregðast við þeim meinta órétti á þeim tíma þrátt fyrir eftirlitshlutverk ríkissaksóknara.

„Þetta aðgerðaleysi fv. ríkissaksóknara gæti tengst þeirri staðreynd, sem ekki er fjallað um í grein Valtýs, að boðvald ríkissaksóknara nær ekki til Alþingis, þó svo að Alþingi hafi ákæruvald þegar kemur að brotum ráðherra. Um réttindi sakbornings í málum sem varða ráðherraábyrgð fjallar sérdómstóll sem heitir Landsdómur,“ segir Sigríður. **- kóp**

Vélarvana á Indlandshafi:

# Skemmtiskip dregið að landi

**KENÍA, AP Ítalska skemmtiferðaskipið Costa Allegra kemur væntanlega til hafnar á morgun á Seychelles-eyjum í Indlandshafi. Skipið rak stjórnlaust á sjórænsingjaslóðum vegna vélarbilunar þangað til dráttarskip kom því til bjargar í gær. Rúmlega þúsund manns um borð. Þeir gætu þurft að bíða sólarhringum saman áður en skipið getur lagst að bryggju.**

**Skipið er systurskip skemmtiferðaskipsins Costa Concordia sem strandaði við Ítalíuströnd í síðasta mánuði. - gb**



**VIÐ ÞINGFESTINGU MÁLSINS** Agné Kratavicuité mætir í Héraðsdóm Reykjavíkur þegar mál hennar var fyrst tekið fyrir í byrjun nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðalmeðferð í dulsmáli:

# Segist ekki hafa fætt barn

**DÓMSTÓLAR Agné Krataviciuté, kona sem ákærð hefur verið fyrir að bana nýfæddu barni sínu á Hótel Fróni í fyrrasumar, neitar sök og kannast ekki við að hafa fætt barn.**

**Þetta kom fram við aðalmeðferð máls á hendur Agné í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Henni er gefið að sök að hafa veitt nýfæddu barninu tvo skurðáverka á andlit með bitvopni og banað því svo með kyrkingu. „Mér finnst enn þá mjög erfitt að skilja hvað gerðist,“ hefur Vísir. is eftir Agné, þegar hún bar vitni í gær. Hún kvaðst þó fyrir dómi hafa fundið fyrir miklum verkjum á hótelherberginu þar sem talið er að barnið hafi fæðst.**

**Nánari fréttaflutning af málinu má finna á Vísi. - óká**

# Elsta hlaupársbarn þjóðarinnar 22 ára

**Ragnheiður Hildigerður Hannesdóttir á 22 ára afmæli í dag. Hún hefur þó lifað í 88 ár. Hún er elsti Íslendingurinn sem á afmæli á hlaupársdegi. Móðir hennar nefndi Ragnheiði Hildigerði eftir hlaupársdeginum 29. febrúar árið 1924.**

**FÓLK** Ragnheiður Hildigerður Hannesdóttir á einungis afmæli á fjögurra ára fresti og heldur því upp á 22 ára afmælið sitt í dag. Hún er elsti Íslendingurinn fæddur á hlaupári 29. febrúar og hefur lifað í 88 ár, þrátt fyrir að hafa átt mun færri afmælisdaga.

„Það er oft sagt í gríni að ég sé svona ung. En ég hef upplifað ýmislegt á minni ævi sem 22 ára manneskja hefði sennilega ekki getað,“ segir Ragnheiður. Fyrir um tíu árum byrjaði hún að missa sjónina og er lögblind í dag.

„Það er auðvitað margt sem mætti vera betra, en ég á mörg góð ár að baki. Maður verður að vera bjartsýnn og líta fram á veginn, það þýðir ekkert annað. Ég á góða fjölskyldu og vini og lít á lífið björtum augum.“

Ragnheiður býr með eiginmanni sínum, Völundi Sigurjónssyni, á Sléttuvegi í Reykjavík. Hún ætlar að gera sér glaðan dag á afmælisdaginn og halda upp á hann á heimili sínu með fjölskyldu sinni og vinum. Þau hjónin eiga þrjú börn, fjögur barnabörn og sjö barnabarnabörn. „Ég er rík kona,“ segir hún.

Aðspurð segist Ragnheiður ekki hugsa mikið um að vera elsta hlaupársafmælisbarn þjóðarinnar. „Kona sem ég þekkti lést nýlega og hún varð 101 árs gömul og hún var með heila hugsun fram í það síðasta. Það þarf alls ekki að vera slæmt að eldast,“ segir hún.

Ragnheiður fæddist hlaupársdaginn 29. febrúar árið 1924, á bænum Litla-Vatnshorni í Haukadal. Hún segir afmælisdaga ekki hafa verið haldna hátíðlega í sveitinni þegar hún var að alast upp og gjafirnar oftast verið vettlingar eða sokkar. Hún minnist þess að hafa fengið epli og appelsínur að gjöf frá frænku sinni.



**HELDUR DAGINN HÁTÍÐLEGAN** Ragnheiður Hildigerður, elsta afmælisbarn landsins, heldur upp á 22. afmælisdaginn sinn í dag með fjölskyldu og vinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Það er oft sagt í gríni að ég sé svona ung. En ég hef upplifað ýmislegt á minni ævi sem 22 ára manneskja hefði sennilega ekki getað,“
>
> RAGNHEIÐUR HILDIGERÐUR HANNESDÓTTIR AFMÆLISBARN

Móðir Ragnheiðar gaf henni nafnið Hildigerður, sem er eftir afmælisdeginum, en í almanaki Þjóðvinafélagsins heitir hlaupársdagur Hildigerður.

„Hún hélt sig alltaf við það hún móðir mín. Þetta nafn er í gildi þó ég hafi ekki notað það mikið. En það er vissulega mjög heilsteypt og fallegt,“ segir Ragnheiður Hildigerður afmælisbarn.

sunna@frettabladid.is

Þrír fengu fangelsisdóm:

# Dæmdir fyrir hrottalega árás

**DÓMSMÁL** Tveir menn, Guðni Guillermo Gorozpe og Halldór Arnar Karlsson, voru í gær dæmdir í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir hrottalega líkamsárás í miðbæ Reykjavíkur. Sá þriðji hlaut sextán mánaða fangelsisdóm fyrir sinn þátt.

Árásin var framin aðfaranótt 7. maí 2010. Þá réðust þremenningarnir, að því er virðist að tilefnislausu, á grískan ferðamann, slógu hann í jörðina og spörkuðu í hann liggjandi. Ferðamaðurinn, sem svipti sig lífi í fyrra, var mjög illa leikinn eftir árásina og í símaskýrslu sem móðir hans gaf fyrir dómi kom fram að atburðurinn hefði fengið mjög á hann andlega.

Í niðurstöðu dómsins segir að þremenningarnir eigi sér engar málsbætur. **- sh**

Uppsögn Gunnars Andersen:

# Ráðherra skýri réttarstöðu

**STJÓRNSÝSLA Skúli Bjarnason, lögmaður Gunnars Anderson, forstjóra FME, hefur krafist þess að Oddný Harðardóttir, fjármálaráðherra, taki af allan vafa um hvort Gunnar og embætti hans falli undir lög um réttindi ríkisstarfsmanna. Vill Skúli skýrt hvort Gunnar njóti réttarverndar sem opinber starfsmaður.**

**Krafan kemur í kjölfar þess að stjórn FME sagði í bréfi að hún teldi embætti Gunnars ekki falla undir ákvæði þessara laga. Forstjórinn beri ábyrgð gagnvart stjórn FME og sé því ekki embættismaður í skilningi laganna.**

**Eins og kunnugt er hefur stjórn FME tilkynnt Gunnari að hún hyggist segja honum upp en Gunnar telur uppsögnina ólögmæta. - mþl**

## VESTURBYGGÐ

### 4,67 bæjarfulltrúar

Bæjarfulltrúi Samstöðu í Vesturbyggð hefur gert athugasemd við að tekin var á dagskrá bæjarráðs ósk eins bæjarfulltrúans á dögunum um að láta af störfum. Málið hafi verið tekið á dagskrá með afbrigðum fyrir atbeina fjögurra af sjö bæjarráðsmönnum. Samkvæmt samþykktum Vesturbyggðar þurfi hins vegar tveir þriðju hlutar bæjarráðsmanna að greiða atkvæði með því að mál séu tekin á dagskrá með afbrigðum. Það séu 4,67 bæjarfulltrúar en ekki aðeins fjórir.






Gáleysi og vanbúinn vagn áttu stóran þátt í banaslysi í Langadal í árslok 2010:

# Ákært fyrir manndráp af gáleysi

**LÖGREGLUMÁL** Gefin hefur verið ákæra á hendur tveimur mönnum fyrir manndráp af gáleysi og umferðarlagabrot vegna banaslyss sem varð að kvöldi 27. desember 2010. Þá rákust saman tveir vöruflutningabílar með tengivagna á Norðurlandsvegi í Húnavatnshreppi.

Ökumaður bílsins sem talinn er valdur að slysinu er ákærður og aðaleigandi fyrirtækisins sem gerði út bílinn er ákærður fyrir hlutdeild í brotinu.

Ökumaðurinn er sagður hafa ekið vöruflutningabifreiðinni norður Norðurlandsveg án nægilegrar aðgæslu, með vélavagn, sem hentaði ekki til flutninga á steinrörum sem á hann hafði verið hlaðið. Þá var vagninn sagður hafa verið bremsulítill eða bremsulaus, á mismunandi stórum dekkjum og með mismunandi loftþrýsting í hjólbörðum.

Farmurinn vó 12,1 tonn og náði 2,5 metra hæð. „En rörin höfðu verið sett þvert á vagninn, án lögboðinna klossa framan og aftan við farminn og engra klossa eða styttur til varnar hliðarskriði og farmurinn aðeins bundinn niður að hluta, en ástand vagnsins og háfermi hans skertu rásfestu hans, með þeim afleiðingum að vagninn fylgdi ekki bifreiðinni, heldur leitaði of mikið til vinstri yfir miðlínu vegarins,“ segir í ákærunni.

Þetta varð til þess að bíllinn rásaði í veg fyrir annan vöruflutningabíl. Bílstjóri þess bíls lést nær samstundis, þegar steinrör köstuðust inn í ökumannshús bílsins. **- óká**



**HJÓLBARÐAR** Misstór dekk með mismunandi þrýstingi áttu þátt í banaslysi í árslok 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# LEXUS CT 200h

## HLJÓÐLÁTA BYLTINGIN ER HAFIN

### FYRSTI HYBRID-FÓLKSBÍLLINN Í FLOKKI SMÆRRI LÚXUSBÍLA

Lexus CT 200h er einn skemmtilegasti bíll sem Lexus hefur framleitt; fyrsti hybrid-bíllinn í flokki smærri lúxusbíla, með gott viðbragð en jafnframt eyðslugrannur. Þetta er frábær bíll sem getur skipt um ham eftir því sem þú vilt, verið umhverfisvænn eða sportlegur. En aðalatriðið er hvað það er gaman að keyra hann.

Komdu og reynsluaktu.

Nýbýlavegi 2
Kópavogi
Sími 570 5400

**Kíktu á www.lexus.is**

LEXUS HYBRID DRIVE

LEXUS




**GENGIÐ 28.02.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,42 | 125,02 |
| Sterlingspund | 197,15 | 198,11 |
| Evra | 167,08 | 168,02 |
| Dönsk króna | 22,466 | 22,598 |
| Norsk króna | 22,294 | 22,426 |
| Sænsk króna | 18,929 | 19,039 |
| Japanskt jen | 1,5463 | 1,5553 |
| SDR | 193,31 | 194,47 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 228,9235

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nýr bæjarstjóri í Kópavogi segir samkomulag við forverann ávinning fyrir bæinn:

# Guðrún sparar bænum níu milljónir

**SVEITARSTJÓRNIR** Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir bæinn hagnast um níu milljónir króna með starfslokasamningi við forvera sinn, Guðrúnu Pálsdóttur.

Ólafur Þór Gunnarsson, fulltrúi Vinstri græns í bæjarráði, óskaði eftir greiningu á kostnaði vegna samkomulags sem nýr meirihluti í bæjarstjórn gerði við Guðrúnu um starfslok sem bæjarstjóri og tilfærslu hennar í starf sviðsstjóra. Í svari Ármanns segir að samkvæmt ráðningarsamningi Guðrúnar hafi hún átt rétt á tólf mánaða biðlaunum við starfslok. Frá 1. september næsta haust muni hún hins vegar hefja störf sem sviðsstjóri hjá bænum. Hún haldi óskertum bæjarstjóralaunum í tólf mánuði.

„Starfslokasamningurinn leiðir því ekki til aukins kostnaðar umfram ákvæði ráðningarsamnings en hins vegar kemur vinnuframlag frá 1. september sem nemur alls 9.014.483 krónum með launatengdum gjöldum. Það má því segja að ávinningur eða sparnaður Kópavogsbæjar nemi fyrrgreindri upphæð miðað við þann kostnað sem ráðningarsamningur hefði annars leitt af sér,“ segir í svari nýja bæjarstjórans. - gar



**GUÐRÚN PÁLSDÓTTIR** Fyrrverandi bæjarstjóri á rétt á tólf mánaða biðlaunum en hyggst taka við starfi sviðsstjóra frá 1. september.

Réttindakennurum fjölgar:

# Nær allir með kennsluréttindi

**MENNTAMÁL** Hlutfall kennara með réttindi hefur aldrei verið hærra en nú. Síðasta haust voru 95,5 prósent með kennsluréttindi, en á árunum 1998 til 2008 var hlutfallið á bilinu 80 til 87 prósent. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Hæst er hlutfallið á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, þar sem 97,5 prósent kennara hafa kennsluréttindi. Á Norðurlandi vestra, Austurlandi og Vestfjörðum hafa færri en 90 prósent kennara kennsluréttindi, en þeim hefur fjölgað ört á síðustu árum. - sv

Sýrlendingar gengu á dyr:

# Yfir hundrað drepnir daglega

**SÝRLAND, AP** Fulltrúar Sýrlands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna gengu út í fússi í gær, eftir að hafa sakað ráðið um stuðning við hryðjuverk.



**EILEEN CHAMBERLAIN DONAHUE**

„Allir sem heyrðu í fulltrúa Sýrlands ættu að sjá að ummæli hans jaðra við að vera ekki í tengslum við raunveruleikann,“ sagði Eileen Chamberlain Donahue, fulltrúi Bandaríkjanna í ráðinu.

Fram kom á fundinum að aðgerðir stjórnvalda gegn mótmælendum í Sýrlandi hafi kostað meira en 7.500 manns lífið undanfarið ár. Talið er að meira en hundrað almennir borgarar séu drepnir á degi hverjum. - gb

Samþykkt á ráðherrafundi:

# Serbía verður umsóknarríki

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Á fundi utanríkisráðherra Evrópusambandsríkjanna var í gær samþykkt að Serbía fái stöðu umsóknarríkis.

Leiðtogaráð ESB á þó eftir að staðfesta þessa niðurstöðu, en gerir það væntanlega á fundi sínum nú í vikunni.

Í desember síðastliðnum komu Þjóðverjar í veg fyrir að Serbía fengi stöðu umsóknarríkis vegna óleysts ágreinings um Kosovo, sem Serbar viðurkenna ekki sem sjálfstætt ríki.

Í síðustu viku tókust samningar um eftirlit Serbíu og Kosovo með sameiginlegum landamærum og að Kosovo fái eigin fulltrúa á alþjóðaráðstefnum. - gb

# Sakborningar tala í kross um Straumsvíkursmyglið

**Annar tveggja manna sem sæta ákæru fyrir stórfellt smygl á sterum og dópi sakar hinn um að hafa blekkt sig. Í sendingunni hafi bara átt að vera sterar. Hinn segist koma af fjöllum. Lögregla trúir hvorugum þeirra.**

**DÓMSMÁL** Geir Hlöðver Ericsson, meintur höfuðpaur í umfangsmiklu smygli á sterum og fíkniefnum sem uppgötvaðist í fyrrahaust, neitaði því alfarið fyrir dómi í gær að hafa komið nálægt smyglinu.

Sævar Sverrisson, sem fór til Hollands og lét koma efnunum fyrir í gámi, benti á móti á Geir sem skipuleggjandann og kvaðst hafa verið blekktur; Geir hafi sagt honum að í sendingunni yrðu einungis sterar.

Sendingin kom að landi í Straumsvík í október og innihélt sannarlega um tíu þúsund steraskammta, en jafnframt rétt tæp tíu kíló af amfetamíni og 8.100 e-töflur.

Geir skýrði linnulítil, nær dagleg samskipti sín um sérstakan síma við Sævar á þá leið að Sævar hefði stöðugt verið að rukka hann fyrir hálft kíló af amfetamíni. Það hafi Sævar komið með fyrirvaralaust á heimili Geirs í fyrrasumar og boðið honum til kaups, sem Geir hafi þegið. Hann hafi ekkert haft með smyglið til Straumsvíkur að gera.

Sævar kannast ekki við þessa sögu af amfetamíninu og segir hana ósanna, þótt hann hafi vissulega oft krafið Geir um peninga sem hann hafi skuldað honum vegna annarrar sterasmyglferðar frá Hollandi.

Sá sem útvegaði efnin í Hollandi og afhenti Sævari þau er Íslendingur sem starfar fyrir límósínufyrirtæki í Amsterdam. Hann er ekki ákærður í málinu.

Sævar segist hafa verið í fjölskyldufeðrð í Hollandi og nýtt hana til að taka við kassa frá Íslendingnum ytra. Kössunum hafi síðan fjölgað í þrjá og þá hafi hann fengið „nett sjokk“. „Ég treysti mér alls ekki til að opna þessa kassa,“ sagði Sævar, sem fullyrðir að hann hafi talið að í þeim væru aðeins sterar.

Þrátt fyrir að hvorki Geir né Sverrir vilji viðurkenna að hafa ætlað að flytja inn fíkniefni telja lögreglumenn sem komu fyrir réttinn að þeir hafi báðir haft vitund um innihald kassanna, þótt engin gögn staðfesti þá vitneskju Sævars. Sævar hafi að öðru leyti verið mjög samvinnuþýður við rannsóknina.

Við rannsókn stóra málsins komst lögreglan á snoðir um tvö smærri fíkniefnamál sem einnig tengjast Geir. Þriðji maðurinn, Sævar Þór Óskarsson, er ákærður í þeim málum ásamt Geir. Sævar Þór hlaut fyrir tíu árum tveggja ára fangelsisdóm fyrir að smygla tuttugu kílóum af hassi til landsins frá Hollandi.

Geir játar sök í öðru málinu, því sem snýr að amfetamíninu sem hann segir Sævar Sverrisson hafa útvegað sér. Sævar Þór neitar þar sök en gengst við því að hafa haft í fórum sínum 250 grömm af kókaíni í öðru máli. Í þeim lið neitar Geir sök. Tvennt til viðbótar er ákært í seinna málinu en neitar sök.

Málinu verður fram haldið á föstudag. stigur@frettabladid.is



**ÓSAMMÁLA** Samræmið í framburði sakborninga var ekki alltaf eins og best verður á kosið. Hér sést Geir Hlöðver rýna í málsskjöl en Sævar Sverrisson og Kristján Kröyer hylja andlit sín. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**8.100**

e-töflur, tæp tíu kíló af amfetamíni og tíu þúsund steraskammtar voru í sendingunni sem kom að landi í Straumsvík.

## Tengdasonurinn breytti framburði sínum

Kristján B. Kröyer Þorsteinsson, fyrrverandi Íslandsmeistari í hreysti, sem ákærður er fyrir aðild að sterasmyglinu, lýsti því yfir við upphaf aðalmeðferðarinnar í gær að hann vildi breyta afstöðu sinni til ákæruefnisins. Kristján hafði áður lýst sig saklausan en sagðist nú sekur af því að hafa látið Íslendingnum í Hollandi sterana í té og beðið um að þeim yrði komið til Íslands.

Hann tók skýrt fram að Geir Hlöðver hefði ekkert haft með málið að gera, en fram kom að Kristján er tengdasonur Geirs. Þetta er í ósamræmi við framburð Kristjáns hjá lögreglu, en Kristján bar fyrir dómi í gær að lögreglan hefði spurt hann leiðandi spurninga.

Kristján sagði sterana sem hann lét smygla, um átta hundruð skammta, að mestu ætlaða til einkanota. „Ég nota gríðarlega mikið af þessu,“ sagði hann.


Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:

**Tölvunám fyrir 50+**

Þægilegt og skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu. Hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður.

Tölvugrunnur, Windows, Internetið og tölvupóstur, ritvinnsla með Word, alls konar útreikningar með Excel, stafræn ljósmyndun og vinnsla ljósmynda í tölvu. Alvörunám í alls 72 stundir.

Frábærir og þolinmóðir kennarar

Dagnámskeið hefst 5. mars (13:00-16:00)
Kvöldnámskeið hefst 2. apríl (18:30-21:30)

Verð aðeins 69.900 (Styttri útgáfa á kr: 39.900)

**Tölvunám TV til betri verka**

– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

43.000 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**SKÚRIR EÐA ÉL** verða um landið vestanvert í dag en nokkuð bjart austan til. Á morgun má búast við éljagangi vestanlands, enda kólnar heldur í veðri, en áfram nokkuð björtu norðaustan til. Á föstudag hlýnar á ný með hvassri sunnanátt og rigningu síðdegis.




**Á MORGUN** Sums staðar strekkingur með ströndum annars hægari.

**FÖSTUDAGUR** Hvasst V-lands en annars heldur hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 15° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 6° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 3° |
| París | 15° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Snorri Snorrason snorris@365.is **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson benediktj@365.is, Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Ívar Hansen ivarorn@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Guðmundsdóttir sigrunh@365.is **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is




Chevrolet Captiva er áberandi glæsilegur og ekkert sem stöðvar vinsældir hans hjá Íslendingum.
Það er því engin tilviljun að Captiva var einn söluhæsti sportjeppi síðasta árs.
Fólk veit að Captiva er hlaðinn staðalbúnaði og býr yfir afburða togkrafti.
Hann er þrælfallegur og á frábæru verði.

**Komdu í reynsluakstur og kynntu þér hvað sölumenn okkar eru tilbúnir að gera fyrir þig.**

bílasamningur ergo




Happdrætti og leiðarvísir um hagkvæmustu bílakaupin í dag.
Komdu í Kringluna eða í sýningarsal Chevrolet og fáðu þér eintak!

**Taktu þátt í Captiva "söngleiknum" á www.facebook.com/bilabudbenna**

## CAPTIVA LT · 2,2l · dísel · sjsk · kr. 6.590 þús.

CAPTIVA kemur vel útbúinn staðalbúnaði. sjá benni.is

Allir CAPTIVA eru með sæti fyrir 7.

**Eigum Captiva til afgreiðslu strax !**

Bíll á mynd: Captiva LTZ.

SOS BARNAÞORPIN ÍSLAND Bílabúð Benna
SAMSTARF TIL GÓÐRA VERKA
WWW.SOS.IS - WWW.BENNI.IS

**benni.is**

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000
Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636

EURO NCAP FOR SAFER CARS www.euroncap.com TEST 2011

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú raunhæft að afnema verðtryggingu án annarra kerfisbreytinga á hagkerfinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 64,1% |
| Nei | 35,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Líst þér vel á hugmyndir fyrirtækisins Triumvirate Environmental um að flytja sorp frá Bandaríkjunum til eyðingar á Íslandi?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Lögreglan segir íkveikju í Hafnarfirði rannsakaða með hliðsjón af því að íbúar hússins eru tengdir Outlaws:

# Tveir menn sáust forða sér frá húsinu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan rannsakar nú tilraun til íkveikju í Hafnarfirði á mánudag þar sem eldsprengju var kastað á íbúðarhús tveggja meðlima vélhjólagengisins Outlaws. Vitni sá tvo menn forða sér af vettvangi í kjölfar atviksins.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar, segir enga hafa verið yfirheyrða eða handtekna vegna málsins.

„Þetta er litið alvarlegum augum og hefði getað skapað almannahættu ef kviknað hefði í,“ segir hann. „Öllum möguleikum er haldið opnum, allt verður kannað og allt rannsakað sem hægt er að rannsaka.“

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar, segir rannsóknina byggjast að vissu leyti á því að íbúar hússins séu meðlimir í vélhjólagengi.

„Við erum að reyna að átta okkur á því hvers vegna þessi atburðarás átti sér stað,“ segir hann. „Eðlilega lítum við til þeirra manna sem þarna búa og þeirra sem standa að baki.“

Þessi tegund sprengju er oft kölluð Molotov-kokteill – glerflaska er fyllt með eldfimum vökva og henni lokað með klúti vættum í vökvanum.

Húsið skemmdist ekki mikið í brunanum, en lögreglumaður á frívakt átti leið hjá stuttu eftir að kviknaði í og náði að slökkva eldinn. Enginn var í húsinu þegar sprengjunni var kastað, en lögreglan er búin að taka skýrslu af íbúunum. **- sv**



**ELDSPRENGJU KASTAÐ Í HÚSIÐ** Íbúar hússins við Hverfisgötu í Hafnarfirði eru meðlimir í vélhjólagenginu Outlaws og rannsakar lögreglan nú málið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tyrkir fagna úrskurði:

## Frönsku lögin stjórnlagabrot

**FRAKKLAND, AP** Stjórnlagadómstóll Frakklands kvað í gær upp þann úrskurð að lög, sem franska þingið setti í desember, stangist á við frönsku stjórnarskrána.



**NICOLAS SARKOZY**

Lögin banna fólki að neita því að fjöldamorð Tyrkja á Armenum fyrir nærri öld hafi verið þjóðarmorð.

Tyrkir brugðust ókvæða við lagasetningunni. Þeir viðurkenna að fjöldamorð hafi átt sér stað en neita því að um skipulegt þjóðarmorð hafi verið að ræða.

Niðurstaðan er áfall fyrir Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta, sem studdi lögin eindregið. **- gb**

Hópnauðgun í Reykjavík:

## Lagði formlega fram nauðgunarkæru í gær

**LÖGREGLUMÁL Lögregla fór í gær yfir upptökur eftirlitsmyndavéla í miðbæ Reykjavíkur vegna rannsóknar á árás á 16 ára stúlku um síðustu helgi. Stúlkan lagði fram formlega kæru vegna nauðgunar á hendur nokkrum mönnum í gær.**

**„Fyrir liggur að þátttakendur í þessu eru fleiri en einn, en hvort þeir séu allir gerendur er óljóst,“ sagði Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.**

**Áður hefur komið fram að stúlkan kvaðst hafa verið að skemmta sér með vinkonum sínum þegar að henni hafi veist hópur manna. Einn nauðgaði henni svo í húsasundi meðan hinir stóðu hjá. - óká**

# Segir málið pólitískt og að vísa eigi því frá

**Meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar vill vísa frá tillögu um afturköllun ákæru á hendur Geir H. Haarde. Ella eigi að fella málið. Minnihluti nefndarinnar vill láta reyna á hvort nýr meirihluti sé nú á þingi fyrir að afturkalla ákæru.**

**ALÞINGI** Þingmenn stjórnarflokkanna og Hreyfingarinnar í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd leggja til að tillögu Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, um afturköllun ákæru á hendur Geir H. Haarde, verði vísað frá.

Valgerður H. Bjarnadóttir, formaður nefndarinnar, segir að þrátt fyrir að hægt sé að færa rök fyrir því að Alþingi megi taka tillöguna á dagskrá, þýði það alls ekki að Alþingi eigi að gera það.

„Við teljum að þingið eigi ekki að fara inn í málið. Þá væri það að skipta sér af sakamáli og málið yrði í eðli sínu pólitískt. Þess vegna viljum við að því verði vísað frá.“ Varatillaga meirihlutans er að tillaga Bjarna verði felld.

Birgir Ármannsson segir að þau Ólöf Nordal, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, muni standa saman að nefndaráliti. Hann segir út af fyrir sig ánægjuefni að meirihlutinn skuli hafa tekið málið úr nefndinni, um tíma hafi ekki verið útlit fyrir það. Það sé fagnaðarefni að málið komi aftur á dagskrá þingsins. Sjálfstæðismenn séu hins vegar ósammála efnislegri afstöðu meirihlutans.

„Við teljum í fyrsta lagi að þingið hafi heimild til að afturkalla ákæruna og auk þess teljum við rök fyrir því að það sé gert, eins og upphaflega tillagan um afturköllun byggir á. Við vísum til þess að ákæruvaldið er í höndum þingsins og þingmenn þurfi þannig, hver fyrir sig, að taka afstöðu til þessa máls á málefnalegum forsendum.“

Birgir segir sjálfstæðismenn einfaldlega vilja láta reyna á hvort sú staða sé uppi að meirihluti þingsins sé annar nú en þegar ákæran var samþykkt í september 2010.

Valgerður segir efnisatriði varðandi það hvort eigi að fella ákæruna niður felast í lögum um meðferð sakamála. „Þar eru skilyrði þess að vísa máli frá tíunduð. Ekkert af þeim á við í þessu máli.“

Hún segir að ef slík efnisatriði væru fyrir hendi væri það saksóknara að beina því til Alþingis að taka málið upp. Það hafi hann ekki gert, þvert á móti hafi hann sagt að engar forsendur séu fyrir slíku.

**kolbeinn@frettabladid.is**



**SAKSÓKNARI** Sigríður J. Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, sagði á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í janúar að ekkert hefði komið efnislega fram sem réttlætti afturköllun ákæru. Alþingi hefiði þó skýran rétt til þess. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Ákvæði um niðurfellingu

Samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, sem Valgerður vitnar í, má fella niður málsókn þegar svo stendur á sem hér segir:

a. ef brot er smávægilegt eða fyrirsjáanlegt er að umfang málsins verði í verulegu ósamræmi við þá refsingu sem vænta má,
b. ef sakborningur og brotaþoli hafa komist að samkomulagi og sakborningur hefur efnt það fyrir sitt leyti,
c. ef sakborningur virðist vera ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum,
d. ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulega miklum þjáningum eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því að fallið sé frá saksókn, enda verði að telja að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.



**LOKUN MÓTMÆLT** Forstjóri Íslandspósts fundaði með fulltrúum íbúasamtaka í Breiðholti í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íbúar í Breiðholti mótmæla:

## Ætla að kæra lokun útibúsins

**VIÐSKIPTI Kæra á til áfrýjunarnefndar fjarskipta- og póstmála heimild Íslandspósts til að loka afgreiðslustöð fyrirtækisins í Mjódd. Að sögn Kjartans Magnússonar borgarfulltrúa standa að kærunni sjálfstæðisfélögin í Breiðholti og íbúasamtökin Betra Breiðholt.**

**Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, fundaði með Kjartani, formanni Betra Breiðholts og formönnum sjálfstæðisfélaganna vegna málsins í gær og var upplýstur um andstöðu við fyrirætlan fyrirtækisins. - óká**

Forsetaefni sósíalista:

## Vill ofurskatt á hæstu tekjur

**FRAKKLAND, AP** Francois Hollande, frambjóðandi Sósíalistaflokksins í forsetakosningunum í næsta mánuði, vill leggja 75 prósenta skatt á þá sem hafa árstekjur yfir einni milljón evra, en sú upphæð samsvarar þessa stundina nærri 168 milljónum króna.

Til rökstuðnings máli sínu segir hann: „Það er ekki hægt að vera með svona háar tekjur.“

Hollande etur kappi við Nicolas Sarkozy forseta í kosningum 22. apríl. Seinni umferð verður svo haldin 6. maí milli þeirra tveggja frambjóðenda sem flest atkvæði fá, fari svo að enginn hljóti meira en helming atkvæða. **- gb**




Ný námskeið hjá PROMENNT




# NÁMSKEIÐ Í GRAFÍSKRI HÖNNUN, VEFSÍÐUGERÐ O.FL.

**Promennt býður upp á vönduð námskeið í grafískri hönnun, myndvinnslu og vefsíðugerð fyrir byrjendur sem lengra komna. Kennd verða bæði lengri námskeið í hönnun og styttri námskeið í stökum forritum.**

## GRAFÍSK HÖNNUN

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag: **Photoshop, Illustrator** og **InDesign.**
Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum í Acrobat Distiller (PDF) og hanna auglýsingar fyrir dagblöð, tímarit og bæklinga.

Námskeið hefst: **10. apríl**
Lengd: **105 kennslustundir,**
**þri. og fim. kl. 18:00–21:30 og 6x lau. kl. 9–12:30**
Verð: **139.000 kr.**

## STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR OG PICASA

Þátttakendur nota eigin myndavél og læra notkun og stillingu hennar ásamt meðferð stafrænna ljósmynda í tölvu. M.a. færa myndir úr myndavél í tölvu, flokkun, einfaldar lagfæringar, prentun og sendingar mynda í tölvupósti. Kennslubók á íslensku innifalin í námskeiðsgjaldi.

Námskeið hefst: **5. mars**
Lengd: **18 kennslustundir**
Verð: **19.900 kr.**

## VEFSÍÐUGERÐ – GRUNNNÁMSKEIÐ

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndanotkun. Námskeiðið er tvískipt og er kennt á algengustu forritin sem notuð eru til vefsmíða og myndvinnslu fyrir vefinn, **Photoshop** og **Dreamweaver.**

Námskeið hefst: **11. apríl**
Lengd: **47 kennslustundir**
Verð: **59.900 kr.**

## VEFSÍÐUGERÐ – FRAMHALDSNÁMSKEIÐ

Námskeið ætlað nemendum sem vilja bæta við kunnáttu sína í gerð faglegra vefsvæða og læra betur á Dreamweaver ásamt því að setja inn vefborða og hreyfimyndir. Hentar einnig þeim sem hafa hug á að starfa við heimasíðugerð eða vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Farið verður yfir **Dreamweaver** (frh.), **Flash**, **HTML** og **CSS**.

Námskeið hefst: **12. mars**
Lengd: **42 kennslustundir**
Verð: **54.000 kr.**

## WORDPRESS – VEFURINN MINN

Þátttakendur setja upp eiginn vef frá grunni og fá kennslu og aðstoð við uppsetningu á vefumsjónarkerfi.

Námskeið hefst: **5. mars**
Lengd: **26 kennslustundir**
Verð: **32.000 kr.**

## STÖK NÁMSKEIÐ Í MARS OG APRÍL

| | Hefst | Lengd | Verð |
|---|---|---|---|
| InDesign | 22. maí | 31 std. | 49.000.- |
| Dreamweaver | 25. apríl | 26 std. | 29.900.- |
| Dreamweaver frh. | 26. mars | 21 std. | 27.000.- |
| Photoshop | 11. apríl | 21 std. | 29.900.- |
| Photoshop 2 | 10. apríl | 36 std. | 49.000.- |
| Illustrator | 28. apríl | 31 std. | 49.000.- |
| Flash | 22. maí | 31 std. | 49.000.- |

PIPAR\TBWA • SÍA • 120381

FJARKENNSLA Í BEINNI

**HVAR SKRÁI ÉG MIG?**
Skráningar fara fram á vefnum okkar **www.promennt.is**
og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

PROMENNT
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • www.promennt.is

**www.promennt.is**




Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum þann 13. mars í 7 eða 15 nætur á frábæru tilboði á Tisalaya Park, sem eru góð smáhýsi á Maspalomas svæðinu og hinu vinsæla Beverly Park. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað á ótrúlegum kjörum.

Verð kr. 69.900
flugsæti 13. mars og til baka 28. mars

Tisalaya Park – Frá kr. 99.600 í 15 nætur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í smáhýsi með einu svefnherbergi. Netverð m.v. 2 fullorðna í smáhýsi kr. 119.800 á mann.

Beverly Park – Frá kr.107.400 – allt innifalið í 7 nætur
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 124.700 á mann.
Aukagjald fyrir allt innifalið kr. 10.300 á mann m.v. 2 fullorðna og eitt barn.
Aukagjald fyrir allt innifalið kr. 15.200 m.v. 2 fullorðna.



Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is



www.meiraprof.is

Course in English

for Icelandic Commercial driving licence (C and CE)

Duration 5 March to March 29



NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

**Hours:** Monday, Tuesday, Wednesday, Friday, 17:30 – 21:50
**Registration@** : rektorinn@gmail.com
Please send your full name, ID-no and mobile number




Synja ósk Vinnumálastofnunar vegna atvinnulausra:

# Fá ekki frítt í sund

**SVEITARSTJÓRNIR** Atvinnulausir munu ekki fá frítt í sund á kostnað Rangárþings ytra eins og Vinnumálastofnun á Suðurlandi óskar eftir við sveitarfélög á svæðinu.

„Þar sem lægstu laun í samfélaginu eru svipuð og atvinnuleysisbætur sér hreppsráð ekki fært að veita gjaldfrjálsan aðgang að sundlaugum fyrir einn hóp umfram annan,“ segir sveitarstjórnin sem kveður hins vegar nauðsynlegt að hjálpa atvinnulausu fólki að leita sér að vinnu. „Hreyfing er öllum holl, sama hvort það á við um fólk í föstu starfi eða atvinnulausa og bendir hreppsráð Vinnumálastofnun á að snúa sér til velferðarráðuneytisins með erindið.“ **- gar**



**HELLA** Atvinnulausir ekki teknir fram yfir þá sem lægstu launin hafa.



**KALKA** Stöðin var opnuð árið 2004 en rekstur hennar hefur ekki gengið sem skyldi. Mikill fjármagnskostnaður vegna byggingar hennar hefur leitt til þess að eigið fé eigendafélagsins var neikvætt um 555 milljónir króna í lok árs 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Setja skilyrði fyrir kaupum

**Í viljayfirlýsingu milli Triumvirate og eigenda sorpeyðingarstöðvar í Helguvík eru lögð fram fjölmörg skilyrði, meðal annars um mögulega stækkun. Fyrirtækið tekur ekki yfir umhverfisskuldbindingar.**

**VIÐSKIPTI** Bandaríska sorpeyðingarfyrirtækið Triumvirate setur fram ýmis skilyrði sem þarf að uppfylla til að kauptilboð þess í sorpeyðingarstöðina Kölku í Helguvík gangi eftir.

Á meðal þess sem Triumvirate fer fram á er að öll leyfi til að halda úti þeim rekstri sem fyrirtækið ætlar sér séu til staðar og að fyrir liggi vilji Reykjanesbæjar sem lóðareiganda til að heimila stækkun á verksmiðjunni. Þetta kemur fram í viljayfirlýsingu um kaup Triumvirate á Sorpeyðingarstöð Suðurnesja (SS), sem á og rekur Kölku. Fréttablaðið, sem greindi frá áformum fyrirtækisins í gær, hefur viljayfirlýsinguna undir höndum.

Tilboð Triumvirate er upp á tíu milljónir dala, eða um 1,25 milljarða króna. Upphaflega gilti tilboðið til 29. febrúar, dagsins í dag, en það var framlengt um nokkra daga svo að eigendur Kölku gætu tekið afstöðu til málsins. Stöðin er í eigu Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Sandgerðis, Garðs og Voga.

Í samantekt úr viljayfirlýsingunni, sem KPMG vann, kemur fram að við frágang kaupsamnings muni Triumvirate taka yfir allar viðskiptaskuldir, áfallnar skuldir og skuldbindingar sorpeyðingarstöðvarinnar. Fyrirtækið mun einnig taka yfir, kjósi það svo, langtímaskuldir stöðvarinnar.

Triumvirate getur valið hvort fyrirtækið greiðir fyrir kaupin með peningum eða með yfirtöku á langtímaskuldum, en SS skuldaði tæplega 1,3 milljarða króna í lok árs 2010 samkvæmt síðasta birta ársreikningi félagsins. Skuldir félagsins voru lækkaðar um 163 milljónir í fyrra. Því er ljóst að núverandi eigendur SS, sveitarfélögin á Suðurnesjum, munu fá lítið eða ekkert á milli í viðskiptunum. Þeim býðst þó að halda eftir eignarhlut að lágmarki 10% en að hámarki 33% ef vilji er fyrir því, en kaupverðið myndi lækka í takt við þann eignarhlut. Í yfirlýsingunni er skýrt tekið fram að kaupandinn muni „ekki taka yfir aðrar þær skuldbindingar sem á rekstrinum geta hvílt, s.s. skattskuldbindingar, umhverfisskuldbindingar og ábyrgðarskuldbindingar“.

Á meðal þeirra skilyrða sem Triumvirate setur fyrir kaupunum er að fyrir þurfi að liggja allar upplýsingar „um leyfilegt umfang rekstursins og möguleika til stækkunar, séu þeir fyrir hendi“ auk þess sem fyrir þarf að liggja „vilji Reykjanesbæjar til að heimila stækkun á verksmiðjunni, þ.m.t. stækkun leigulóða ef þörf er á“.

Endanlegt kaupverð og greiðslumáti er háð niðurstöðu áreiðanleikakönnunnar á fjárhagslegum, rekstrarlegum og lagalegum þáttum SS, úttekt á framleiðslustöðinni sjálfri, að fyrir liggi öll leyfi til að Triumvirate geti haldið úti þeirri starfsemi sem það ætlar sér, að fyrir liggi upplýsingar um förgun ösku og að ásættanlegir samningar séu til staðar við sveitarfélög um áframhaldandi vinnslu á sorpi frá þeim. **thordur@frettabladid.is**

## Ætla að flytja inn úrgang

Gangi kaupin eftir ætlar Triumvirate, sem er með starfsemi í Bandaríkjunum og Kanada, að flytja úrgang frá Norður-Ameríku til Íslands og brenna í sorpeyðingarstöðinni Kölku, sem er staðsett í Helguvík. Í viljayfirlýsingunni er ekki tiltekið hvers konar úrgang fyrirtækið áætlar að flytja til Íslands en það sérhæfir sig meðal annars í förgun á allskyns iðnaðar-, heilbrigðisþjónustu- og líftækniúrgangi. Þar segir einungis að um viðbótarúrgang (e. additional waste materials) verði að ræða.




Ljósmynd: Ólöf Vala Sigurðardóttir

# FENGU DRAUMASTARFIÐ
# AÐ LOKNU TÆKNINÁMI HJÁ NTV!

## Vertu klár fyrir haustið - Síðustu tækninámskeiðin á vorönn!

### Kerfisstjóri - 365 stundir (2 annir) - Verð: 515.000
Nám fyrir þá sem vilja vinna sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, bilanagreiningu og viðgerðum á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa. Þrjú alþjóðleg próf eru innifalin í verði námsins. (Nánari lýsing á ntv.is)

- **Morgunnámskeið byrjar 13. mars – Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 14. mars.**

### Fornám í forritun - 108 stundir - Verð: 149.000
Markmið þessa námskeiðs er að nemendur læri undirstöðuatriði forritunar og er það jafnframt undirbúningur fyrir Diplomanám í forritun. (Nánar á ntv.is)

- **Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 26. mars..**

### Tölvuviðgerðir - 72 stundir - Verð: 119.000
Nám fyrir þá sem vilja starfa á viðgerðasviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið geta nemendur uppfært, bilanagreint og gert við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. (Nánari lýsing á ntv.is)

- **Morgunnámskeið byrjar 13. mars – Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 14. mars.**

### MCTS og Network+ - 108 stundir - Verð: 153.000
Nemendur öðlast færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig víðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvukerfa. (Nánari lýsing á ntv.is)

- **Morgunnámskeið byrjar 17. apríl, Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 23. apríl.**

### CCNA (Cisco Certified Network Associate) - 85 stundir - Verð: 289.000
CCNA gráðan er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á. Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeiðið fyrir þig. (Nánari lýsing á ntv.is)

- **Kvöldnámskeið byrjar 6. mars.**

### Exchange Server 2010 - 58 stundir - Verð: 99.000
Markvisst nám í uppsetningu og rekstri á Exchange 2010 póstþjónum.

- **Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 30. apríl.**

Atvinnulausir fá 25% afslátt
af auglýstu staðgreiðsluverði.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 - KÓPAVOGI - SÍMI 544 4500 - WWW.NTV.IS



**GRJÓTKASTI SVARAÐ** Palestínufáninn blaktir í tré fyrir ofan ísraelska hermenn í átökum við palestínska grjótkastara á Vesturbakkanum. NORDICPHOTOS/AFP

Wikileaks birtir milljónir tölvupósta bandaríska greiningarfyrirtækisins Stratfor:

# Njósnastarf einkafyrirtækis opinberað

**BRETLAND, AP** Uppljóstrunarsíðan Wikileaks hefur birt skjöl frá bandaríska greiningarfyrirtækinu Stratfor, sem safnar saman upplýsingum um alþjóðamál og selur viðskiptavinum sínum samantektir.

Alls eru það meira en fimm milljónir tölvupósta, sem Wikileaks hefur nú hafið birtingu á. Við fyrstu skoðun á skjölunum koma reyndar einkum í ljós ýmis ummæli sem varla geta talist mikið meira en vandræðaleg.

Julian Assange, stofnandi Wikileaks, sakar Stratfor hins vegar um harla alvarleg brot, svo sem að stunda njósnir um starfsemi aðgerðarsinna fyrir hönd stórfyrirtækja. Vísbending um slíkt er spurning frá einum framkvæmdastjóra gosdrykkjaframleiðandans Coca Cola: „Í hve miklum mæli munu stuðningsmenn PETA í Bandaríkjunum ferðast til Kanada til stuðnings aðgerðarsinnum?“

Assange segir skjölin einnig sýna að fyrirtækið hafi sent heimildarmönnum sínum fé í gegnum aflands-skattaskjól og jafnvel notað upplýsingar, sem aflað hefur verið í trúnaði, til eigin fjárfestinga.

„Við höfum fundið fyrirtæki sem er Enron einkaleyniþjónustugeirans,“ segir Assange, og vísar þar til orkufyrirtækisins Enron sem féll með látum árið 2001 þegar bókhaldsbrellurnar dugðu ekki lengur til.

Stratfor hafnar öllum slíkum ásökunum. Í yfirlýsingu segir að fyrirtækið gæti þess að fara að ströngustu kröfum fagsins. - gb




**JULIAN ASSANGE** Kynnti nýjustu uppljóstranir Wikileaks á blaðamannafundi í London á mánudag. NORDICPHOTOS/AFP


Mikið mál?



ÓKEYPIS SÝNISHORN

Prófaðu SagaPro

Ef tíð þvaglát eru mikið mál fyrir þig ættir þú að nota tækifærið og ná í ókeypis sýnishorn af **SagaPro**.

Klipptu út auglýsinguna, komdu með hana í Lyfjaver 1.-4. mars og þú færð 20 daga sýnishorn af **SagaPro**.




SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

LYFJAVER




**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON Á FUNDI Í HÖFUÐSTÖÐVUM ESB** Í skriflegu svari utanríkisráðherra við fyrirspurn á Alþingi kemur fram að myntsláttuhagnaður Seðlabankans gæti aukist um 2,8 milljarða á ári með evruaðild landsins. NORDICPHOTOS/AFP

# Kostnaðurinn miklu minni með evrunni

**Árlegur vaxtakostnaður Seðlabankans af gjaldeyrisvaraforða nemur nú 33 milljörðum króna. Kostnaður við evruforða yrði 1,8 til 2,2 milljarðar króna.**

**UTANRÍKISMÁL** Kostnaður við gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands nam í fyrra 33 milljörðum króna. Þetta kemur fram í skriflegu svari Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra á Alþingi við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar, þingmanns Framsóknarflokks, um kostnað við Evrópusambandsaðild.

Gangi spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um efnahagsframvindu hér á landi eftir, fer vaxtakostnaður Seðlabankans vegna gjaldeyrisforðans minnkandi næstu ár og ætti, samkvæmt svari utanríkisráðherra, að enda í um 8 milljörðum króna á ári fyrir árið 2016. Reynslan sýni hins vegar að ríki sem taka upp evruna hafi getað minnkað gjaldeyrisforða sinn verulega og látið nægja að halda úti eigin gjaldeyrisforða sem nemur milli fjórum og fimm prósentum af landsframleiðslu. „Gjaldeyrisforði Íslands sem næmi um 4 til 5 prósentum af landsframleiðslu ársins 2010 væri því um 61 til 77 milljarðar króna. Áætlaður vaxtakostnaður af gjaldeyrisforða af þessari stærð næmi um 1,8 til 2,3 milljörðum króna á ári, miðað við 3 prósenta vexti,“ segir í svarinu. Árlegur sparnaður í vaxtakostnaði gæti því numið nálægt sex milljörðum króna á ári þegar fram í sækir.



**SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON**

Við upptöku evru þarf hins vegar að leggja fram stofnfé í Seðlabanka Evrópu. Kæmi til aðildar Íslands að Evrópusambandinu, kemur fram í svarinu við fyrirspurn Sigurðar Inga, að einskiptisframlag Íslands til Seðlabanka Evrópu í formi stofnfjár og gjaldeyrisforða yrði 64,5 milljónir evra, eða sem nemur 10,3 milljörðum króna. Sé tekinn inn í myndina vaxtakostnaður við gjaldeyrisforða á fyrsta ári evruupptöku yrði upphæðin því nálægt 12,5 milljörðum króna, eða 20 milljörðum lægri en nemur vaxtakostnaði Seðlabankans við gjaldeyrisforða landsins í fyrra.

> **33** milljarðar íslenskra króna er kostnaður Seðlabanka Íslands vegna gjaldeyrisforðans.

Eins kemur fram í svarinu að með evruaðild fengi Seðlabankinn hlutdeild í myntsláttuhagnaði Seðlabanka Evrópu. „Miðað við tölur áranna 2003 til 2011 hefði hlutdeild Seðlabankans í þeim hagnaði orðið að meðaltali um 6,5 milljarðar króna á ári,“ segir í svarinu og bent á að myntsláttuhagnaður Seðlabankans myndi því aukast um 2,8 milljarða króna á ári.

Í ítarlegu svari utanríkisráðherra við fyrirspurninni er farið yfir margvíslegan kostnað og efnahagslegan ávinning af mögulegri inngöngu Íslands í Evrópusambandið og við upptöku evru. Um leið er bent á að með aðild falli niður margvíslegur kostnaður vegna aðildar Íslands að EFTA og reksturs EES-samningsins.

**olikr@frettabladid.is**


Fíton/SÍA

Allsherjar-atkvæðagreiðsla

Rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs sjö sæta í stjórn VR, skv. 20. gr. laga félagsins, hefst kl. 09:00 þann 1. mars 2012 og lýkur kl. 12:00 á hádegi þann 9. mars 2012.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á **www.vr.is** eða með því að hringja á skrifstofu félagsins í síma 510 1700.

**Kjörstjórn VR**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti

VR

## NÝTT FRÁ MJÓLKURSAMSÖLUNNI




# D-VÍTAMÍNBÆTT LÉTTMJÓLK

Stóran hluta ársins fá Íslendingar ekki nægilegt D-vítamín. Þess vegna fæst nú D-vítamínbætt léttmjólk. Í einu glasi er einn þriðji af ráðlögðum dagskammti. D-vítamín er nauðsynlegt fyrir vöxt og þroska beina og hjálpar okkur að takast á við daginn með bros á vör.

Í nýlegri rannsókn á mataræði 15 ára unglinga á vegum Rannsóknastofu í næringarfræði við HÍ og Landspítala kemur í ljós að innan við 5% stúlkna nær ráðlögðum dagskammti af D-vítamíni og innan við 10% drengja. Þegar litið er til þess að á yngri árum er beinmyndun í hámarki og þörf fyrir D-vítamín sérstaklega mikil þá er ljóst að bregðast þarf við.

**D-vítamínbætt léttmjólk - eins og hollur sólargeisli** :-D

MJÓLKURSAMSALAN

ENNEMM / SÍA / NM50727

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Allt of mörg börn í heiminum búa við allt of bágan kost:

## Eitt af stóru verkefnum mannkyns

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, birti í gær skýrslu sína um hag barna í heiminum. Að þessu sinni er sjónum sérstaklega beint að fátækum börnum í borgum en meira en milljarður barna á nú heima í stórborgum og þeim fer fjölgandi sem búa í fátækrahverfum borga. Talið er að innan fárra ára muni meirihluti barna í heiminum alast upp í þéttbýli.

Borgir bjóða upp á mörg tækifæri en einnig gríðarlegan ójöfnuð. Þannig búa hundruð milljóna barna í borgum víðsvegar í heiminum án aðgangs að hreinu vatni og salernisaðstöðu. Þau hafa ekki heldur aðgang að heilsugæslu eða nokkurri annarri grunnþjónustu. Mörg þessara barna hafa ekki aðgang að neins konar menntun og þurfa að vinna erfiðisvinnu til að draga fram lífið. Heimili þessara barna geta verið til dæmis við sorphauga eða í nágrenni lestarteina.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Skýrsla Unicef flytur sem betur fer ekki aðeins slæmar fréttir. Í henni kemur til dæmis fram að verulega hefur dregið úr barnadauða í heiminum. Ástæðan er meðal annars auknar bólusetningar og vítamíngjöf.

Í skýrslu Unicef eru yfirvöld um allan heim hvött til að bæta aðgengi barna að grunnþjónustu og forgangsraða þörfum þeirra í skipulagi borga.

Alþjóðlegt hjálparstarf beinist að miklu leyti að börnum. Auk þess að næra fátæk börn og sjá þeim fyrir einhverri heilbrigðisþjónustu hefur sjónum verið beint að menntun barna, ekki síst stúlkubarna því þær eru enn ólíklegri en drengir til að eiga kost á menntun. Bent hefur verið á að með hverju ári sem bætist við skólagöngu stúlkna minnki fæðingartíðni um 10 prósent og að börn sem eiga læsar mæður séu helmingi líklegri til að ná fimm ára aldri en börn ólæsra mæðra.

Það er meðal stærstu sameiginlegra verkefna mannkynsins að stuðla að því að draga úr neyð barna í heiminum, að sem flestum börnum standi til boða að lifa mannsæmandi lífi og geta horft björtum augum til framtíðar sinnar.

Margoft hefur verið bent á að framlag Íslands til þróunarsamstarfs sé smánarlegt. Þar erum við ekki einu sinni hálfdrættingar á við nágrannaþjóðirnar. Hér er hins vegar sú sérstaka staða uppi að framlög einstaklinga til margháttaðs hjálparstarfs í þróunarlöndum eru nánast á pari við framlag hins opinbera til þróunarsamvinnu.

Aflögufærum Íslendingum bjóðast fjöldamargar leiðir til að styðja við börn sem búa við bágan kost. Hægt er að gerast styrktarforeldri einstaks barns í gegnum mörg íslensk hjálparsamtök og einnig styðja við margháttuð verkefni sem tengjast börnum sem eru hjálparþurfi, ýmist með reglulegum framlögum eða tilfallandi. Lítið framlag héðan af Íslandi getur skipt sköpum um möguleika barns, til dæmis í Afríku, til að búa sér mannsæmandi framtíð.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Barnsmissir**
**að missa snaran þátt af sjálfum sér**

Sr. Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur á Landspítalanum fjallar um barnsmissi á fræðslukvöldi Nýrrar dögunar í safnaðarheimili Háteigskirkju, fimmtudagskvöldið 1. mars kl. 20:30. Húsið opnar kl 19:00, fólk getur komið, spjallað og fengið kaffi.

Allir velkomnir.

Í kjölfar fyrirlestrarins fer af stað stuðningshópur fyrir foreldra sem hafa misst barn.

**Dagskrá á vormisseri 2012**
**12. apríl Áfall** – hvað byggir upp aftur
Fræðslufundurinn er í safnaðarheimili Háteigskirkju og hefst kl. 20:30

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Taktísk mistök

Gunnar Þ. Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins er nú í þeirri stöðu að þurfa að svara ýmsu sem upp á hann hefur verið borið, meðal annars í áliti Ástráðs Haraldssonar hæstaréttarlögmanns. Hins vegar er ekki örgrannt um að Gunnar hafi gert taktísk mistök þegar það álit kom fram. Hann hefði betur tekið því fagnandi, sagt það hina bestu smíð og hampað í hvívetna. Þar er enda sagt að Gunnar hafi engin lög brotið og fáir stæðust þá skoðun sem hann hefur sætt. Gunnar hefði því betur gert það plagg að sínu.



### Skera þarf á hnútinn

Að því sögðu er staðan sem upp er komin fráleit. Ljóst er að stjórn FME ber ekki traust til forstjórans. Teljast verður mjög hæpið að forstjórinn beri traust til stjórnarinnar. Á meðan líður stofnunin fyrir og öll þau mál sem þar eru til meðferðar.

Skera þarf á þennan hnút, algjörlega óháð persónulegum hagsmunum þeirra sem hann mynduðu.



### Athugasemd um hvað?

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, tók undir athugasemdir þingmanns varðandi orð Álfheiðar Ingadóttur á þingi í gær. Álfheiður hafði kallað hátt og snjallt í þrígang: „Hættu þessum lygum Jón Gunnarsson.“ Sá stóð í pontu og ræddi um samskipti þingmanna við mótmælendur árið 2009. Sá þingmaður sem ekki hefur kallað fram í ræðumann finnst ekki á Alþingi. Eftir stendur spurningin um hvað var ámælisvert; laug Álfheiður um lygi Jóns, eða mátti Jón ljúga um Álfheiði átölulaust? Allt um það í næsta þætti.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ríkisstjórn Jóhönnu og skattpíning barna

Fjármál



Matthías Bjarnason
fv. ráðherra

Ég hef haft þann sið um árabil að leggja dálitla fjárhæð inn á bankabækur langafabarna minna á afmælisdegi þeirra og jólum, en þau eru nú orðin átta talsins. Ársvextir af þessum innlánsreikningum eru nú á bilinu 1,85 til 2,25 prósent. Sé tekið mið af verðbólgu á ársgrundvelli í fyrra er neikvæð raunávöxtun á reikningunum milli fjögur og fimm prósent. Af þessum „vöxtum“ er greiddur 20 prósent fjármagnstekjuskattur, en ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur hefur hækkað þann skatt um hundrað prósent frá því að hún komst til valda. Ríkisstjórn Jóhönnu bítur höfuðið af skömminni með því að hirða líka 20 prósent af verðbótum.

Sú var tíð að Jóhanna Sigurðardóttir kom fram sem málsvari lítilmagnans og beitti sér meðal annars gegn því að börn yrðu látin greiða skatta. Árið 2001 ritaði hún blaðagreinar af miklum móð um það sem hún nefndi þá „skattpíningu“ barna. Þessi sama Jóhanna hefur gleymt flestum sinna fyrri stefnumála.

Skattlagning hér á landi er með því mesta sem þekkist. Flestum má vitanlega ljóst vera að ekki verður greitt úr erfiðleikum þjóðarbúsins, þar með talið skuldum ríkissjóðs, nema með umtalsverðri skattheimtu. En þó svo að núverandi ríkisstjórn telji þörf á að innheimta fjármagnstekjuskatt þá sé ég enga ástæðu til þess að börn séu látin greiða hann af sínum innistæðum og hvað sem líður tilurð skattsins þá er til skammar að skattleggja börn strax í vöggu.

Sparnaður hefur löngum verið talinn dyggð hérlendis og hugsunin með sparnaði ungs fólks er hvatning til sjálfshjálpar, að börn og ungmenni læri að fara með fjármuni af ráðdeild í lífinu frá æsku til eldri ára. Ég skora því á stjórnvöld að fella niður fjármagnstekjuskatt á öll börn að 16 ára aldri. Með því móti yrði stuðlað að stórauknum sparnaði barna og ungmenna. Slíkt uppeldisráð hlýtur að vera mikils virði í landi þar sem skuldir einstaklinga eru með því mesta sem þekkist í veröldinni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Makrílveiðar – sjálfbær stjórnun fiskistofnsins?

Sjávarútvegsmál

Lisbeth Berg-Hansen
sjávarútvegsráðherra Noregs



Það gerist ekki oft að frændþjóðirnar Norðmenn og Íslendingar séu algjörlega á öndverðum meiði en það hendir þó stöku sinnum í samningaviðræðum þeirra um fiskveiðimál og skiptingu veiðikvóta. Ríkin tvö eiga þó jafnframt mikilvægra sameiginlegra hagsmuna að gæta einmitt á þessu sviði, hagsmuna sem varða ábyrga og sjálfbæra stjórn auðlinda í hafi, og þau eru sammála um mikilvægar meginreglur þeirra.

Sem sjávarútvegsráðherra legg ég aðaláherslu á að standa líka föst á þessum hagsmunum þegar kemur að deilum um makrílveiðar. Viðbrögð og athugasemdir á opinberum vettvangi á Íslandi eftir síðustu samningalotu í Reykjavík benda til þess að margir hafi ekki áttað sig á forsendum þeirrar afstöðu sem Norðmenn hafa og því vil ég nota þetta tækifæri til þess að gera grein fyrir sjónarmiðum okkar.

Enginn vafi leikur á því að ábyrg stjórnun fiskistofna á tímabilinu fram til 2010 hefur stuðlað að stofnstækkun í makríl og að göngur hans hafa breyst þannig að hluti stofnsins fer nú inn í íslenska fiskveiðilögsögu að sumri til. Einnig er meiri makríll í færeyskri lögsögu en áður fyrr. Bæði Norðmenn og ESB viðurkenna þess vegna rétt Íslendinga og Færeyinga til stærri hluta af veiðikvótanum. Sú er ástæða þess að við höfum boðið bæði Íslendingum og Færeyingum umtalsvert stærri hluta kvótans en hefð hefur verið fyrir að þessar þjóðir hafi fengið.

Áður fyrr veiddu Íslendingar að jafnaði tæplega hálft prósent heildarkvótans en Færeyingar tæp fimm af hundraði hans. Engu að síður hafa bæði Íslendingar og Færeyingar nú, þriðja árið í röð, einhliða úthlutað sjálfum sér kvóta sem nemur vel yfir 20% af tillögum um heildarkvóta.

Bæði Norðmenn og ESB viðurkenna að makrílveiðar skipta bæði Íslendinga og Færeyinga miklu en í samningaviðræðunum um makrílinn virðast þessar tvær þjóðir þó hafa gleymt því að sama máli gegnir um bæði Noreg og ESB. Í Noregi er löng hefð fyrir bæði veiðum og rannsóknum á makríl og 500 til 600 fiskiskip treysta að meira eða minna leyti á makrílveiðar. Mörg strandsamfélög og fyrirtæki í Noregi og ESB eru ekki síður háð því að makrílveiðar tryggi bæði atvinnu og tekjur. Það verður að teljast ólíklegt að Íslendingar, sem aðeins hafa stundað makrílveiðar í fáein ár, eða Færeyingar með sinn fasta kvóta til langs tíma litið, séu orðnir háðari makrílveiðum en fyrrnefndir aðilar.

Við Norðmenn höfum lengi unnið að langtímasamningi sem leggur áherslu á svæðaskiptingu til lengri tíma litið og á fiskveiðar í sögulegu samhengi. Það eru þekktar meginreglur um skiptingu sameiginlegra fiskistofna og Íslendingar hafa einnig beitt þeim sem forsendum í fyrri samningaviðræðum. Íslendingar beittu svo seint sem árið 2007 rökum um svæðaskiptingu til fjögurra áratuga litið í samningaviðræðum um norsk-íslenska síldarstofninn en þegar að samningum um makrílveiðar kemur, miða þeir hins vegar kröfur sínar við svæðaskiptinguna á grundvelli síðustu tveggja ára. Þar eru þeir ósamkvæmir sjálfum sér.

Ég er þeirrar skoðunar að svæðaskiptingin verði líka að byggjast á dreifingu makrílsins allt árið. Ekki er hægt að finna sanngjarnari deilitölu. Henni hefur verið beitt með góðum árangri við úthlutun kvóta í mörgum fiskistofnum í Norðaustur-Atlantshafi. Norðmenn geta lagt fram skjalfestar vísindalegar niðurstöður þess efnis að makríllinn hafi um áraraðir haldið sig að umtalsverðu leyti á norsku

> Ég er þeirrar skoðunar að svæðaskiptingin verði líka að byggjast á dreifingu makrílsins allt árið.

hafsvæði. Norðmenn krefjast raunar minni hluta í kvótanum en hægt væri að gera kröfu um á grundvelli vísindalegra gagna.

Íslendingar byggja hins vegar kröfur sínar á svæðaskiptingu aðeins yfir sumarmánuðina. Því er haldið fram að rúmlega 20% makrílsins haldi sig í íslensku fiskveiðilögsögunni á þeim tíma árs. Í kröfugerðinni er hins vegar ekkert tillit tekið til þess að mjög lítið er um makríl í íslenskri lögsögu á öðrum tímum árs. Haldi makríllinn sig innan íslenskrar lögsögu í þrjá mánuði á ári, þýðir það um 5% að meðaltali yfir árið allt. Þær vísindarannsóknir sem Íslendingar leggja til grundvallar kröfum sínum hafa sýnt að rúmlega 40% makrílsins hafa á sama tíma verið í norskri fiskveiðilögsögu. Við höfum þó ekki aukið kröfur okkar af þeirri ástæðu. Ég tel að augnabliks yfirlitsmynd til skamms tíma litið, sem eingöngu nær til hagstæðustu mánaðanna, geti aldrei orðið grundvöllur úthlutunar á makrílkvóta.

Af grein íslenska sjávarútvegsráðherrans má sjá að Íslendingar hafa reynt að verja aukna kvóta með vísan til þyngdaraukningar makríls í íslenskri fiskveiðilögsögu. Færeyingar beita einnig sömu rökum. Hefðu hins vegar Norðmenn og ESB, sem eiga tvímælalaust tilkall til stærsta hluta makrílstofnsins, nýtt sér þessi rök við ákvörðun á kvóta, hefði makrílstofninn hrunið á skömmum tíma vegna ofveiði og algjörlega óverjandi fiskveiðistjórnunar. Engar vísindalegar niðurstöður styðja þessa afstöðu.

Íslendingar og Færeyingar hafa kosið að stunda makrílveiðar sem eru á skjön við bæði hafréttarsamning og sjálfbæra fiskveiðistjórnun. Ég álít að skipting sameiginlegra stofna verði að byggjast á bestu vísindalegu gögnum og að í þessu sambandi skuli lögð aðaláhersla á svæðaskiptingu, fiskveiðar í sögulegu samhengi og gagnkvæma virðingu fyrir þörfum viðsemjenda fyrir veiðarnar. Þetta er reyndar samhljóma hafréttarsamningi. Vilji Íslendingar og Færeyingar að kröfur þeirra verði teknar alvarlega, þarf röksemdafærsla þeirra að byggjast á þeim grundvelli en ekki því að skammta sér sjálfir kvóta á óábyrgan hátt. Öll strandríki bera ábyrgð á því að stuðla að sjálfbærri þróun. Norðmenn og ESB bera ekki ein þá ábyrgð.

## AF NETINU

### Fyrirfram auðséð

Ólafur Ragnar hefði strax 2. janúar getað eytt „óvissunni, sem fjölmiðlar bjuggu til" með því að leiðrétta skilning stjórnmálafræðinganna og eyða misskilningi. Hann kaus að gera það ekki og ekki heldur að svara spurningum fjölmiðla um þetta mál þá og síðar með einni afdráttarlausri setningu.

Þannig skapaðist jarðvegurinn fyrir undirskriftasöfnuninni og því sem síðar hefur gerst sem mun leiða til þess að hann stendur með pálmann í höndunum þegar hann býður sig fram um eða eftir næstu helgi.

Þar að auki liggja fyrir yfirlýsingar hans um að hann sækist eftir stöðu þar sem hann geti beitt sér meira en verið hefur hingað til og einnig sá skilningur hans á nýrri stjórnarskrá að þar séu forseta fengin aukin völd.

Það gæti að hans mati opnað möguleika á enn meiri sókn hans inn á hið pólitíska svið en nokkru sinni sinni fyrr.

http://omarragnarsson.blog.is

**Ómar Ragnarsson**

### Ísland verður sorptunna

Þessa dagana er fyrsta skrefið stigið að því að gera Ísland að sorptunnu fyrir erlent sorp. Auðvitað er það Reykjanesbær sem hefur frumkvæðið. Þar í bæ er Kalka, sorpeyðingarstöð sveitarfélaganna. Fjárhagur hennar er einkar bágborinn sem annarra græðgisævintýra Árna Sigfússonar bæjarstjóra.

http://jonas.is

**Jónas Kristjánsson**







**Verðlaunaverk á ótrúlegu verði**
Bókin um Kjarval er ein glæsilegasta bók sem komið hefur út á íslensku. Nú er hún mætt á Bókamarkaðinn í allri sinni dýrð.

~~23.900.-~~ **9.900.-**






**Silfur hafsins**
Saga síldarútgerðar á Íslandi sló í gegn á síðasta Bókamarkaði. Nú eru síðustu forvöð á að tryggja sér þetta verk á hreint frábæru verði.

~~28.900.-~~ **7.900.-**

**VERÐHRUN**
**ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR**

# BÓKAMAR
## Perlunni

FRÁ 24. FEBRÚAR TIL 11. MARS




**Karlar elda**
Fríða Sophia Björnsdóttir hefur um árabil kennt karlmönnum að elda. Hún byggir á reynslu sinni í þessari aðgengilegu bók.

~~3.990.-~~ **1.990.-**




**Sagan rifjuð upp**
Stórviðburðir hvers árs í máli og myndum rifjaðir uppp með íslenskum sérkafla. Hvað gerðist nú 1987?

**Stakar 490.- 3 í pakka 990.-**




**Í háfjallapotti**
Út um allt land eru náttúrulaugar sem jeppa- og göngufólki finnst gott að dífa sér ofan í þegar ferðast er um óbyggðir.

~~4.490.-~~ **2.490.-**




**Drengur að eilífu**
Sígilt verk í aðgengilegum búningi fyrir yngstu lesendurna. Í Hvergilandi gerast ævintýrin.

~~3.990.-~~ **1.999.-**




**Erum við enn í Kansas?**
Klassísk saga í aðgengilegum búningi fyrir yngri lesendur. Sagan af Dóróteu og ferð hennar eftir gula steinveginum til smaragðshallarinnar.

~~3.999.-~~ **1.999.-**




**Ameríka fundin!**
Allt um ferð Leifs heppna vestur um haf og heimssögulegan fund hans. Endursagt og sniðið að þörfum yngri lesenda.

~~1.890.-~~ **190.-**




**Ómissandi ferðafélagi**
Ferðakortabókin er nauðsynleg fyrir alla sem hyggja á ferðalög um landið en líka fyrir hina sem vilja glöggva sig á íslenskri landafræði.

~~2.290.-~~ **990.-**




**Ofurfólk í ofuraðstæðum**
Allt það svakalegasta, hroðalegasta og ógeðslegasta sem mannskepnan hefur tekið sér fyrir hendur sýnt í mynd og lýst í texta og jafnvel í 3D!

~~5.490.-~~ **2.499.-**




**Ballettstelpur í fyrsta tíma**
Anna Lísa og Linda vinkona hennar eru tilvonandi ballettstelpur á leið í sinn fyrsta tíma. Þær hlakka öll ósköp til.

~~2.990.-~~ **1.450.-**




**Fyrstu lestrarbækurnar**
Bókaflokkur með 15 sögum sem við lesum saman: 15 mömmusögur, 15 ferðasögur, 15 sögur úr sveitinni.

~~2.750.-~~ **1.450.-**




**Bóbó bangsi**
Bækurnar um Bóbó bangsa eru einstaklega fallegar og vandaðar harðspjaldabækur. Það er gaman að sjá hvað leynist á bak við gluggana.

~~3.200.-~~ **1.850.-**

**EKKI MISSA AF ÞESSU**

# KAÐURINN

ÓTRÚLEGT ÚRVAL    ÞÚSUNDIR TITLA    SPARAÐU ÞÚSUNDIR




**Glæsiverk**
Stórvirki um einn fremsta listamann sem Ísland hefur alið. Í máli og myndum er rakinn ferill stórmálarans.

~~9.900.-~~ **4.990.-**




**Ástaróður**
Gullfallegt safn ástarljóða Páls Ólafssonar. Kvæði svo barmafull af tilfinningu að þau gera lesandann að betri manni.

~~3.990.-~~ **2.290.-**




**Flakkað um heiminn**
Ferðasögur og ljósmyndir af ævintýralegum slóðum, hvort heldur í Andesfjöllum, Kína eða Færeyjum. Bók sem lætur mann dreyma.

~~5.490.-~~ **2.490.-**




**Svo ótrúlega fögur**
Óður Páls Stefánssonar ljósmyndara til hinnar ægifögru Afríku. Með hjálp Didier Drogba er farið í ævintýralega fótboltaferð um álfuna.

~~7.990.-~~ **1.990.-**




**Teiknað og skoðað**
Fínhreyfingar þroskaðar. Bók sem hægt er að teikna í og þroska hug og hönd með skemmtilegum verkefnum.

~~2.490.-~~ **1.890.-**




**Það er gaman að slá um sig!**
Kolbrún Bergþórsdóttir hefur tekið saman margt það snjallasta og sniðugasta sem ritað hefur verið. Sláðu um þig!

~~3.990.-~~ **1.990.-**

**OPIÐ**
**FRÁ KL. 10-18**
**ALLA DAGA**



# Mannréttindi í þrengingum

Mannréttindi

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands



Eitt af verkefnum Mannréttindaskrifstofu Íslands er að gefa út bækur um mannréttindi. Út hefur komið fjöldi bóka sem Mannréttindaskrifstofan á aðild að á einn eða annan hátt auk ritraðar Mannréttindaskrifstofunnar. Á síðasta ári gaf skrifstofan, í samvinnu við Háskólann á Akureyri, út ritið „Mannréttindi í þrengingum“ en höfundar þess eru Aðalheiður Ámundadóttir, meistaranemi og stundakennari við Háskólann á Akureyri, og Rachael Lorna Johnstone, dósent við lagadeild Háskólans á Akureyri.

Ritið fjallar einkum um skuldbindingar Íslands samkvæmt Alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og afdrif þeirra réttinda í efnahagskreppunni. Í fyrsta hluta ritsins er meðal annars að finna umfjöllun um og skýringar á skyldum aðildarríkja óháð efnahag. Þá er jafnframt gerð grein fyrir skyldum aðildarríkja í samræmi við efnahagsgetu, til að tryggja stöðuga framþróun réttindanna, að þau aukist í stað þess að verða lakari.

> Loks er í ritinu bent á nauðsyn þess að niðurskurður fari ekki niður fyrir þann lágmarksramma sem markaður hefur verið…

Næst er fjallað um skyldur ríkja sem glíma við efnahagssamdrátt og mun sá hluti eflaust vekja einna mestan áhuga lesenda í ljósi núverandi aðstæðna í þjóðfélaginu. Þar er m.a. bent á að ef skera þarf niður og hverfa þannig frá stöðugri framþróun, þarf, auk skyldu til að tryggja lágmarksinntak réttindanna, að tryggja að samráð hafi haft verið við þá sem aðgerðir bitna á og að niðurskurðurinn hafi ekki varanleg áhrif. Loks skal þess ávallt gætt að þeir sem standa höllum fæti njóti sérstakrar verndar.

Auk þess að skýra skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum er fjallað um framkvæmd hans á Íslandi í kjölfar efnahagshrunsins. Meðal annars er á það bent að þrátt fyrir að félagslegt öryggi sé réttindi sem tryggja ber samkvæmt samningnum, þá er það því miður svo að hluti landsmanna hefur ekki notið félagslegs öryggis um árabil og eftir efnahagshrunið hefur vandinn aukist til muna og úrræði stjórnvalda til að takast á við vandann þrengst. Grunnbætur helstu bótaflokka, s.s. atvinnuleysisbætur og örorkubætur, duga ekki til lágmarksframfærslu og þeirra þarfa sem uppfylla þarf samkvæmt samningnum, s.s. viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis og sífellt batnandi lífsskilyrða.

Auk umfjöllunar um Alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, skyldur ríkja og framkvæmd samningsins á Íslandi í kjölfar efnahagshrunsins, leitast höfundar við að leiðbeina íslenskum stjórnvöldum um hvernig þau geti, með aukinni mannréttindasamþættingu, gætt þess betur að alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar séu virtar þrátt fyrir efnahagssamdrátt og niðurskurð. Meðal annars er bent á mikilvægi mannréttindanálgunar við niðurskurðaraðgerðir, með því að meta allar fjárhagsáætlanir og ákvarðanir, sem hafa áhrif á réttindi sem tryggð eru í alþjóðasamningum, út frá sjónarhorni mannréttinda. Forsenda þess að unnt verði að beita slíkri mannréttindanálgun er meðvitund um hver þessi réttindi eru og hvað í þeim felst. Því þarf að setja mannréttindavernd í öndvegi í allri áætlanagerð, hafa eftirlit með framkvæmd áætlana og mæla árangur út frá mannréttindum. Þá ber að hafa gott eftirlit með því að mismunun eigi sér ekki stað og ef veita á hópum eða einstaklingum ólíka meðferð þarf að tryggja að réttlætanleg og málefnaleg sjónarmið liggi þar að baki. Enn fremur skal þess gætt að hlífa þeim sem standa höllum fæti fyrir niðurskurði.

Loks er í ritinu bent á nauðsyn þess að niðurskurður fari ekki niður fyrir þann lágmarksramma sem markaður hefur verið um hvern og einn rétt. Þá er einnig m.a. bent á mikilvægi samráðs við rétthafana sjálfa og frjáls félagasamtök, virks upplýsingaflæðis milli aðila á öllum sviðum og stigum hins opinbera og að ákvarðanir sem hafi áhrif á réttindi einstaklinga séu teknar af þar til bærum stofnunum. Eins og áður sagði skal mannréttindasamþætting vera rauði þráðurinn í allri stefnumótun og áætlanagerð og tryggja þarf að áætlanir nái til alls samfélagsins. Það er því mikið gleðiefni að innanríkisráðuneytið hefur hafið undirbúning landsáætlunar í mannréttindamálum. Mannréttindi í þrengingum er aðgengilegt á heimasíðu Mannréttindaskrifstofu Íslands: www.humanrights.is og má einnig nálgast prentuð eintök á skrifstofunni að Túngötu 14. Ritið er ókeypis.

Food & Fun
í Perlunni

Gestur Perlunnar í ár er **Michelinstjörnukokkurinn Philippe Girardon** sem hefur þjálfað flest alla íslenska matreiðslumeistara sem hafa tekið þátt í hinni heimsþekktu Paul Bocuse keppni.

· Humar- og krabbamósaík ·
· Ljós hörpudiskur og tómata crème brûlée ·
· Steiktur lambabógur „confit“ og lambahryggur ·
· Croque-monsieur fourme d‘Ambert/Mascarpone ·
· Súkkulaði-Stradivarius með „Pur Caraïbes“ súkkulaði ·

Sími: 562 0200 · perlan@perlan.is · www.perlan.is

# Leitum sátta

Fjármál

Helgi Hjörvar
alþingismaður



Ég kallaði hér í Fréttablaðinu á mánudag eftir málefnalegri umræðu um raunhæfar aðgerðir í skuldamálum heimila. Ekki væri hægt að gera allt fyrir alla en töluvert fyrir marga og það þyrfti að ræða. Leiðarahöfundur Fbl. gerði því skóna hér í gær að um kosningabrellu væri að ræða og að bakfærsla á hluta verðbóta sem nemur 5-10% af skuldum heimila muni leiða til bólu og nýs efnahagshruns. Veruleikinn er sem betur fer allt annar og gefur ekki tilefni til heimsendaspádóma um vítisvélar.

Matsfyrirtækið Fitch hefur nýlega bent okkur á að mikill árangur hafi náðst í ríkisfjármálum, en skuldir heimila og fyrirtækja séu enn of miklar. Það hlýtur því að teljast ábyrgt efnahagspólitískt viðfangsefni hvort draga megi úr skuldum heimila án þess að skuldsetja ríkissjóð. Færir hagfræðingar hafa bent á að verðtryggingarkerfið á Íslandi komi í veg fyrir sjálfvirkar sveifluleiðréttingar í hagkerfinu. Það gefur tilefni til að skoða hvort við getum leiðrétt handvirkt hluta af sveiflunum. Slíkt fæli ekki í sér stórkostlega eignatilfærslu heldur væri bakfærsla á hluta af heimasmíðuðum vanda.

### Skoðanaskipti

Eftir hrun hafa hróp tveggja hópa yfirgnæft skoðanaskipti um skuldir heimila. Í öðrum hópnum eru talsmenn þess að bæta öllum allt sem gerst hefur með gríðarlegum tilkostnaði. Hins vegar eru talsmenn, á borð við leiðarahöfund Fbl., sem telja að ekkert megi gefa eftir nema hjá þeim sem sýnt geta fram á örbirgð. Talsmenn beggja tala fyrir mikilvægum sjónarmiðum, en við komumst ekkert áfram með því að kalla á víxl „allt“ eða „ekkert“. Upplýst umræða byggist á því að við greinum vandann, rannsökum hvernig hægt er að bregðast við, og skiptumst síðan á skoðunum um hvaða niðurstaða mæti best ólíkum sjónarmiðum og skapi víðtækasta samstöðu.

Leiðarahöfundurinn áréttar að ég hafi ekki gerst sekur um það lýðskrum að hægt sé að gera allt fyrir alla – án tilkostnaðar. Ég hef bent á fjármuni sem nýta má í umtalsverðar aðgerðir vegna víðtæks vanda í samfélaginu og hvernig útfæra megi það. Bendi aðrir á betri fjármögnunarleiðir og sanngjarnari útfærslu væri það fagnaðarefni, því betur sjá augu en auga. En á meðan við færumst ekki áfram í umræðunni þá fjölgar á vanskilaskrá, æ fleiri gefast upp, margt samkeppnishæfasta unga fólkið okkar flytur til útlanda og sundrung einkennir samfélag okkar. Við þær aðstæður skulum við ekki hafna því að víðtækari aðgerða er þörf.

### Skilyrði til sjálfsbjargar

Hvað dylgjur leiðarahöfundar um kosningabrellu varðar er gaman að benda honum á að lesa sitt eigið blað frá 15. júní 2010, en þar slær Fbl. því upp á forsíðu að ég hafi lagt til víðtækar aðgerðir í skuldamálum sem fjármagna megi m.a. með aukaafslætti lífeyrissjóðanna af verðtryggðum íbúðalánum og skattinneign af séreign. Þetta hefur verið afstaða mín lengi, en er engin stundarbrella. Ég er einfaldlega sannfærður um að vandinn sé slíkur að grípa þurfi til umtalsverðra aðgerða strax. Almennri aðgerð má beina að afmörkuðum hópum svo fjármunir nýtist sem best þeim er þurfa. En þó einhverjir fái eitthvað sem þeir mögulega kæmust af án, þá er kostnaður við það mun minni en hagkvæmni þess að búa fólki almenn skilyrði til sjálfsbjargar.

# Hvar er fræðimaðurinn?

Samfélagsmál

Árni Gunnarsson
fv. alþingismaður



Gyða Margrét Pétursdóttir, aðstoðarkennari í kynjafræði við Háskóla Íslands, ritaði grein í Fréttablaðið 27. febrúar undir fyrirsögninni „Hvar er manndómurinn”. Þar gerir hún að umræðuefni nokkur orð mín, sem féllu í útvarpsþætti 25. febrúar, þar sem m.a. var fjallað um bréfaskriftir Jóns Baldvins Hannibalssonar til ungrar stúlku.

Þar sagði ég m.a., að með skrifum sínum hefði Jón Baldvin sýnt af sér mikið dómgreindarleysi. Því sleppti Gyða Margrét í grein sinni. Hún telur hins vegar, að eftirfarandi orð þáttastjórnanda og mín feli í sér dylgjur um að verið sé að koma pólitísku höggi á Jón Baldvin. Þáttastjórnandi spyr: „Er pólitík á bak við þetta heldurðu?“ Ég svara: „Það kæmi mér ekkert á óvart.“

En Gyða Margrét heldur áfram og gefur það fyllilega í skyn, að með orðum mínum sé ég að skjóta skildi fyrir síbrotamann, ofbeldismenn, skrímsli og kynferðisglæpamann. Þetta er í raun skelfilegur áburður, sem á sér enga stoð og gengur þvert á allar hugsanir mínar og afstöðu til þeirra manna og mála, sem fræðimaðurinn og kennarinn nefnir.

Þetta mál allt er harmleikur, sem vart verður lýst með orðum. Málið hefur valdið ómældri sorg og skelfingu í fjölskyldum þolanda og geranda um langt árabil. Ég sagði í fyrrnefndum útvarpsþætti, að ég hefði haft veður af bréfum Jóns Baldvins í mörg ár. Innihald þeirra þekkti ég ekki. Ég hefði hins vegar álitið að málið væri úr sögunni og fyrirgefningarbeiðni Jóns tekin til greina.

Það kom mér því algjörlega á óvart, þegar bréf Jóns Baldvins voru birt í tímariti. Ekki dreg ég í efa allan rétt þolandans til að birta bréfin, en lái mér hver sem vill undrun á tímasetningunni og tilganginum. Mér er hins vegar ljóst, að með orðum sínum og skrifum hefur Jón Baldvin oft skotið fast á tiltekna einstaklinga og þannig aflað sér óvinsælda og eignast hatursmenn. Þá sögu þekki ég vel og kæmi ekki á óvart þótt einhverjir vildu koma á hann höggi.

Það voru hins vegar mistök af minni hálfu, að gera því skóna, að þetta tiltekna mál kynni að vera af pólitískum rótum runnið, án þess að rökstyðja það frekar. Hafi ég með þessum orðum aukið á angur þolandans í þessu máli, bið ég hana afsökunar

Við Gyðu Margréti Pétursdóttur vil ég segja þetta: Fyrir þá setningu eina, að það kæmi mér ekki á óvart að á bak við þetta mál væri pólitík, þá gefurðu fyllilega í skyn, að ég bregðist í vörn fyrir síbrotamann, ofbeldismenn, skrímsli og kynferðisglæpamann. Öfgar af þessu tagi gera engum gagn. Fræðimaður og háskólakennari, sem svona skrifar, leggur ekki hlutlægt mat á heimildir og hverfur frá þeim kröfum, sem gerðar eru til akademískra fræðimanna. Hér má með sanni segja, að tilgangurinn helgi meðalið.

Ég mun ekki eiga frekari orðaskipti um þetta mál. Umræðan gerir fátt annað en að auka á óhamingju hlutaðeigandi. En ég skil eftir spurninguna um það hvort fyrirgefningin eigi ekki lengur upp á pallborðið hjá íslenskri þjóð.

# Hús við Hringbraut - miðbæjarrómantík?

Nýr Landspítali

Sigurður Guðmundsson
forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands



Áform um byggingu nýs húss yfir sameiginlega starfsemi Landspítala og Háskóla Íslands eiga sér langa sögu. Umræða hófst fyrir alvöru fyrir tæpum 15 árum í aðdraganda sameiningar sjúkrahúsanna í Reykjavík sem varð um mitt ár 2000. Um 2-3 árum síðar var hinni nýju spítalabyggingu valinn staður á Grænuborgartúni, á lóð Landspítala við Hringbraut.

Af hverju var það gert? Var þetta einhver miðbæjarrómantík, fortíðarhyggja, virðing við gamla Landspítalann, stríðni við íbúa Þingholtanna? Nei, ekkert af þessu, auðvitað. Tvær ástæður vógu hins vegar þyngst. Sú fyrri er nálægð við háskólann. Meginrök fyrir sameiningu spítalanna á sínum tíma, að minnsta kosti í huga starfsmanna, voru efling starfsemi spítalans, að bæta þjónustu hans við sjúklinga og að styðja hann og styrkja sem vísindastofnun og kennslustofnun. Tilgangurinn var með öðrum orðum sá að efla spítalann sem háskólasjúkrahús og að gera stofnunum kleift að blanda saman starfsemi sinni enn frekar, styrkja samstarf og samvinnu til að efla þjónustu, rannsóknir og kennslu. Vel á annað hundrað starfsmanna spítalans eru jafnframt starfsmenn HÍ.

> Bygging við Hringbraut er því mun ódýrari en bygging á öllum stöðum öðrum sem nefndir hafa verið. Það væri með ólíkindum ef fólki finnst það ekki skipta máli.

Fleira en nálægð við heilbrigðisdeildir kemur hér til. Mikil og vaxandi samvinna er milli félagsvísindafólks og þeirra sem starfa að heilbrigðisþjónustu, enda eru félagslegir áhrifaþættir heilsu sífellt að verða mönnum ljósari. Framfarir í læknisfræði byggja í sívaxandi mæli á þróun þekkingar í verkfræði og tölvunarfræði. Fleiri greinar má nefna, t.d. sagnfræði og mannfræði. Hér skiptir því nálægð Landspítala við háskólann allan miklu máli.

Hin ástæða staðarvalsins er sú að á Hringbrautarlóð er mun meira af byggingum sem nýta má áfram en hefði nýju húsi verið komið fyrir í Fossvogi. Bygging við Hringbraut er því mun ódýrari en bygging á öllum stöðum öðrum sem nefndir hafa verið. Það væri með ólíkindum ef fólki finnst það ekki skipta máli.




CITROËN




Kynntu þér bílafjármögnun Landsbankans.

landsbankinn.is 410 4800

Verð aðeins 3.690.000 kr. eða **29.947 kr.** í 84 mánuði miðað við grænan bílasamning og uppítöku á bíl að verðmæti 1.810.000 kr.* Árleg hlutfallstala kostnaðar aðeins 9,35%. Nánari upplýsingar á landsbankinn.is.

## *Citroën C4 Comfort sjálfskiptur dísilbíll*

# Sparneytnasti bíllinn!

Sjáðu nýjan sjálfskiptan Citroën C4 Comfort með ótrúlega sparneytinni og visthæfri dísilvél. Hann notar aðeins 3,5l/100km og losar aðeins 98g $CO_2$/km. Þetta þýðir að hann er sparneytnasti bíllinn í sínum flokki á Íslandi í dag. Í nýjum Citroën C4 Comfort sameinast glæsileg hönnun, áreiðanleiki, ríkulegur búnaður og hagkvæmni í rekstri. Þetta er bíll fyrir hugsandi fólk með góðan smekk.

Brimborg auðveldar þér kaupin, uppítaka og græn fjármögnun. Landsbankinn býður lægri vexti og ekkert lántökugjald fyrir græna bíla sem losa minna en 120g $CO_2$/km. Komdu líka með gamla bílinn og settu hann uppí nýjan Citroën. Tökum við öllum tegundum bíla. Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8. Mátaðu þig í frönsku umhverfi. Sjáðu sparneytinn Citroën C4 Comfort.

*Kynntu þér franskan munað í Citroën C4 Comfort.* **Meðal staðalbúnaðar er tvívirk tölvustýrð miðstöð með loftkælingu, ESP stöðugleikastýring, hraðastillir, start/stop spartækni, hiti í sætum, vindskeið, skyggðar rúður og fullkomin aksturstölva. 5 stjörnu öryggi í árekstrarprófum EuroNCAP.**

## *Sjáðu hönnun og gæði hjá Citroën í dag, Bíldshöfða 8:*



visthæf skref með Brimborg

*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

**Citroën C1 SX**
1,0 VTI bensín 68 hö.
5 dyra 5 gíra beinskiptur.
Eldsneytisnotkun 4,5 l/100 km.
Koltvísýringur $CO_2$ 103g/km.
*Sjáðu verðið: 2.090 þús. kr.*
Frítt í stæði

**Citroën C3 Seduction**
1,6 eHDi dísil 92 hö Airdream.
5 dyra 5 gíra beinskiptur.
Eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km.
Koltvísýringur: $CO_2$ 93g /km.
*Sjáðu verðið: 2.890 þús. kr.*
Frítt í stæði

**Citroën C4 Comfort**
1,6 eHDi dísil 112 hö Airdream.
5 dyra 6 gíra sjálfskiptur.
Eldsneytisnotkun 3,8 l/100 km.
Koltvísýringur: $CO_2$ 98g /km.
*Sjáðu verðið: 3.690 þús. kr.*
Frítt í stæði.

**Citroën Berlingo Multispace**
1,6 HDi dísil 92 hö.
5 dyra 5 gíra beinskiptur.
Eldsneytisnotkun 5,3l/100 km.
Koltvísýringur: $CO_2$ 139g /km
*Sjáðu verðið: 3.450 þús. kr.*

**Citroën C5 Dynamique**
2,0 HDi dísil 163 hö.
4 dyra 6 gíra sjálfskiptur.
Eldsneytisnotkun 6,2 l/100 km.
Koltvísýringur: $CO_2$ 163g /km.
*Sjáðu verðið: 5.890 þús. kr.*

***Bonjour! Ráðgjafar Citroën taka vel á móti þér. Komdu í kaffi og upplifðu framúrskarandi þjónustu.***
*Komdu með gamla bílinn. Tökum allar tegundir uppí nýjan Citroën.*

brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | citroen.is

***Öruggur staður til að vera á***

*Mánaðargreiðsla miðast við óverðtryggðan bílasamning Landsbankans til 84 mánaða. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Citroën.

# Hálendi án hirðis

Náttúruvernd



**Snorri Baldursson**
líffræðingur og áhugamaður um náttúruvernd

Í umhverfisráðuneyti er unnið að sameiningu stofnana sem sinna umsýslu friðlanda, þjóðgarða og hugsanlega þjóðskóga. Það er mikilvægur áfangi að því að samræma vörslu lands í þjóðareigu. En ekki má láta þar við sitja. Þjóðlendurnar á miðhálendi Íslands þurfa líka skjól í öflugri stofnun með sýn sem byggir á verndun og sjálfbærri nýtingu.

Miðja landsins er eldbrunnin háslétta þakin hraunbreiðum, vikrum og eyðisöndum. Upp úr henni rísa bláhvítar jökulbreiður, snævi þakin eldfjöll, grænir móbergshryggir, formfagrar dyngjur og stapar. Inn á milli eru gróðurvinjar og litskrúðug háhitasvæði og til jaðranna samfelldar grónar heiðar og friðsæl fiskivötn þar sem himbrimi og hávella syngja tregablandna fagnaðarsöngva til lífsins. „Nóttlaus voraldarveröld þar sem víðsýnið skín“ kvað Stephan G. Stephansson og fangaði í einni setningu galdur hálendisins og íslenska sumarsins.

Þeir sem upplifa þennan galdur verða betri menn því þeir hafa skynjað alheimsandann, fegurðina og eilífðina. Það eru ekki margir staðir eftir á jörðinni sem hafa þennan sama kraft til að umbreyta fólki og óvíða komast Vesturlandabúar í sambærilega snertingu við uppruna sinn. Hálendi Íslands er einstök gersemi, langstærsta óbyggða víðerni Evrópu sunnan heimskautsbaugs. Það er ein allra stærsta auðlind landsins til langs tíma litið og er þó af mörgu að taka.

Meginhluti miðhálendisins hefur verið úrskurðaður þjóðlendur, ævarandi eign þjóðarinnar (sjá: www.obyggd.stjr.is), aðrir hlutar þess eru friðlýstir í umsjá Vatnajökulsþjóðgarðs og Umhverfisstofnunar. En hvernig er umsjón og landnýtingu háttað á þjóðlendunum? Forsætisráðuneytið fer með umsjá þeirra og hefur einn starfsmann til að sinna málefnum sem tengjast þeim. Einnig er starfandi samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna þar sem fulltrúar nokkurra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga eiga sæti. Hlutverk nefndarinnar er að vera forsætisráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda (skáletrun SB) innan þjóðlendna, eins og segir á heimasíðu forsætisráðuneytisins.

Umsjón ríkisins með þjóðlendunum og þar með drjúgum hluta miðhálendisins er því afar takmörkuð. Hún snýr ekki að verndun, endurheimt gróðurlenda, uppbyggingu til að taka við ferðamönnum eða annarri sjálfbærri nýtingu, að því er virðist, heldur fyrst og fremst að því að ráðstafa réttindum til þeirra aðila sem eiga, eða telja sig eiga, ítök vegna ýmiss konar hlunninda og atvinnureksturs, beitar, veiða, vatnsréttinda, virkjana, útivistar og ferðamennsku. Hagsmunirnir eru miklir og vaxandi og margir sjá tækifæri. Þjóðin á landið en margir vilja ráðskast með það, stofnanir, sveitarstjórnir, hagsmunasamtök og einstaklingar. Þjóðlendurnar á hálendinu eru í raun án hirðis og fyrir vikið ríkir þar víða stjórnleysi. Vega- og slóðakerfið er óburðugt, merkingar ýmist vantar eða eru ósamstæðar, verndaraðgerðir eru litlar sem engar, mannvirki rísa á ólíklegustu stöðum, fræðsla, landvarsla og löggæsla er í mýflugumynd og ferðamenn vita oft ekki sitt rjúkandi ráð.

Það er löngu orðið tímabært að hugsa þessi mál upp á nýtt og fara að sinna hálendinu af þeim metnaði og virðingu sem því ber. Hálendið er eitt af gulleggjum þjóðarinnar. Það þarf að skoða og meta sem eina heild, vernda sem heild, skipuleggja sem heild og því þarf að sinna sem heild í einni öflugri stofnun. Lítum til annarra þjóða, svo sem Norðmanna, Nýsjálendinga og Bandaríkjamanna, hvernig þær sinna sínum þjóðlöndum. Lærum af þeim og látum heildarhagsmuni Íslendinga ráða för.


# Afreksstyrkir Landsbankans

**Samfélagssjóður Landsbankans veitir þrjár milljónir króna í afreksstyrki. Markmiðið með veitingu styrkjanna er að styðja við bakið á afreksfólki sem iðkar einstaklingsíþróttir. Einnig verða veittir styrkir til ungs íþróttafólks sem á framtíðina fyrir sér.**

**Eftirfarandi styrkir verða veittir:**

» Afreksstyrkir: Allt að 500.000 kr.
» Afreksfólk framtíðarinnar: Allt að 200.000 kr.

**Umsóknarfrestur**
Umsóknarfrestur vegna afreksstyrkja rennur út föstudaginn 2. mars 2012 (póststimpill gildir).

Fylla þarf út sérstakt umsóknareyðublað á vef Landsbankans og senda til: Afreksstyrkir, Landsbankinn, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru fimm tegundir styrkja veittar; afreksstyrkir, námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir. Dómnefndir eru skipaðar fagfólki á hverju sviði.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000


# Náttúruminjasafn Íslands – Tímaskekkja?

Náttúruminjasafn



**Hjörleifur Finnsson**
heimspekingur og þjóðgarðsvörður

Það er mögnuð reynsla að heimsækja Náttúruminjasafnið í Kalkútta, stofnað 1814 telst það eitt elsta sinnar tegundar í heiminum. Á Viktoríutímanum (1878) flutti svo safnið í núverandi byggingu, risastóra hvítkalkaða nýlenduherrabyggingu. Byggingin, sem ekki aðeins gaf „náttúrunni“ veglegan sess í miðborg Kalkútta, miðlaði drottnun mannsins yfir náttúrunni og breska heimsveldisins yfir Indlandi.

Að ganga úr einum risasal í annan, með alla veggi þakta sýningarskápum, þar sem hvert uppstoppaða dýrið bítur í skottið á næsta er stórmerkileg reynsla. Má með sanni segja að maður geti mikið lært af slíkri heimsókn. En ekki um náttúruna.

Í því sem lítur út fyrir að vera lítið breytt útstilling frá því að safnið flutti, standa tígrisdýr, hlébarðar og skógarbirnir í árásarstellingu sem fulltrúar hinnar myrku náttúru sem maðurinn hefur sigrast á og beislað. Rétt eins og nýlenduherrarnir höfðu þvingað Indverja til að þjóna sínum markmiðum. Yfir öllu liggur tveggja sentimetra ryklag, loppan af tígrisdýrinu, skottið af hlébarðanum og gleraugа bjarnarins liggja brotin á gólfinu sem segir okkur svo aðra sögu. Af heimsókn í náttúruminjasafnið í Kalkútta lærir maður ekki um náttúruna, heldur um menningu og sögu: Um vestræna menningu iðnvæðingar og nýlenduútþenslu og hvernig hún skilgreindi náttúruna sem manninum gefin til drottnunar.

> Flestir eru sammála um að Náttúruminjasafn Íslands ræki ekki lögboðið hlutverk sitt.

### Náttúran og fræðslan um hana

Á 19. öld, þegar skipsfarmarnir af furðudýrum fóru að streyma frá nýlendunum til stórborga hins vestræna heims, hófst gullöld náttúruminjasafnanna. Síðan þá hafa hugmyndir vestrænna manna breyst mikið. Menn gera sér í auknum mæli grein fyrir takmörkunum drottnunarafstöðu mannsins, að beislun náttúrunnar er í besta falli tvíeggjað sverð sem snúist gæti gegn manninum og að upphafning mannsins á sjálfum sér sem skynsemisveru gagnvart andstæðu sinni, náttúrunni, var og er tálsýn. Í samræmi við þessa þróun hefur vægi náttúruminjasafna (og dýragarða) minnkað á kostnað annarra leiða í fræðslu um náttúruna. Miðað við þarfir vestrænna borgarsamfélaga og stöðu náttúruvísinda, stendur ein leið upp úr: fræðsla úti í náttúrunni sjálfri. Allar aðrar fræðsluleiðir; bækur, bæklingar, söfn, margmiðlun, kvikmyndir, vefsíður, o.s.frv. eru hjálpartæki við þá óhjákvæmilegu leið til að kynnast náttúrunni: Að dvelja í henni.

### Náttúruminjasafn Íslands

Samkvæmt lögum hefur Náttúrminjasafn Íslands miðlægt fræðsluhlutverk, því ber að safna saman og miðla þekkingu á náttúrunni til almennings og vera öðrum menntastofnunum til ráðgjafar í málefnum náttúrufræðslu. Með réttu ætti samhæfing allrar náttúrufræðslu landsins að fara í gegnum Náttúruminjasafn Íslands. Stofnunin hefur fyrst og fremst menntunar- og fræðsluhlutverk. Rannsóknarhlutverk þess er afar loðið enda Náttúrufræðistofnun Íslands sem annast náttúrufarsrannsóknir. Hlutverk og markmið Náttúruminjasafns Íslands eru að öðru leyti sett skýrt fram í lögunum sem um það gilda og skilgreina ágætlega hvar þarf að taka á náttúrufræðslu á Íslandi.

Skynsamlegt ferli í uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands væri því að skilgreina leiðir sem endurspegla hlutverk þess og markmið. Þá myndi skipta miklu máli að forgangsraða leiðunum eftir áhrifamætti og gæðum þeirra en einnig eftir kostnaði þar sem seint mun fást ómælt fjármagn úr ríkiskassanum.

Af umfjöllun Fréttablaðsins um málefni Náttúruminjasafnsins á síðustu misserum má draga þá ályktun að forstöðumaður safnsins og fleiri einblíni á veglegt hús miðsvæðis í Reykjavík sem forsendu þess að stofnunin geti rekið hlutverk sitt. Að veglegt hús fullt af söfnuðum náttúruminjum (væntanlega með skottunum enn hangandi á) ásamt margmiðlunar-gimmiki og einhverju fleiru sé það sem geri stofnuninni kleift að ná markmiðum sínum. Þetta er rangt. Ekkert bendir til þess að hefðbundið Náttúruminjasafn sem kosta myndi fleiri milljarða króna myndi standast samanburð við aðrar leiðir til að ná sömu markmiðum, hvorki hvað varðar gæði né kostnað. Þvert á móti bendir flest til þess að flestar aðrar leiðir væru hagkvæmari og áhrifameiri en stórhýsi í miðbænum miðað við stöðu mála í náttúrufræðslu í dag.

### Framtíðin

Flestir eru sammála um að Náttúruminjasafn Íslands ræki ekki lögboðið hlutverk sitt. Sumir virðast þó álíta að það stafi af skorti á steinsteypu, málmi og gleri í miðbæ Reykjavíkur. Ekkert í lögunum um Náttúrminjasafn Íslands kveður á um það að hlutverk þess sé að reisa stórkarlalegar byggingar. Er það til of mikils mælst að athyglinni sé beint að raunverulegum og mikilvægum markmiðum Náttúrminjasafns Íslands, fræðslu til almennings um náttúru okkar og umhverfi?

Náttúrufræðsla sem væri samtíma okkar samboðin færi ekki fram í rammgerðri viktorískri höll heldur úti í náttúrunni sjálfri.

AF NETINU

### Fyrrum hrokagikkurinn Stefán Jón!

Það var dálítill hroki í Stefáni Jóni Hafstein hér í eina tíð. Allavega var hann dálítið góður með sig. Hafði reyndar að sumu leyti efni á því. Vel gefinn, myndarlegur maður sem auðvelt á með að tjá sig við hvern sem er. Ljóst að það rúllar enginn yfir Stefán Jón.

En Stefán Jón hefur breyst. Hann dró sig út úr íslenskri pólitík og fór að starfa að þróunarsamvinnu í Afríku. Ég hef fylgst með honum þar. Séð hann vinna gott starf. Og séð „dálítinn hroka“ hægt en örugglega þróast yfir í hæfilega auðmýkt. Þrátt fyrir hæfilega auðmýktina rúllar enginn yfir Stefán Jón. Það segir honum enginn fyrir verkum. En hann hefur lært að þjóna. Þannig þarf forseti Íslands að vera.

http://blog.eyjan.is/hallurm

**Hallur Magnússon**

**Árleg byssusýning** verður í Veiðisafninu á Stokkseyri að Eyrarbraut 49 laugardaginn 3. og sunnudaginn 4. mars frá klukkan 11 til 18. Þar verður fjölbreytt úrval skotvopna til sýnis svo sem haglabyssur, rifflar, skammbyssur, herrifflar ásamt ýmsu frá landskunnum söfnurum.





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

**Jón Ásgeir Hreinsson hefur hafið útgáfu mótorhjólatímarits.**

# Varð ástfanginn af fyrsta hjólinu sextán ára

Þetta er ákveðinn kúltúr sem tengist svokölluðum kaffi-racerum og strætisrökkum, eins og við köllum Street Tracker á íslensku," segir Jón Ásgeir Hreinsson sem hafið hefur útgáfu mótorhjólatímaritsins Kickstart. „Á þessum hjólum er það ekki endilega aflið sem skiptir máli heldur útlitið og „performansinn". Þarna eru menn á 400 til 600 kúbika hjólum í staðinn fyrir 1.000 til 1.200 kúbika. Svo er stíllinn í kringum þessi hjól mjög skemmtilegur. Rockabilly tengist þessu mikið og þetta er svona pínu afturhvarf til fortíðar en samt gert á fallegri máta en gert var á sjöunda áratugnum þegar þessi stíll varð vinsæll. Þetta er kúltúr sem lítið hefur farið fyrir hér heima en maður hefur fylgst með erlendis og mig langaði að kynna betur."

Fyrsta tölublað Kickstart er komið út, 74 blaðsíður af fjölbreyttu efni sem tengist hjólunum. „Þetta verða þrjú blöð á ári," segir Jón Ásgeir. „Í febrúar, júní og október. Júníblaðið kemur út 16. júní og

FRAMHALD | 3



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Hugsaðu vel um fæturna**
Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: Arisona. Verð: 12.885,-
Misty skor
Laugavegi 178
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is
BIRKENSTOCK
Stærðir 36 - 48
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.

**Rafstilling ehf**
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*
Þvottavél *12 kg* Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
*<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn*
*Afkastamikill þurrkari >*
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

*Amerísk gæðavara*

**Gólfhitakerfi**
**Ekkert brot ekkert flot**

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.


**TACOS**
Nauta tacos:
Tortillur, nautakjöt, sterk/mild sósa, fersk salsa, kornsalsa, fajitas og ostur.
Aðeins 494 kcal.
1.340,-
Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is

**Vegagerdin.is** er þrælfín vefsíða fyrir þá sem hyggja á bíltúr út fyrir borgarmörkin. Þar eru reglulega birtar tilkynningar um færð og ástand á vegum landsins. Einnig er hægt að fá þessar upplýsingar í síma 1777.














Sífellt fleiri ferðamenn sækja Vatnajökulsþjóðgarð heim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fleiri ferðamenn koma í þjóðgarðinn

Starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs hafa skráð allar heimsóknir í tvö ár og þessi vetur slær öll met hvað fjölda ferðamanna á svæðinu áhrærir.

„Í vetur hafa verið hér í Skaftafellsstofu umtalsvert fleiri heimsóknir en undanfarin ár. Suma mánuði hafa komið 130 prósentum fleiri ferðamenn en fyrir tveimur árum,“ segir Guðmundur Ögmundsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar í Vatnajökulsþjóðgarði. „Við höfum mælt fjölda ferðamanna hér á hverjum degi síðan árið 2009 og þessi vetur slær öll met. Þannig að við höfum ekki yfir neinu að kvarta.“

Guðmundur segir þá nýbreytni hafa verið tekna upp fyrir nokkrum árum að hafa Skaftafellsstofu opna allan ársins hring og það hafi skilað sér. „Yfir háveturinn er opið frá 11 til 15 en frá 1. mars höfum við opið frá 9 til 16 og um páskana verður hér opið frá 9 til 18.“ Hann segir enga leið að segja til um það hvernig traffíkin verði um páskana, það fari mikið eftir veðri og aðstæðum. „Það koma þó alltaf einhverjir hópar sem eru að ganga á fjöllin, gjarnan björgunarsveitarfólk héðan og þaðan af landinu og aðrir sem vilja halda sér í þjálfun. En fólk er ekki að koma hingað og tjalda á þessum árstíma. Það gerist ekki.“

*- fsb*



# PLASTIÐNAÐUR

MIÐVIKUDAGUR **29. FEBRÚAR 2012** | **Kynningarblað** Pokar, gæðavottun, endurvinnsla, iðnaður, útflutningur.



Plastfilmur blásnar í verksmiðjunni.




Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Plastprents, með hluta af umbúðaframleiðslu fyrirtækisins í baksýn. MYND/VALLI



Notað plast er malað og öðlast nýtt líf í endurvinnsluhluta Plastprents.



Guðbrandur við Bielloni tíu lita prentvél fyrirtækisins.



Hér er verið að framleiða plast fyrir sjávarútveginn.

# Áreiðanleiki, gæði og sveigjanleiki að leiðarljósi

**Plastprent er sérhæft umbúðafyrirtæki á sviði mjúkra plastumbúða. Það var stofnað árið 1957 og fagnar því 55 ára afmæli í ár. Fyrirtækið er leiðandi á sviði plastumbúða á Íslandi með breiðan viðskiptavinahóp og mikið vöruúrval.**

Plastprent hóf starfsemi í bílskúr á Flókagötu árið 1957. Nú 55 árum síðar starfa hér 75 manns í rúmgóðu húsnæði að Fosshálsi 17 til 25 auk þess sem við rekum söluskrifstofu á Akureyri," segir Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Plastprents. Fyrirtækið er sérhæft umbúðafyrirtæki á sviði mjúkra plastumbúða.

## Umfangsmikil verksmiðja

Í verksmiðju Plastprents að Fosshálsi fer fram mikið starf. „Við erum að blása plastfilmur, það er að búa til plastfilmur úr plasthráefni. Þá erum við með klisjugerð sem er myndmótagerð fyrir þau prentmót sem við notum í flexóprentuninni hjá okkur. Svo erum við með sérhæfðar prentvélar til að prenta á plast," telur Guðbrandur upp. Hann nefnir einnig lamineringarvél sem límir saman tvær mismunandi gerðir af plasti til að ná fram ákveðnum pökkunareiginleikum. „Þá erum við með pokagerð þar sem við búum til poka af öllum mögulegum stærðum og gerðum, allt frá burðarpokum og brauðpokum upp í heilfrystipoka fyrir sjávarútveginn," segir hann.

Plastprent er leiðandi á sviði plastumbúða og er viðskiptavinahópurinn afar breiður og vöruúrvalið mikið. „Við erum með tvö þúsund viðskiptavini í tólf atvinnugreinum, allt frá landbúnaði og sjávarútvegi til heilbrigðisgeirans og matvælaiðnaðarins," segir Guðbrandur.

Plastprent — Sérfræðingar í umbúðalausnum

Framleiðsla fyrir matvælaiðnaðinn er stærsti þátturinn í starfsemi Plastprents. „Tveir þriðju af því sem við erum að selja eru matvælaumbúðir af ýmsu tagi."

## Sérfræðingar í umbúðalausnum

Ánægja viðskiptavina skiptir Plastprent miklu máli. Því er lögð áhersla á að fyrirtækið afhendi vörur á tilsettum tíma og að þær uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til gæða og áreiðanleika. „Fyrirtækið kappkostar að finna hagkvæmustu lausnir fyrir viðskiptavini sína og leggur áherslu á að starfsfólk veiti vandaða og faglega þjónustu," segir Guðbrandur og bætir við að hjá Plastprenti starfi sérfræðingar á hverju sviði. Þá starfi starfsmenn með gildi fyrirtækisins að leiðarljósi en þau eru: Áreiðanleiki, gæði og sveigjanleiki.

## Gæðakerfi og vottanir

„Plastprent er með vottað gæðakerfi sem er byggt upp samkvæmt GÁMES kerfi og í samræmi við staðalinn ISO 9001.2008," segir Guðbrandur en til viðbótar er Plastprent með vottunina BRC/IOP (British Retail Consortium/Institute of Packaging). „Sú vottun gerir okkur kleift að framleiða matvælaumbúðir ætlaðar fyrir vörur seldar í stóru smásölukeðjunum í Bretlandi á borð við TESCO, ASDA, Morrison og fleiri," útskýrir hann. Hluti af framleiðslu Plastprents hefur því farið til útlanda. Inntur eftir því hvort sá þáttur eigi eftir að aukast svarar Guðbrandur: „Við verðum seint útflutningsfyrirtæki á umbúðum en þetta er fínt með öðru."

## Aukin áhersla á endurvinnslu

Plastprent hefur ávallt lagt upp úr endurvinnslu en að undanförnu hefur áherslan á endurvinnsluna í fyrirtækinu aukist til muna. „Við höfum aukið vélakost til endurvinnslu og erum í samstarfi við kaupendur um söfnun á plasti sem fellur til hjá viðskiptavinum," segir Guðbrandur. Hann tekur dæmi um að í framleiðslu á sorppokum séu notuð 90 prósent af endurunnu hráefni. „Við flokkum hráefnið sem fer í endurvinnsluna og ef við erum til að mynda með óáprentað, hvítt eða glært plast, getum við notað það áfram í burðarpoka," segir hann.

Guðbrandur telur framtíðina bjarta hjá Plastprenti. Stefnan sé að auka enn vélakost í verksmiðjunni og halda áfram stöðugri vöruþróun auk þess sem hann sér fyrir sér að endurvinnslan verði með tímanum enn stærri þáttur í starfi fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar um starfsemi Plastprents má nálgast á www.plastprent.is.

## VOTTAÐ FRAMLEIÐSLUKERFI

**Gæðakerfi Plastprents** er byggt upp samkvæmt GÁMES kerfi og í samræmi við staðalinn ISO 9001.2008. Plastprent er einnig með BRC/IOP (British Retail Consortium/Institute of Packaging) sem gerir Plastprenti kleift að framleiða matvælaumbúðir fyrir vörur seldar í stóru smásölukeðjunum í Bretlandi.

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001

BRC PACKAGING CERTIFICATED

## UMHVERFISÁHRIF PLASTEFNA

**Plastefni eru** orðin ómissandi hluti af daglegu lífi fólks, í raftækjum, tölvum, ýmsum heimilisbúnaði, í bifreiðum, flugvélum og svo framvegis. Plastefnin eru einnig mjög mikilvæg í ýmsum umbúðum. Meira en helmingur allra framleiðsluvara í Evrópu er pakkaður í umbúðir úr plasti. Þrátt fyrir það vega plastumbúðir aðeins um 17% af heildarþyngd umbúða. Það þarf því minna af plastefnum til umbúða samanborið við önnur umbúðaefni. Plastefni minnka því orkunotkun og útblástur koltvísýrings. Plastefni lágmarka sóun auðlinda, þar sem minni orku þarf til að framleiða plastefni, minna magn af plastefni þarf til að leysa ákveðin verkefni og minna magn spilliefna. Sem dæmi má nefna léttari flöskur fyrir vatn, gosdrykki eða þvottaefni og þynnri filmur fyrir umbúðir. Plastpokar eru 100% endurvinnanlegir.

## ENDURUNNIÐ HRÁEFNI

4 LDPE

**Plastprent hefur** í áraraðir endurunnið plastúrgang sem fellur til í verksmiðju í framleiðslu á sorppokum og burðarpokum. Sorppokarnir frá Plastprenti eru með yfir 90% endurunnið hráefni. Burðarpokarnir frá Plastprenti eru með allt að 80% endurunnið hráefni.

## BLEIKI POKINN

**Plastprent lagði** Krabbameinsfélaginu lið í október og seldi poka merktan Bleiku slaufunni til viðskiptavina sinna. Um var að ræða bleikan poka sem minnti fólk á átakið og seldust alls 20.000 pokar á tímabilinu. Plastprent styrkti Krabbameinsfélagið um 5 krónur á hvern seldan poka og afhenti Ragnheiði Haraldsdóttur, forstjóra Krabbameinsfélagsins, bleika ávísun upp á 100.000 krónur.





Plastiðjan Bjarg framleiðir búfjármerki fyrir íslenska bændur. Merkin eru flutt inn tilsteypt en í þau eru brenndar merkingar á staðnum eftir pöntun hvers bónda.

## PLASTIÐJAN BJARG – IÐJULUNDUR

Plastiðjan Bjarg var stofnuð árið 1968 af Sjálfsbjörgu, félagi fatlaðra. Iðjulundur var stofnaður árið 1981 og voru vinnustaðirnir tveir sameinaðir árið 1999. Í dag er Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur 70 manna vinnustaður þar sem einstaklingum með skert starfsþrek er veitt atvinna til skemmri og lengri tíma. Áhersla er lögð á iðnframleiðslu sem krefst vinnu með höndunum eða minni vélum. Fyrir utan eigin framleiðslu tekur fyrirtækið meðal annars að sér pökkun og álímingu á umbúðir fyrir önnur framleiðslufyrirtæki. Nánari upplýsingar er að finna á www.plastidjan.hlutverk.is.



Rofadósir í veggi og loft eru steyptar hjá Plastiðjunni Bjargi og þeim pakkað. Stöðugt er unnið að vöruþróun hjá fyrirtækinu.




Lögð er áhersla á einföld og flóknari störf en markmiðið með starfsþjálfun á Bjargi er að koma fólki út á almennan vinnumarkað. MYND/HEIDA.IS

# Efla innlendan iðnað með samstarfi

**Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur (PBI) er starfsþjálfunar- og endurhæfingarvinnustaður á Akureyri þar sem unnið er að ýmiss konar iðnaðarframleiðslu .Meðal þess sem er framleitt er íslenskt raflagnaefni og búfjármerki.**

Plastframleiðslan hjá okkur á Bjargi er tvíþætt, annars vegar framleiðum við raflagnaefni, má þar nefna rofadósir, loftadósir og hólka og aðra fylgihluti með þessu efni. Hins vegar búfjármerki fyrir bændur. Við erum jafnframt eini aðilinn sem framleiðir þessar vörur hér á landi,“ útskýrir Magnús Kristjánsson rekstrarstjóri Plastiðjunnar Bjargs á Akureyri.

Búfjármerkin eru flutt inn steypt en númer og texti er brennt með leiser-prentara á PBI. Raflagnaefnið er hins vegar steypt á staðnum og er PBI í samstarfi við fyrirtækið Ásverk á Akureyri um smíði móta. Magnús segir eitt af markmiðum Plastiðjunnar Bjargs – Iðjulundar að stofna til samstarfs við framleiðslufyrirtæki og efla þannig íslenskan iðnað.



Ólöf Elfa Leifsdóttir forstöðumaður og Magnús Kristjánsson, rekstrarstjóri hjá Plastiðjunni Bjargi – Iðjulundi. Í kringum 55 manns eru að jafnaði í starfsþjálfun í verksmiðjunni þar sem framleitt er meðal annars raflagnaefni og búfjármerki. MYND/HEIDA.IS

„Við erum stöðugt að þróa og bæta framleiðsluna okkar og bæta við fylgihlutum. Við sækjumst eftir klasasamstarfi við innlend fyrirtæki og ef framleiðsluaðila vantar eitthvert sérstakt stykki getum við þróað það í samstarfi við hann og framleitt það. Sem dæmi þá unnum við að þróun plastkubba til að festa gereft á hurðir fyrir innréttingafyrirtæki hér á Akureyri. Við steypum kubbana og sjáum um pökkun á smáhlutum sem þarf til,“ útskýrir Magnús.

Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur er starfsþjálfunar- og endurhæfingarvinnustaður þar sem áhersla er lögð á bæði einföld og flóknari störf. Alls starfa tólf fastir starfsmenn; leiðbeinendur, verkstjórar og iðjuþjálfar á staðnum. „Markmiðið er að koma fólki inn á almennan vinnumarkað og að meðaltali eru í kringum 55 manns hverju sinni í starfsþjálfun hjá okkur, mislangan tíma í senn. Eftir hrun höfum við aukið markaðshlutdeild okkar í ýmsum vöruflokkum enda horfir markaðurinn á íslenska vöru í dag sem er jákvætt. Gæðalega stenst hún fullkomlega samanburð,“ segir Magnús.

# Fjölbreytt framleiðsla og lausnir

**Hjá Format – Akron fer fram hönnun og framleiðsla á alls kyns hlutum úr plasti og tengdum efnum. Má þar nefna smáhluti, alls konar standa úr plexígleri og nammibox en einnig heilu verslanirnar, auk þess sem sýningarhönnun er vaxandi liður í starfseminni.**

Hjá Format – Akron er unnið með fjölbreytt verkefni úr plasti og tengdum efnum. „Við flytjum inn plastefni frá Danmörku, Þýskalandi og Belgíu og gerum allt frá lófastórum smáhlutum upp í heilu verslanirnar. Hjá fyrirtækinu starfar fólk með mjög fjölbreytta menntun og mikla reynslu af plastvinnslu úr plötum en meðalfjöldi starfsmanna er 11-13 manns,“ segir framkvæmdastjórinn Pétur Ingi Arnarson.



Efnissala hefur að sögn Péturs alltaf verið stór liður í starfseminni. Litaúrvalið af plexígleri er fjölbreytt auk þess sem hægt er að fá þykkt að eigin vali. Hann segir þónokkra þróun hafa orðið á plastmarkaðinum og ýmislegt breyst með tilkomu nýrra plasttegunda sem gerir möguleikana fleiri.

Pétur Ingi segir hægt að skipta framleiðslunni niður í nokkra flokka. „Við erum hvað þekktust fyrir að framleiða ýmsa standa úr plexígleri. Má þar nefna borð og veggstanda fyrir bæklinga og pappír. Eins framleiðum við póstkassa, nammibox og kynningarstanda úr sama efni svo dæmi séu nefnd. Þá höfum við sérhæft okkur í að framleiða lausnir sem tengjast sjálfsafgreiðslu eins og vörur fyrir nammibari, bakarí og aðra sem þurfa sérlausnir. Eins gerum við töluvert af því að blanda saman plastefnum og krossviði, eða nokkrum tegundum af plasti þannig að niðurstaðan verði góð,“ lýsir Pétur.

Framleiðslan er að hans sögn nær öll hönnuð á staðnum sem gerir það að verkum að auðvelt er að gera breytingar sé þess óskað. „Við notum svokallaða CNC-skurðartækni sem er mjög fullkomin en auk þess var ný laserskurðarvél tekin í notkun í fyrra.“

Pétur segir verkefnin af öllum stærðum og gerðum eins og algengt er með íslensk framleiðslufyrirtæki. „Þetta eru allt frá litlum laserskornum hlutum upp í heilu verslanirnar.“

„Nýlega hönnuðum við og framleiddum til dæmis endurnýjaða verslun fyrir Hátækni og ZO-ON en það er nokkuð sérstakt að bæði hönnunin og framleiðslan fari fram á sama stað. Þá erum við að framleiða standa fyrir tvö hundruð sportvöruverslanir í Svíþjóð. Í því tilfelli hönnuðum við standana með útflytjanda og framleiddum einnig sem sparar mikinn tíma fyrir fólk sem er að huga að framsetningu.“

Pétur segir sýningarhönnun vaxandi lið í starfseminni. „Dæmi um slíkt er sýning í tilefni tvö hundruð ára afmælis Jóns Sigurðssonar í fyrra en hún var unnin í samstarfi við aðra hönnuði. Þá höfum við framleitt sýningar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð og Landgræðsluna svo dæmi séu nefnd.“



„Við höfum alltaf verið lausnamiðuð og ráðleggjum okkar viðskiptavinum um framleiðsluefni, allt eftir því sem við á,“ segir framkvæmdastjórinn og iðnhönnuðurinn Pétur Ingi Arnarson.



Format-Akron framleiðir meðal annars póstkassa sem þessa.




Laserskornir smáhlutir úr plexígleri gerðir eftir pöntun.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is s. 512 5432. Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# SAFETRAVEL

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

safetravel.is

MIÐVIKUDAGUR 29. FEBRÚAR 2012

**Kynningarblað** um snjóflóðaöryggisbúnað, leiðarval og annað fyrir örugg ferðalög.


# Snjóflóð hreif þá niður snarbrattan jökulinn

Fimm vanir fjallgöngumenn lentu í snjóflóði í Virkisjökli í Hvannadalshnúk í lok maí 2006. Þrír þeirra slösuðust og var fjöldi björgunarmanna kallaður til enda um erfiðar aðstæður að ræða.

Guðmundur Jónsson, einn fjallgöngumannanna, segir að það hafi komið sér mjög á óvart hversu fljótar björgunarsveitir voru á vettvang. „Einn okkar, Bjartmar Örn Arnarson, var að fara í sjötta skiptið á jökulinn. Hann hefur gengið á Mont Blanc og er alvanur fjallgöngumaður. Ég hafði gengið á mörg fjöll og var í annað skiptið á leið upp Hvannadalshnúk. Við vorum bæði vel skipulagðir og mjög vel útbúnir fyrir þessa ferð,“ segir Guðmundur.

Bjart og gott veður var þennan dag. „Við lögðum af stað undir morgun og vorum komnir að toppnum þegar flóðið fór af stað um hádegi. Þetta var ekki stór snjóskafl en þegar hann rann af stað braut hann undan okkur þannig að við misstum fótanna. Þetta var einungis 20 cm þykkur snjóskafl, léttur snjór en í brattri hlíð. Við vorum bundnir í línu og ég var aftastur. Þegar snjórinn fór að hreyfast undan okkur þá misstum við sem vorum aftast jafnvægið með þeim afleiðingum að allir fimm hröpuðu niður. Það skaðaði þá þrjá sem voru á undan okkur að við vorum bundnir saman. Einn rifbeinsbrotnaði, annar ökklabrotnaði og sá þriðji tognaði illa á ökkla. Við vorum í 45 gráðu halla svo það var snarbratt niður. Við runnum 70 metra niður með flóðinu en þegar það stoppaði var sem betur fer enginn okkar í kafi. Við kölluðumst strax á og það var mikill léttir að allir voru með höfuðið uppi,“ greinir Guðmundur frá.

## Aðstoðin kom fljótt

Eftir að í ljós kom að þrír félaganna voru slasaðir veltu þeir vöngum yfir hvað best væri að gera í stöðinni. „Við ákváðum að óska eftir aðstoð og náðum í almannavarnastöð á Kirkjubæjarklaustri. Aðeins tveir í hópnum voru göngufærir og við vorum staddir í mikilli hæð. Aðgerðastöð í Reykjavík ákvað að senda bæði björgunarsveit og þyrlu á staðinn og við vorum þakklátir fyrir það. Fjórir í fjallgönguhópnum eru flugmenn og vissu að það gæti verið tæpt að ná mönnunum í þetta miklum halla. Á meðan þyrlan sveimaði fyrir ofan okkur var björgunarsveitin á leiðinni á vélsleðum og bílum. Auk þess voru fjórir fallhlífarstökkvarar úr björgunarleiðangrinum sem stukku úr Fokker-vél og voru fluttir með þyrlunni á slysstað. Það var í fyrsta skipti sem fallhlífarsveitin var send á vettvang,“ segir Guðmundur enn fremur.

Eftir að þeim slösuðu hafði verið bjargað í þyrluna tíndum við sem eftir vorum saman dótið og héldum af stað niður. Um sama leyti sáum við menn koma gangandi til okkar en þeir höfðu komið með þyrlunni og gátu aðstoðað okkur með farangurinn. Það var svo varla liðinn klukkutími þegar fyrstu vélsleðarnir blöstu við. Björgunarsveitin var ótrúlega fljót á vettvang. Við erum ákaflega þakklátir snarræði björgunarsveitanna sem stóðu afar vel að öllum aðgerðum.“



Félagarnir fóru á Hvannadalshnúk í björtu og fallegu veðri.




Guðmundur Jónsson, einn fimmmenninganna, segir að björgunarsveitin hafi verið ótrúlega fljót á staðinn.



Fjallgöngumennirnir voru bundnir saman í línu sem skapaði hættu þegar flóðið féll.



Ferðin gekk vel upp á toppinn þangað til snjórinn gaf sig undir fótum þeirra.



Í snjóskafli. Mikil mildi var að ekki urðu alvarleg slys á mönnum.

## LÍFSBJÖRG Í SNJÓFLÓÐI

**Snjóflóðabakpokar hafa sannað gildi sitt til bjargar mannslífum í snjóflóðum.**

„Snjóflóðabakpokar byggja á lögmáli snjóflóða þegar stórir hlutir eins og bílar standa upp úr á meðan fólk grefst undir flóðinu,“ útskýrir Ríkarður Sigmundsson í Garmin-búðinni þar sem finna má ABS-snjóflóðabakpoka.



Ríkarður Sigmundsson með ABS-snjóflóðabakpoka í Garmin Búðinni. MYND/VALLI

„ABS hefur frá 1985 staðið fyrir umfangsmiklum rannsóknum í tengslum við þróun snjóflóðabakpoka, en þeir hafa þann tilgang að auka rúmmál einstaklings sem lendir í snjóflóði þannig að hann fljóti ofan til í flóðinu, eins og stærri hlutir gera.“

Í ABS-snjóflóðabakpoka eru tveir stórir belgir, samanlagt 170 lítrar, sem blása sjálfkrafa út þegar kippt er í handfang á pokanum. Belgirnir liggja meðfram hliðum pokans og trufla því hvorki handa- né höfuðhreyfingar einstaklings sem getur óþvingað kraflað sig áfram og séð í kringum sig.

„Á bak við ABS-bakpokana eru 270 skráð tilfelli úr snjóflóðum þar sem fólk hefur verið með bakpokana á sér og björgunarlíkur hafa reynst 97 prósent.“

ABS-snjóflóðapokar fást í Garmin-búðinni, Ögurhvarfi 2 í Kópavogi. Sjá nánar á www.garmin.is

## BELGIR SEM BJARGA

**Freri selur snjóflóðabakpoka sem eru hannaðir út frá rannsóknum á snjóflóðum og lífsreynslu fórnarlamba sem lent hafa í þeim.**

„Níu af hverjum tíu sem látast í snjóflóðum deyja vegna súrefnisskorts eða of mikils þrýstings á lungu þegar þeir grafast djúpt undir. Því er helsta markmið varnarbúnaðar að halda þeim sem lenda í snjóflóði á yfirborði þess, með því að auka ummál þeirra með uppblásanlegum belgjum,“ upplýsir Kolbeinn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Frera ehf. sem býður snjóflóðabakpoka frá Backcountry Access (BCA).

„Snjóflóðabakpoki nýtist eins og hver annar bakpoki, en býr yfir innbyggðum 150 lítra belg sem blæs upp þegar kippt er í gikk á pokanum,“ útskýrir Kolbeinn.



Kolbeinn Guðmundsson með BCA-snjóflóðabakpoka frá Frera ehf. MYND/STEFÁN

BCA-bakpokar hafa margsannað sig í björgun mannslífa í snjóflóðum. „BCA hannar bakpoka sína út frá áratuga rannsóknum á snjóflóðum og lífsreynslu fólks sem lent hefur í slíkum hamförum,“ segir Kolbeinn. „Snjóflóðabakpoki er lífsnauðsynlegur búnaður við ferðamennsku í snjóugu brattlendi og ekki síst fyrir vélsleðafólk. BCA-snjóflóðabakpokarnir byggja á nýrri og mun hagkvæmari tækni en eldri snjóflóðabakpokar á markaðnum og eru fylltir lofti í stað gass, sem Freri sér um að fylla á að kostnaðarlausu.“ Sjá nánar á www.freri.is



MYND/ÓLAFUR LARSEN ÞÓRÐARSON

## SNJÓFLÓÐAÖRYGGISBÚNAÐUR OG LÍFSLÍKUR Í SNJÓFLÓÐUM

Safetravel og Slysavarnafélagið Landsbjörg bjóða þér að sækja fyrirlesturinn „Snjóflóðaöryggisbúnaður og lífslíkur í snjóflóðum“. Fyrirlesturinn verður haldinn í húsnæði Hjálparsveitar skáta í Reykjavík að Malarhöfða 6 og í húsnæði Súlna – björgunarsveitar Akureyrar að Hjalteyrargötu 12. Fyrirlesturinn hefst á báðum stöðum kl. 20. Farið verður yfir það hvernig mismunandi búnaður virkar og hvernig hann miðar að því að auka lífslíkur þess sem lendir í snjóflóði. Þetta er fyrirlestur sem enginn er ferðast til fjalla ætti að láta fram hjá sér fara.

## AÐ VERÐA FYRIR SNJÓFLÓÐI

Ef þú lendir í snjóflóði geta lífslíkur þínar aukist mikið með réttum viðbrögðum. Hið fyrsta sem þú átt að gera er að reyna að halda þér upp úr flóðinu með því að taka sundtökin. Ef þú hefur einhverja möguleika á því að reyna að verja nef og munn skaltu reyna að gera það svo öndunarvegurinn fyllist ekki af snjó. Þegar þú finnur að snjóflóðið hægir á sér, er að stöðvast skaltu hreyfa þig eins og þú getur til að skapa þér rými til að hreyfa þig og anda. Allan tímann skaltu reyna að halda ró þinni. Sparaðu kraftana þar til þú heyrir í leitarmönnum og kallaðu þá eftir aðstoð – mundu að þú heyrir betur í þeim en þeir í þér.

## RÉTT VIÐBRÖGÐ SKIPTA SKÖPUM

Lífslíkur fólks sem grefst í snjóflóðum á víðavangi hafa verið rannsakaðar töluvert. Nú er talið að 90-93% þeirra sem grafast alveg í snjóflóði séu á lífi fyrstu 15 mínúturnar eftir að flóðið stöðvast. Mjög margir látast síðan vegna köfnunar á næstu 30 mínútum þar á eftir en þau 25% sem eru á lífi 45 mínútum eftir að flóðið stöðvast, eru þeir sem ná að anda í flóðinu. Niðurstöðurnar af þessari tölfræði eru augljósar. Björgun framkvæmd af þeim sem eru á staðnum þegar flóðið fellur er langmikilvægust og slík félagabjörgun er árangursríkust með snjóflóðaýli.





## UPPTÖK SNJÓFLÓÐA

Dæmigerð upptök snjóflóða sem kallast flekahlaup eru þar sem snjór hefur safnast fyrir í skafrenningi eða hríðarveðri. Gil, hvilftar og skálar safna í sig snjó úr mun fjölbreyttari vindáttum en opnar hlíðar og því falla oftar snjóflóð úr þeim en opnum hlíðum. Hallinn í upptökum er algengastur í kringum 30 til 45 gráður en eftir að snjóflóðið er farið af stað getur það runnið í minni halla.

Upptök svokallaðra þurra lausasnjóflóða verða þar sem púðursnjór situr í mjög bröttum hlíðum. Vot lausasnjóflóð geta hins vegar átt upptök í mun minni halla því þegar snjórinn breytist í krap fer hann að hegða sér eins og vatn. Krapahlaup koma gjarnan úr giljum og lækjarfarvegum.

## SÉRNÁMSKEIÐ Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI

Slysavarnafélagið Landsbjörg býður til sérnámskeiða á Akureyri og í Reykjavík er kallast Snjóflóð 1. Þau fara fram dagana 16.-17. mars (kvöld og dagur) og kosta aðeins 21.200 krónur. Námskeiðið er bæði bóklegt (2 klst.) og verklegt (8 klst.).

Farið er vel í alla þá þætti sem skipta ferðalanga máli er þeir ferðast um fjallendi að vetrarlagi. Þar má nefna mat á snjóflóðahættu, leiðarval, notkun ýla og stanga og hvernig bregðast eigi við ef einhver lendir í flóði. Skráning er á skoli@landsbjorg.is.

# Hin heilaga þrenning

**Snjóflóðaýlir, skófla og snjóflóðaleitarstöng er sá öryggisbúnaður sem er hvað nauðsynlegastur á fjöllum.**

Það er ekki að ástæðulausu að snjóflóðaöryggisbúnaður þeirra sem ferðast í fjallendi að vetrarlagi er kallaður hin heilaga þrenning, slíkt er mikilvægi þess að búnaðurinn sé með. Þau tæki sem hafa fengið þessa stóru nafngift eru snjóflóðaýlir, skófla og snjóflóðaleitarstöng. Hvort sem um er að ræða þá sem ferðast á jeppum, vélsleðum, á skíðum eða gangandi ætti enginn að vera án hinnar heilögu þrenningar á fjöllum.



Snjóflóðastangir er hægt að brjóta saman og hafa í bakpoka. MYND/ÓLAFUR LARSEN ÞÓRÐARSON

### Snjóflóðaýlir

Snjóflóðaýlir er eitt helsta öryggistæki til fjalla en það er senditæki sem ætlað er að finna fólk sem hefur grafist í snjóflóði. Ýlirinn sendir stöðugt frá sér merki sem aðrir ýlar nema. Ef svo illa fer að einhver lendir í snjóflóði stilla félagarnir sína snjóflóðaýla af sendingu og yfir á móttöku. Þannig er hægt að nota þá strax til að leita að þeim sem hafa lent í snjóflóði og auka líkur allverulega á að finna fólk á lífi. Mjög fljótlegt er að leita með snjóflóðaýli og skal alltaf hefja leit strax. Meðan leitað er með snjóflóðaýli er hann óvirkur sem öryggistæki fyrir þann sem leitar með honum í flóðinu. Því verða menn að vera í viðbragðsstöðu til að skipta snöggt frá móttöku yfir í sendingu ef annað flóð fellur og vera æfðir í þeirri hreyfingu sem þarf til að skipta þar á milli. Meðan leitað er með snjóflóðaýli þarf að tryggja að engir ýlar í nágrenni leitarsvæðisins séu stilltir á sendingu. Æskilegt er að nokkrir menn leiti í einu verði því við komið. Eðli leitarinnar er þríþætt. Fyrst er að ná sendingu, miða hana síðan út og staðsetja að lokum nákvæmlega hvar sendirinn, og þar með manneskjan, er grafinn.

Snjóflóðaýlar eru mismunandi að gerð og þróast sífellt betur til að gegna hlutverki sínu. Þannig er hægt að fá annaðhvort analog eða stafræna ýla sem eru með mismörgum loftnetum. Sá sem leitar með analog-ýli hlustar eftir hljóðstyrk en sá sem er með stafrænum ýli les á skjá hvert skal fara. Snjóflóðaýlar með tveimur til þremur loftnetum eru stefnuvirkari en ýlar sem eru með einu loftneti. Það auðveldar þeim leitina sem ekki eru vanir að leita með snjóflóðaýlum.



Stundum er auðveldara að fara aðeins niður fyrir þann sem finnst og moka sig inn að honum í stað þess að moka niður á viðkomandi.

### Snjóflóðastöng

Snjóflóðastöng er annað gott leitartæki til notkunar í snjóflóðum. Flestar eru úr fiber eða áli, 3,0-4,0 metrar á lengd en hægt er að brjóta stöngina saman og hafa í bakpoka, í farangri á vélsleða eða á öðrum stöðum. Þegar stöng er notuð til leitar í flóði er hún sett saman og á skipulagðan hátt er henni stungið niður í gegn um snjóinn eins djúpt og hún nær. Nokkuð auðveldlega finnst ef stöngin rekst í manneskju sem er grafinn í snjóflóðinu en þegar það gerist er mikilvægt að skilja stöngina eftir á nákvæmlega þeim stað, ekki draga hana upp aftur. Með þessum hætti má leita markvisst í flóðinu hafi aðrar aðferðir ekki dugað eða ef viðkomandi var ekki með snjóflóðaýli á sér. Rétt er þó að benda á að þessi leitaraðferð er mun seinlegri og því ólíklegri til árangurs en til dæmis leit með snjóflóðaýli.

### Skófla

Skóflan er notuð þegar manneskjan sem leitað er að finnst. Hún þarf að vera létt og þægileg, passa vel á bakpoka eða vélsleða en um leið þarf að vera hægt að að lengja skaft til að gott sé að moka með henni. Gott er að hafa í huga að stundum er auðveldara að fara aðeins niður fyrir þann sem finnst og moka sig inn að honum heldur en að moka sig niður á viðkomandi.

Ekki á að þurfa að fjölyrða um mikilvægi þess að allir sem halda til fjalla að vetrarlagi hafi ofangreindan búnað með í för og kunni að nota hann. Falli snjóflóð skipta mínútur máli eigi að bjarga viðkomandi á lífi. Snjóflóðaöryggisbúnaður og þekking á honum eykur líkur á því.

# Hvernig varast ég hættusvæði

Þegar ferðast er um fjallendi að vetrarlagi skiptir öllu máli að kunna að meta hvar snjóflóð geta fallið og við hvaða aðstæður svo hægt sé að velja rétta leið. Hið fyrsta sem ber að hafa í huga er að flest snjóflóð falla í brekkum með um 30-45° halla. Hægt er að nota höndina til að meta hallann. Eingöngu þarf að teygja hana fram og láta hana mynda 90 gráðu vinkil á brekkuna og meta þannig áætlaðan halla eins og sést hér á myndinni.



Hægt er að nota hendina til að meta hallann.

Hengjur sem falla eru oft orsök snjóflóða en þær myndast hlémegin við fjöll, oftast þegar vindurinn flytur snjó til. Því hærra sem farið er því meiri hætta á snjóflóðum enda hvassara og meiri snjókoma. Einnig þarf að huga að því að afstaða til sólar ræður miklu og er því meiri hætta norðanmegin í fjöllum. Suðurhlíðar geta þó verið hættulegar, sérstaklega þegar sól er hátt á lofti. Því er best að velja leiðir þar sem vindur hefur skafið snjó í burtu til dæmis af hryggjum frekar en að ganga hlémegin. Að sama skapi eru breiðir dalir öruggari en þröngir, þá sérstaklega ef brekkur í „réttum“ halla liggja að. Reynum að ferðast sem mest um flata hluta brekkunnar en gangi það ekki skal fara um þær eins ofarlega og hægt er.

Ef ekki er komist hjá því að ferðast um snjóflóðahættusvæði má minnka áhættuna með því að láta einn í einu fara yfir hættusvæðið og fylgjast með. Ekki skal stoppa í miðri brekku heldur koma sér á öruggan stað. Gerið fyrirfram áætlun um hvað skal gera ef flóð fer af stað.

Áður en lagt er af stað til fjalla skal skoða veður síðustu daga og þann dag sem ferðast er og skilja eftir ferðaáætlun sína á safetravel.is.

**Útgefandi:** Slysavarnarfélagið Landsbjörg **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Ábyrgðarmaður:** Jónas Guðmundsson

# Fræða innlenda og erlenda ferðamenn

Safetravel er samvinnuverkefni fjölmargra aðila sem koma að ferðaþjónustu. Þar má nefna Ferðamálastofu, iðnaðarráðuneytið, ýmsa ferðaþjónustuaðila og fyrirtæki á borð við Sjóvá,“ segir Jónas Guðmundsson hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu sem stýrir Safetravel-verkefninu. „Safetravel miðar að því að fræða ferðamenn, innlenda sem erlenda, um góða ferðahegðun og hvað þarf að hafa í huga á ferð um Ísland,“ segir hann en allt miðar þetta að því að auka öryggi ferðalanga.



Jónas Guðmundsson

Verkefninu var hrundið af stokkunum árið 2010 og segir Jónas það hafa reynst mjög vel. Meginstoðin í Safetravel er vefsíðan www.safetravel .is. „Þar er að finna fróðleik og fræðslu um ansi margt, til dæmis útivist, akstur og náttúruna. Þar má einnig finna tillögur að búnaðarlistum fyrir allt að fjórtán mismunandi tegundir af ferðum,“ segir Jónas. Hann bætir við að á síðunni megi nálgast viðamikið safn korta sem hægt sé að hlaða beint niður í gps-tæki þar sem menn geti séð allar sprungur í jöklum á Íslandi. „Þá birtast á síðunni fréttir af því markverðasta sem er að gerast, til dæmis tilkynningar um vöxt í ám, storm, sandstorm og snjóflóðahættu.“

Sniðugur þáttur á síðunni sem margir hafa nýtt sér er síðan ferðaáætlunin. „Menn geta skráð ferðaáætlun sína á síðuna og þá liggur hún hjá okkur ef eitthvað kemur upp á,“ útskýrir Jónas.

Vefsíðan er mikið sótt að sögn Jónasar og eru heimsóknir allt upp í þúsund á dag. Bæði Íslendingar og útlendingar nýta sér síðuna, útlendingar helst á vorin og sumrin og Íslendingar á öðrum árstímum.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á www.safetravel.is.






**Olís er einn af aðalstyrktaraðilum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar** og styður við samtökin bæði með fjárframlögum og verulegum afslætti af eldsneyti og öðrum vörum. Þá er einnig samstarf á öðrum sviðum samkvæmt samkomulagi hverju sinni, svo sem um nýtingu Slysavarnarfélagsins Landsbjargar á þjónustustöðvum Olís á útkallstímum.

Starfsfólk Olís er stolt af þessu góða samstarfi og stuðningnum við frábært starf björgunarsveitanna, sem unnið er af fórnfýsi, landsmönnum til heilla.

olís

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

PIPAR\TBWA - SÍA - 120671



Nýlega var tekið í notkun nýtt kort á forsíðu www.vedur.is sem sýnir snjóflóðaskráningar síðustu vikuna á svipaðan hátt og stærð og staðsetning jarðskjálfta er sýnd.

## NÝTT SNJÓFLÓÐAKORT Á VEDUR.IS

Eftir snjóflóðaslysin miklu í Súðavík og á Flateyri árið 1995 urðu straumhvörf í snjóflóðamálum á Íslandi. Fyrstu árin eftir 1995 var lögð mest áhersla á að meta hættu í þéttbýli og byggja upp varnir ásamt því að bæta eftirlit með byggð. Eftirlit og hættumat hefur verið á könnu Veðurstofu Íslands og er nú til staðfest ofanflóðahættumat fyrir flest þéttbýlissvæði þar sem við á. Unnið er að úttekt á ofanflóðahættu fyrir dreifbýli og hættumati fyrir skíðasvæði.

Á síðustu árum hefur verið unnið að því að bæta aðgengi almennings að upplýsingum um snjóflóð og snjóalög. Nýlega var tekið í notkun nýtt kort á forsíðu www.vedur.is sem sýnir snjóflóðaskráningar síðustu vikuna á svipaðan hátt og stærð og staðsetning jarðskjálfta er sýnd. Þar eru einnig athugasemdir frá snjóflóðavakt og hægt verður að nálgast upplýsingar um snjódýpt og stöðugleikaprófanir. Stefnt er að því fyrir næsta vetur að gefa út snjóflóðaspá fyrir ákveðin landsvæði sem miðuð er að ferðamönnum. Það yrði í samræmi við spár sem margir kannast við til dæmis frá Ölpunum þar sem snjóflóðahætta er flokkuð í fimm flokka, frá lítilli upp í mjög mikla hættu með tilheyrandi litaskala.

Hægt er að tilkynna snjóflóð til Veðurstofunnar, bæði á vefnum og símleiðis.



Meðal bæja sem áætlanirnar ná til má nefna Flatetyri og Ísafjörð.

## RÝMINGARÁÆTLANIR FYRIR ÞÉTTBÝLI Á NETINU

Við Íslendingar höfum því miður of oft verið minnt illa á að snjóflóð falla ekki eingöngu í óbyggðum. Í gegnum tíðina hefur þessi hvíti djöfull fallið á þorp og bæi og oft banað fjölda íbúa. Eftir hin hörmulegu snjóflóð á Flateyri og í Súðavík á síðasta áratug síðustu aldar hefur verið unnið stöðugt að gerð varnarmannvirkja til að bæta öryggi íbúa. Þrátt fyrir það skapast oft hættuástand víða um landið vegna snjóflóðahættu. Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra hefur fjölda rýmingaráætlana fyrir þéttbýli sem skynsamlegt er að kynna sér. Áætlanirnar má finna á heimasíðunni www.almannavarnir.is undir útgefnu efni. Meðal bæja sem áætlanirnar ná til má nefna Ísafjörð, Neskaupstað, Eskifjörð, Þingeyri, Flateyri og Siglufjörð.

## HRINGDU STRAX Í 112

**Ef þú** sérð einhvern lenda í snjóflóði er mikilvægt að þú reynir að staðsetja hvar þú sást viðkomandi síðast, notaðu einhver kennileiti í landslaginu til þess. Tilkynntu strax um flóðið með því að hringja í 112 eða senda einhvern til þess. Áður en þú stekkur af stað til bjargar þarftu að tryggja öryggi þitt – kannaðu til dæmis hvort hætta sé á öðru flóði. Ef þú telur enga hættu á öðru flóði skaltu hefja tafarlausa leit.

Fyrst er gott að svipast um eftir vísbendingum á yfirborði en svo skaltu nota þau tæki sem þú ert með til að leita betur. Snjóflóðaýlir virkar best, þar á eftir snjóflóðastöng. Ef hvorugt er með í för skaltu nýta það sem til er svo sem sköft, plaströr eða annað til að stinga niður í snjóinn. Ef hundur er með í för skaltu reyna að virkja hann. Fyrstu staðir sem þú leitar á eru við kletta, þar sem beygjur eru á flóðinu og svo neðst í flóðinu.








Black Diamond — Ísaxir, mannbroddar, fjallaskíði o.fl.
SCARPA — Göngu – og fjallaskíðaskór
Marmot — Útivistarfatnaður o.fl.
smartwool — 100% ullarnærfatnaður o.fl.

Í neyðartilfellum er nauðsynlegt að vera með búnað sem hægt er að treysta á!

Hver sem fer til fjalla að vetrarlagi þarf ávallt að hafa með sér hina heilögu þrenningu (skófla, stöng og ýlir).

Skoðaðu úrvalið af snjóflóðabúnaði hjá okkur!

Við vinnum náið með leiðsögumönnum m.a.

arctic adventures · arctic RAFTING · GLACIER GUIDES · ARCTIC HELI SKIING ICELAND · FÍFL

við erum á facebook twitter

FJALLA KOFINN

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is



Jón Geirsson framkvæmdastjóri og Haukur Hlíðberg sölustjóri innan um fjölmarga plasthluti sem Fást framleiðir. MYND/GVA

# Plast sem hugurinn girnist

**Fyrirtækið Fást við Köllunarklettsveg hefur í nær aldarfjórðung fengist við fjölbreytt verkefni á sviði véplasts og plexíglers til nota í iðnaði sem og heimabrúks. Meðal þeirra eru vélarhlutir í sjávarútvegi, kvenskart og fagrir húsmunir.**

Hér vinnur enginn óperuunnandi en okkur fannst nafnið Faust úr óperuheiminum gott og hentugt til brúks hér heima og að heiman, svo fyrirtækið hlaut nafnið Fást upp á íslensku,“ segir Jón Geirsson, framkvæmdastjóri Fásts, sem stofnað var árið 1988.

„Fyrirtækið byrjaði í 33 fermetra húsnæði með einum starfsmanni í þjónustu við sjávarútveginn en hefur síðan vaxið upp í 660 fermetra húsnæði við Köllunarklettsveg, með átta starfsmönnum sem allir búa yfir löngum starfsaldri og mikilli uppsafnaðri reynslu,“ útskýrir Jón.

Fást rekur verkstæði sem sérhæfir sig í vinnslu á véplasti og plexígleri. Vélaplast er oftast notað í vélarhluti og á slitfleti í fiskiðnaði, en plexígler kemur víðar við.

„Plexígler er notað í allt frá húsgögnum niður í minnsta skart og allt þar á milli. Við bættum nýlega við lituðu plexígleri í úrvali og seljum bæði í heilum plötum og einingum eftir óskum. Þá búum við sjálf til hvaðeina sem viðskiptavinurinn óskar eftir og í raun veit enginn af starfsmönnum Fásts í hverju hann lendir að morgni því verkefnin eru svo margvísleg,“ segir Jón.

Hjá Fást er hönnuður í fullu starfi við að hanna hluti úr plexígleri eftir óskum viðskiptavina. „Hingað getur fólk komið með fullmótaðar jafnt sem óunnar hugmyndir sínar, og rætt við hönnuðinn sem svo tekur við verkinu, en sú þjónusta er einkar vinsæl meðal arkitekta og innanhússhönnuða,“ segir Jón.

Vélakostur Fásts er einstakur á landsvísu og býr fyrirtækið meðal annars eitt að fjögurra ása yfirfræsara sem tekið getur plötustærðina 1,4x3,2 metra í vinnslu.



„Yfirfræsarinn er mikið nákvæmnistæki, sérstýrt og getur unnið úr teikningum á fjórum ásum. Það fræsir af nákvæmni í plast, dúka, tré og hvaðeina, og tekur einnig smáa vélarhluti eins og tannhjól og fleira,“ útskýrir Jón.

Viðskiptavinir Fásts koma úr öllum áttum og öllum landshornum.

„Meðal þeirra eru listamenn, arkitekt, hönnuðir, vélsmiðir, vinnsla og útgerð í sjávarútvegi, heildsalar, verslunargeirinn og fjöldi einstaklinga. Verkefni Fásts eru enda fjölbreytt og það sem við framleiðum daglega eru vélarhlutir, útstillingavörur, póstkassar og jafnvel grásleppuhrognasigti, eða í raun hvað sem menn óska sér að fá eða þurfa úr plasti.“ Sjá nánar á www.fast.is.



## VAGNHJÓL FRÁ BLICKE

**Fást hefur** frá upphafi flutt inn mikið úrval vagnhjóla frá þýska framleiðandanum Blicke sem er einn sá stærsti í Evrópu. Á lager Fásts er fjölbreytt úrval vagnhjóla sem henta fyrir ýmis tilefni og tegundir vagna; jafnt lág hjól sem stór, og vagnhjól sem taka litlar eða miklar þyngdir.

## DUGANDI DRIFKEÐJUR

**Hágæða drifkeðjur** frá franska framleiðandanum SEDIS hafa verið fáanlegar hjá Fást í áraraðir. Á lager Fásts eru svartar drifkeðjur, húðaðar drifkeðjur og ryðfríar drifkeðjur á sanngjörnu verði. Fást mælir sérstaklega með húðaðri drifkeðju sem býr yfir sterkum pinna og hefur reynst afbragðs vel.



## STÖÐUGIR STILLIFÆTUR

**Stillifætur fyrir** iðnaðarhluti og vélbúnað fást af ýmsum gerðum og í mörgum stærðum hjá Fást. Stillifæturnir koma ýmist frá hollenska framleiðandanum Rexnord eða NGI í Danmörku. Þeir eru hannaðir fyrir fjölbreyttan þunga og koma frá 8 upp í 16 millimetra. Fást býður einnig mikið úrval plasttappa í prófíla og rör.

# Besti vinur berja og blóma

Ylplast er vinsælt í sólskála, gróðurhús og minni gróðurreiti í görðum, en einnig þakglugga og yfirbyggð svæði eins og sjá má í göngugötunni í Mjódd,“ upplýsir Haukur Hlíðberg, sölustjóri Fásts.

Hann segir ylplast fást í glæru og hvítu og þykktunum 10 og 16 millimetrum.

„Ylplast er ómissandi hjálpargagn í hvers kyns ylrækt, hvort sem þar eru ræktuð blóm, ber, ávextir eða grænmeti. Þá er ylplast sívinsælt til að framlengja sumarið í sólstofum heimila,“ útskýrir Haukur, en ylplast er líka mikið notað í glugga iðnaðarhúsnæðis.

„Ylplast er öruggur kostur út frá reyklosun og brunavörnum, og viðurkennt sem slíkt frá Brunamálastofnun,“ segir Haukur.

Ylplast hefur afar gott einangrunargildi, inniheldur brjótanlegt pólýkarbónat og UV-vörn gagnvart útfjólubláum geislum sólar.

„Því upplitast húsmunir ekki undan ylplastinu og hörund fólks er varið fyrir óæskilegum áhrifum sólarljóssins,“ segir Haukur.

„Hvítt ylplast hitar minna en það glæra og því hentugri kostur þar sem ekki er krafist sama hita og best gerist í gróðurhúsum á sólríkum dögum.“

Hjá Fást eru fáanlegir allir fylgihlutir fyrir ylplast og á lager 2,10x 7 metra plötur sem sagað er úr eftir máli og óskum.


Haukur Hlíðberg sölustjóri með fallega húsmuni sem Fást hefur hannað og smíðað úr glæru plexigleri. MYND/GVA

## HVERNIG VERÐUR PLAST TIL?



**Þegar jarðolía** er hreinsuð og unnin myndast ýmsar smáar og hvarfgjarnar gas-sameindir, en hvarfgjarnar kallast þær sameindir sem hvarfast tiltölulega auðveldlega við aðrar og mynda nýjar sameindir. Með því að safna þessum sameindum saman, stilla aðstæður rétt og blanda við lítið magn hvataefnis má fá slíkar litlar sameindir til að hvarfast saman í langar keðjusameindir, svonefndar fjölliður. Plastið sem myndast er fljótandi massi sem auðvelt er að forma, til dæmis steypa í mót.

Heimild: visindavefur.is

## NÆR ALLIR NOTA PET



**Flestir nota** PET án þess að gera sér grein fyrir því. PET stendur fyrir polyethylene terephthalate og var fyrst þróað árið 1941 fyrir þræði í efnavöru (flís) en upp úr 1960 var byrjað að nota það sem umbúðir utan um filmur og síðar, eða um 1970, til framleiðslu á drykkjarvöruumbúðum.

**Framleiðsluferli PET-flöskunnar** er frekar flókið. PET efnið kemur í stórum stæðum. Fyrst þarf að brjóta það niður í smærri einingar, síðan er það brætt og því sprautað í þar til gerð mót og til verður „preform" sem lítur helst út eins og tilraunaglas. „Preformið" er síðan sett í annað mót þar sem það er hitað svo hægt sé að blása það hægt út og þá myndast hin eiginlega plastflaska. 35 gramma plastflaska heldur öruggum 2 lítrum af gosi án þess að eiga á hættu að springa eða brotna. PET er endurunnið í margar ólíkar vörur, ekki bara í flöskur. Meirihluti PETs er endurunninn í þræði sem síðan eru notaðir í framleiðslu á flísvörum s.s. teppum, fötum og umbúðum. *Heimild: Endurvinnslan.is*



Pils úr endurunnu efni af tískusýningunni Ecofashion í Kólumbíu á síðasta ári.

## ENDURUNNIN TÍSKA



**Umhverfismeðvitaðir tískuhönnuðir** hafa öðru hverju nýtt sér tískuvettvanginn til að beina sjónum fólks að endurvinnslu. Á sérstökum tískusýningum hafa verið sýndir kjólar og aðrar flíkur úr gömlum plastpokum, flöskum og jafnvel brúsum. Niðurstaðan er oft ansi mögnuð.

## FJÓRTÁN KRÓNUR Á FLÖSKUNA




**Endurvinnslan tekur** á móti einnota plastflöskum og borgar 14 krónur fyrir hverja einingu. Plastflöskur með skilagjaldi eru fyrir gosdrykki, ávaxtasafa, orkudrykki og vatn. Plastflöskur sem ekkert gjald fæst fyrir eru undan tómatsósu, þvottalegi, mjólkurdrykkjum, ávaxtaþykkni og ýmsum matarumbúðum. **Plastflöskur svo** og áldósir eru sendar utan til frekari endurvinnslu.





# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa **70%** íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

| 18-49 ára | Höfuðbsv. | Landið allt | 12-80 ára | Höfuðbsv. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|
| Fréttablaðið | 70% | 57,5% | Fréttablaðið | 73,0% | 59,4% |
| Morgunblaðið | 25% | 26,8% | Morgunblaðið | 32,1% | 33,1% |
| DV | 13,1% | 11,6% | DV | 13,3% | 12,2% |
| Fréttatíminn | 48,4% | 35,9% | Fréttatíminn | 54,8% | 40,8% |
| Finnur.is | 30,2% | 22,6% | Finnur.is | 38,8% | 29,5% |
| Monitor | 25,3% | 22,5% | Monitor | 25,5% | 23,7% |
| Viðskiptablaðið | 7,6% | 7,6% | Viðskiptablaðið | 10,2% | 9,1% |

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.** Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.




**Allt sem þú þarft...**

Framhald af forsíðu



„Þetta er pínulítið eins og að vera á hestbaki, nema hvað þú ræður algjörlega för. Það er alveg á hreinu að hjólið tekur ekki af þér völdin," segir Jón Ásgeir Hreinsson, útgefandi mótorhjólatímaritsins Kickstart. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




verður með léttu „patríót"-þema."

Jón Ásgeir segist alltaf hafa verið með hjóladellu en hann hafi hins vegar ekki haft efni á því að kaupa sér hjól fyrr en um fimmtugt. „Mótorar og mótorhjól hafa alltaf heillað mig. Fyrsta hjólið sem ég varð ástfanginn af sá ég sextán ára gamall. Það var Harley Davidson Sporter og þegar ég varð fimmtugur keypti ég mér þannig hjól. Það er nefnilega oft þannig að menn eru að láta gamlan draum rætast um miðjan aldur þegar þeir loksins hafa fjárráð til að leyfa sér það."

Snýst allt lífið meira og minna um mótorhjól? „Nei, nei, ekki alveg. Ég er grafískur hönnuður og sit við tölvu alla daga, endalaust að reyna að finna upp á einhverju nýju og fara ótroðnar slóðir, en með mótorhjólinu heima í skúr kemst maður í hálfgerða hugleiðslu. Þar er mekanismi sem einungis er hægt að setja saman á einn veg, annars virkar hann ekki. Það er svakaleg hvíld."

> „Þetta var dálítill riddarafílingur. Það fara fjórir kallar af stað á hjólunum sínum og eiga heiminn."

Þessi hugleiðing Jóns Ásgeirs leiðir óhjákvæmilega hugann að hinni frægu bók Zen and the Art of Motorcycle Maintenance en hann segist þó aldrei hafa lesið hana enda sé hún drepleiðinleg. „Hins vegar er önnur bók, sem ég fjalla einmitt um í Kickstart, Jupiter's Travels eftir Ted Simon sem lýsir frábærlega vel hugarástandinu sem maður kemst í. Þetta er pínulítið eins og að vera á hestbaki, nema hvað þú ræður algjörlega för. Það er alveg á hreinu að hjólið tekur ekki af þér völdin."

Meðal annars efnis í Kickstart má nefna ferðasögu fjögurra félaga sem fóru á mótorhjólum frá Berlín til Prag og aftur til baka. „Þetta var óskaplega skemmtilegt ferðalag og pottþétt að maður á eftir að gera þetta aftur," segir Jón Ásgeir. „Þetta var dálítill riddarafílingur. Það fara fjórir karlar af stað á hjólunum sínum og eiga heiminn. Í næsta blaði verður líka ferðasaga þar sem Árni Jónsson, sem býr í Kaliforníu, lýsir ferðalagi sem hann fór um Argentínu."

Meðal annars efnis í blaðinu má nefna ítarlegar kynningar á kaffi-racerum og strætisrökkum, viðtöl við tónlistarmanninn Smutty Smiff og myndlistarmanninn Erling T. V. Klingenberg og fleira og fleira. Hægt er að gerast áskrifandi á heimasíðunni kickstart.is eða kaupa blaðið í Kickstart, Vesturgötu 12 í Reykjavík eða í Mótorhjólasafninu á Akureyri.

*fridrikab@frettabladid.is*


# Aðalfundur

Aðalfundur Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands verður haldinn fimmtudaginn 8. mars kl. 20 í Hamraborg 11, 2. hæð.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Fundarseta er öllum heimil.
Félagsmenn eru hvattir til að mæta.

Stjórnin

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild
www.redcross.is/kopavogur





Göngugleði við Gardavatn

**Fararstjórar:** Guðrún Sigurðardóttir & Jóhanna Marin Jónsdóttir

9. - 16. júní

**Verð:** 214.600 kr. á mann í tvíbýli

**Innifalið:** Flug, skattar, ferðir til og frá flugvelli í Mílanó, hótelgisting, hálft fæði, drykkir með kvöldverði og íslensk fararstjórn.

Spör ehf.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

Travel Agency Authorised by Icelandic Tourist Board | www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR







## Önnur þjónusta







## KEYPT & SELT

## Til sölu

**Ódýrt blek og tóner**
Í alla prentara
Opið Skútuvogi 1 frá 9-18 virka daga
**Prentvörur**
Sími 553 4000




**Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18, lau 12-15. www.ditto.is.

## Óskast keypt

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.
Upplýsingar í s. 577 7740

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

**Kaupi gull !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Upplýsingar í síma 661 7000.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabyggingga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Barnið

**Ungabarnanudd**
Ungbarnanudd fyrir foreldra barna á aldrinum 1-8 mánaða verður fimmtudaginn 1. mars kl 13. Sjá heilsusetur.is. Skráning og nánari uppl. í s. 552 1850 og 896 9653 eða prema@mmedia.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi með baði, þvottavél, internet til leigu í Álftamýri, laus strax,108 Rkv. Uppl. í s.6968068.

63 fm. 2 herb. íbúð með húsg. V. 105 þ. mán. 1 mán. fyrirfr, er með bílast. Laus 20. mars. Uppl. í . S. 692 8308.

Góð 3herb íbúð á kársnesinu í kópavogi, Húsgögn geta fylgt, er laus strax. s.8965002

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Tæplega 30fm studio íbúð til leigu, í 104 rvk, s. 8490 880 eftir kl 19.00.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3. Herbergja íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Frá og með 1. Maí. Öruggar greiðslur og meðmæli fylgja. Upplýsingar í síma 8975012 og 7775444

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma
891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

Allir í vetrarskíðafrí á Dalvík, góð gistiaðstaða! S:865 8391, www.vegamot.net og vegamot@vegamot.net.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**UNO**

**Matreiðslumaður í vaktavinnu óskast**
Uno ítalskur veitingastaður leitar eftir nýjum starfskrafti. Við leitum að matreiðslumanni í fulla vinnu, einhver sem getur hafið störf sem fyrst. Leitum að fólki með reynslu, metnað og reglusemi.Einnig leitum við að vönu fólki til starfa í elhusi Vinsamlegast sendið umsókn á eldhus@uno.is

**Við viljum bæta við duglegum og jákvæðum aðstoðarmanni í eldhús.**
Góður vinnustaður. Fullt starf, unnið á vöktum. Lágmarksaldur er 20 ár.
Uppl. um starfið veiti Sveinbjörn.

Áhugasamir sendið umsókn á info@portid.is

**Jói Fel**

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
Óskum eftir að ráða hörkuduglega manneskju í afgreiðslu í Bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum. Vinnutími 11:30-18:30 og önnur hver helgi. Íslensku kunnátta skilyrði. Áhugasamir geta sent umsókn á linda@joifel.is eða í (s. 863 7579 Linda)

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5500**
Opið þegar þér hentar. Engin bið nema þegar talað er.

## Fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Þingasel 1** — **OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-18.00**





Glæsilegt um 350,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. árum m.a. er búið að skipta um öll gólfefni, innréttingar, innihurðir, bæði baðherbergi o.fl. Stórt opið rými sem í eru samliggjandi stofur með útsýni að Esjunni. Stórt eldhús með eyju og góðri borðaðstöðu. Sjónvarpsstofa inn af holi. Mjög stórt hjónaherbergi með miklum fataskápum og innrétt-ingum. 3 barnaherbergi. Innaf tvöföldum bílskúr eru góðar geymslur og rými sem nýtt hefur verið undir líkamsrækt. Stór lóð með skjólgóðum veröndum. **Verð 75,0 millj.**

## OPIÐ HÚS Í DAG



miðvikudag 29.febrúar

# Blásalir 19

**frá kl. 17:00-18:00** **201 Kópavogur**

112 m² 4ra herb efri hæð
Björt og vel skipulögð
Lítil útborgun
Góð lán



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason**
**sími:** 822 2307
olafur@miklaborg.is

Verð: **29,4 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Atvinna

# Rafkaup

Rafkaup er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á lömpum, lampabúnaði, ljósaperum og innlagnaefni.

Rafkaup er umboðsaðili þekktra vörumerkja eins og SYLVANIA, DELTA LIGHT og TARGETTI.

Rafkaup var stofnað árið 1982.

# Sölumaður í verslun

**Rafkaup óskar eftir sölumanni í verslun sína við Ármúla**

**Starfslýsing:**
Almenn verslunarstörf, s.s. sölumennska, vöruframsetning, innkaup, áfylling og fleira. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 og tveir laugadagar í mánuði frá kl. 11:00 - 16:00.

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af verslunarstörfum, sjálfstæð vinnubrögð, góð þjónustulund, stundvísi og gott skipulag.

Einungis reyklausir einstaklingar eldri en 25 ára koma til greina.

Æskileg er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til **atvinna@rafkaup.is** fyrir 5.mars.

**Rafkaup hf - Ármúla 24 - 108 Reykjavík - www.rafkaup.is**




ft.

mbl.

# Gói og Baunagrasið

## Leikhúsglaðningur fyrir alla fjölskylduna!

Einn Gói, þrjár baunir og margfaldur Þröstur Leó verða að heilu ævintýri. Risinn, gamla konan, sjálfspilandi harpan, hænan sem verpir gulleggjum og allir þorpsbúarnir mæta til leiks á litla sviði Borgarleikhússins.

| | | |
|---|---|---|
| sun 4/3 | kl. 13:00 | örfá sæti |
| sun 4/3 | kl. 14:30 | örfá sæti |
| sun 11/3 | kl. 13:00 | UPPSELT |
| sun 11/3 | kl. 14:30 | UPPSELT |
| sun 18/3 | kl. 13:00 | örfá sæti |
| sun 18/3 | kl. 14:30 | örfá sæti |

| | |
|---|---|
| sun 25/3 | kl. 13:00 örfá sæti |
| sun 1/4 | kl. 13:00 |
| sun15/4 | kl. 13:00 |
| sun 22/4 | kl. 13:00 |
| lau 28/4 | kl. 13:00 |

BAUNAGRASIÐ

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

# tímamót

timamot@frettabladid.is



36 **JA RULE** bandaríski rapparinn og leikarinn er 36 ára í dag.

*„Það er bara einn ég.“*



†

*Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Daníelsson**

matreiðslumeistari,
Starengi 28, Reykjavík,

lést á Landspítalanum á Hringbraut í faðmi fjölskyldunnar, sunnudaginn 26. febrúar. Útför hans verður gerð frá Grafarvogskirkju föstudaginn 9. mars kl. 13.00.

**Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir** **Guðmundur Ólafsson**
**Dagný Kristjánsdóttir** **Jónas B. Jónsson**
**Silvía Kristjánsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Guðmundsson**

húsasmíðameistari,
Dælengi 17, Selfossi,

lést á Kanaríeyjum að morgni miðvikudagsins 15. febrúar. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 2. mars kl. 13.00.

**Guðmundur Sigurðsson**
**Ingvi Rafn Sigurðsson** **Laufey Jóna Kjartansdóttir**
**Sesselja Sigurðardóttir** **Örn Grétarsson**
**Sigurður Þór Sigurðsson** **Kristín Gunnarsdóttir**
**Óðinn Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, dóttir, barnsmóðir og systir,*

**Ragnheiður Kristín Benónýsdóttir (Heiða)**

Heiðarhvammi 4f, Keflavík,

varð bráðkvödd á heimili sínu þann 10. febrúar síðastliðinn. Útförin fór fram í kyrrþey.

**Dustin Lee Post**
**Stefán Jón Friðriksson**
**Kristín Hrönn Ragnarsdóttir** **John R. Brantley**
**Benóný Haraldsson** **Vilborg Jóhannesdóttir**
**Friðrik Friðriksson**
**systkin hinna látnu og aðrir aðstandendur.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Friðrik H. Ólafsson**

tannlæknir, frá Kálfatjörn
Hátúni 10, Reykjavík,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 23. febrúar.

**Erlendur Steinar Friðriksson og fjölskylda**
**Ingibjörg Sunna Friðriksdóttir og fjölskylda**
**Elísabet Guðrúnardóttir og fjölskylda**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Friðgerður Laufey Oddmundsdóttir**

Bárugötu 9, Dalvík,

andaðist á Hornbrekku, heimili aldraðra í Ólafsfirði, sunnudaginn 26. febrúar. Útförin fer fram frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 3. mars kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Dalvíkurkirkju.

**Sigurlaug Guðrún Sverrisdóttir** **Gunnþór Árnason**
**Sveinbjörn Sverrisson** **Sigrún Sumarliðadóttir**
**Guðný Rut Sverrisdóttir** **Ólafur Viðar Hauksson**
**Sverrir Már, Laufey, Katla Valdís, Eva Björk,**
**Guðmundur Hagalín og Íris Ósk.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi okkar,*

**Sævar Geir Svavarsson**

í Norma
til heimilis að Furuási 8, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítala – háskólasjúkrahúss í Kópavogi laugardaginn 25. febrúar. Hann verður jarðsunginn frá Kálfatjarnarkirkju, þriðjudaginn 6. mars kl 15.00.

**Unnur I. Þórðardóttir**
**Guðrún A. Sævarsdóttir**
**Þórður Magnússon**
**Unnur L. Þórðardóttir**
**Magnús S. Þórðarson**
**Sævar J. Þórðarson**



†

*Kær móðir mín, tengdamóðir, amma okkar og langamma,*

**Ingibjörg Magnúsdóttir**

sem andaðist á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi sunnudaginn 26. febrúar, verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 3. mars kl. 11.00.

**Rebekka Björk Þiðriksdóttir** **Viðar Pétursson**
**Hjalti Viðarsson**
**Kári Viðarsson**
**Ingibjörg Viðarsdóttir**
**Þiðrik Örn Viðarsson**
**og fjölskyldur.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, afi og sonur,*

**Eiríkur Ó. Þorvaldsson**

frá Höfn í Hornafirði,
búsettur í Færeyjum,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans föstudaginn 24. febrúar. Minningarathöfn verður haldin miðvikudaginn 29. febrúar kl. 13.00 í Fossvogskapellu. Útförin fer fram frá Vestmannakirkju í Færeyjum laugardaginn 3. mars. Sérstakar þakkir sendum við Heimahlynningu LSH, starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi, starfsfólki krabbameinsdeildar 11E og Höllu Skúladóttur fyrir einstaka hlýju og umönnun.

Rannvá Didriksen
Anna Eiríksdóttir
Björgvin Annar Gústavsson
Rannvá Björk Jakobsdóttir
Sveinbjörg Eiríksdóttir



**KRAKKASKÁK** Siguringi Sigurjónsson er umsjónarmaður nýrrar skáksíðu fyrir börn ásamt Henrik Danielsen stórmeistara í skák. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## SIGURINGI SIGURJÓNSSON: SETUR Á FÓT NÝJAN SKÁKVEF FYRIR BÖRN

# Engin hindrun að skákfræðslu

„Í raun varð tvennt til þess að við réðumst í að setja þessa vefsíðu á fót. Þessi mikla gróska sem á sér stað í íslenskum skákheimi um þessar mundir og löngunin til þess að færa skáklistina til barna úti á landi. Hið síðara vegur þyngra á metunum,“ segir Siguringi Sigurjónsson skákáhugamaður, sem ásamt Henrik Danielsen, stórmeistara í skák, hefur sett vefinn Krakkaskak.is í loftið.

Vefsíðan er ætluð börnum og unglingum sem vilja kynnast skáklistinni og mennta sig í henni. Siguringi segir börn úti á landi ávallt hafa átt erfiðara um vik að krækja sér í slíka fræðslu en ungmenni á höfuðborgarsvæðinu. „Við lögðum upp með að engin hindrun yrði að vefnum. Því er aðgengi að efninu frítt fyrir notendur, en hann er rekinn á styrkjum og frjálsum framlögum. Á netinu skapast aðstæður til að gera skákfræðslu rosalega skemmtilega,“ segir Siguringi, en meðal þess sem finna má á vefnum eru kennslumyndbönd sem Siguringi og Henrik framleiða sjálfir, meðal annars með hjálp ungs sonar Siguringa, teiknimyndasamkeppnir, möguleiki á að tefla við önnur börn í rauntíma og þátttaka í skákmótum á vegum vefsins.

„Vefurinn er gagnvirkur, en við leggjum líka mikla áherslu á öryggi notenda. Þannig eru kennslumyndböndin ekki á YouTube heldur öll vistuð á sjálfri síðunni. „Þetta er gert til að forðast þær hættur sem geta steðjað að ungu fólki á netinu,“ segir Siguringi og bætir við að Krakkaskáksíðan hafi hlotið góðar viðtökur.

kjartan@frettabladid.is

# Rúrí í Listasafninu



RÚRÍ

Yfirlitssýning á verkum Rúríar verður opnuð í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg föstudaginn 2. mars. Rúrí hefur í um fjóra áratugi verið í framvarðarsveit íslenskra listamanna og einn helsti gjörningalistamaður þjóðarinnar, myndhöggvari sem vinnur út frá forsendum hugmyndalistarinnar.

Rúrí er fædd árið 1951 og nam meðal annars við nýlistadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands og í De Vrije Academie Psychopolis í Haag í Hollandi.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,*

**Hallgrímur V. Jónsson**

Skálanesi, Reykhólahreppi,

lést fimmtudaginn 23. febrúar á Hjúkrunar-og dvalarheimilinu Barmahlíð, Reykhólum. Útförin fer fram frá Reykhólakirkju laugardaginn 3. mars klukkan 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð.

**Katrín Ólafsdóttir**
**Ólafur Arnar Hallgrímsson** **Sigrún Halldóra Arngrímsdóttir**
**Sveinn Berg Hallgrímsson** **Andrea Björnsdóttir**
**Elías Már Hallgrímsson** **Arna Vala Róbertsdóttir**
**Guðrún Þuríður Hallgrímsdóttir** **Oddur Hannes Magnússon**
**Ingibjörg Jóna Hallgrímsdóttir** **Helgi Ingvarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**




| | | |
|---|---|---|
| Föstud. 16.mars 20:00 ö | Laugard. 24. mars 20:00 | Mánud. 26. mars 20:00 |
| Laugard. 17.mars 20:00 | Sunnud. 25.mars 20:00 | Fimmtud. 29. mars 20:00 |

**Síðustu sýningarnar á þessu leikári!**

Miðasala á gamlabio.is og á midi.is

Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opið alla daga milli 14:00 og 18:00 og lengur á sýningarkvöldum)

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** ári, **6.** öfug röð, **8.** skrá, **9.** hrós, **11.** í röð, **12.** goðsagnavera, **14.** arkarbrot, **16.** sjó, **17.** drulla, **18.** traust, **20.** svörð, **21.** maður.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lampi, **3.** stefna, **4.** málmur, **5.** angan, **7.** nýta, **10.** skordýr, **13.** næra, **15.** ókyrr, **16.** stykki, **19.** klukka.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** púki, **6.** on, **8.** tal, **9.** lof, **11.** lm, **12.** atlas, **14.** fólíó, **16.** sæ, **17.** aur, **18.** trú, **20.** mó, **21.** karl.

**LÓÐRÉTT: 1.** kola, **3.** út, **4.** kalsíum, **5.** ilm, **7.** notfæra, **10.** fló, **13.** ala, **15.** órór, **16.** stk, **19.** úr.




# Rödd þjóðarinnar

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Árið 1996 vildi ég, þrátt fyrir að finnast forsetaembættið óþarft, að róttæki vinstri maðurinn Ólafur Ragnar Grímsson yrði kjörinn. Aðallega þar sem það var gegn vilja hins pólitíska valdakerfis. Já, æskan er oft bláeyg.

**OG NÚ** er sá sami maður á þeim stað sem ég hjálpaði honum að komast á fyrir 16 árum. Nú situr hann og veltir því fyrir sér hvort hann eigi að gefa kost á sér í fjögur ár í viðbót. Sitja samtals í 20 ár. Hann segist þurfa að hlusta á þjóð sína við ákvarðanatökuna. Það er vasklega mælt og þörf áminning hverjum embættismanni. Fáir kunna þá list öðrum betur en einmitt Ólafur Ragnar. Til að hjálpa honum við ákvörðunina eru hér nokkrar setningar úr erindi hans á fundi Sagnfræðingafélagsins. Efnið var útrásin og hvað einkenndi okkur Íslendinga. Grípum niður í nokkur af þeim tíu atriðum sem Ólafur telur gera það.

**„Í ÞRIÐJA** lagi að eiga auðvelt með að taka áhættuna, að þora þegar aðrir hika, kannski vegna þess að lífi sjómannsins fylgir jafnan hætta og útrásin er eins konar róður á ný mið. Við vitum líka að ætíð er hægt að hverfa aftur heim til Íslands ef illa fer í leiðangrinum og eiga hér hið besta líf því öryggisnetið sem velferðarsamfélagið veitir okkur tryggir öllum sama rétt til menntunar og umönnunar óháð efnahag. Athafnamenn í sumum öðrum löndum verða hins vegar oft að leggja velferð fjölskyldunnar á vogarskálar áhættunnar."

**„Í FJÓRÐA** lagi að flækjur skrifræðisbákna hafa aldrei þvælst fyrir okkur Íslendingum; við erum vön að eiga beint við einstaklinga. Kannski hefur smæðin blessunarlega komið í veg fyrir að virkisveggir skrifræðis risu hér; við höfum einfaldlega ekki haft mannskap til að hlaða þá."

**„Í ÁTTUNDA** lagi arfleifðin sem ég nefndi í upphafsorðum, landnámið og tími víkinganna, sem færði okkur fyrirmyndir, hið djúpstæða viðhorf að sá sem heldur á ókunnar slóðir verðskuldi heiður, að leggja á hafið og nema lönd færi virðingu og sóma. Athafnamenn okkar tíma eru ærið oft metnir á slíkan kvarða og litið á þá sem arftaka hefðar sem á sér rætur í upphafi Íslandsbyggðar."

**MAÐUR** sem skilur þjóðina jafn vel og hér sést þarf trauðla að hlusta á hana. Hann er rödd hennar.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Pólýfónía í nýrri útgáfu



**APPARAT ORGAN QUARTET** Platan Pólýfónía Remixes er komin út á netinu.

**Platan Pólýfónía Remixes er komin út. Hún inniheldur endurhljóðblandanir af níu lögum plötu Apparats Organ Quartet, Pólýfóníu, eftir FM Belfast, Bloodgroup, Dreamtrak, Beta Satan, Reptilicus, Frederik Schikowski, Flemming Dalum, Thomas Troelsen og Robotaki.**

**Pólýfónía kom út í lok ársins 2010 á vegum 12 Tóna en tæpu ári síðar kom hún út erlendis á vegum danska útgáfufyrirtækisins Crunchy Frog. Pólýfónía Remixes er fáanleg á öllum helstu tónlistarveitum á netinu, til dæmis á iTunes, Amazon og Gogoyoko.**

# Clooney keyrði Bennett

„Ég var bílstjórinn hans þegar ég var 19 ára,“ sagði George Clooney við kærustu sína Stacy Keibler þegar hún kynnti hann fyrir Tony Bennett á Óskarsverðlaunahátíðinni síðastliðinn sunnudag.

Þegar kynnirinn Billy Bush óskaði eftir nánari útskýringu á þessum orðum Clooney kom í ljós að hann hafði unnið sem bílstjóri söngvarans í þrjár vikur á árum áður.

Bennett varð að játa að hann myndi ekki eftir því þegar leikarinn keyrði hann um, en að Clooney hefði þó rifjað það upp fyrir honum nokkru áður.

Clooney sagði söngvaranum að hann væri enn tilbúinn til að keyra hann hvert sem væri, hvenær sem væri.

Áður en leiðir þeirra skildi tjáði Bennett leikaranum vinsæla að hann væri einstaklega stoltur af honum. „Þú ert að gera allt rétt,“ sagði hann við Clooney áður en báðir héldu sína leið inn í kvöldið.



**BÍLSTJÓRINN** George Clooney vann sem bílstjóri Tony Bennett í þrjár vikur á sínum yngri árum.



**BLUR** Hljómsveitin spilar í Gautaborg í ágúst.

# Blur spilar í Gautaborg

**Enska hljómsveitin Blur spilar á tónlistarhátíðinni Way Out West sem verður haldin í Gautaborg í ágúst. Meðal annarra flytjenda verða The Black Keys, Bon Iver og Florence and the Machine.**

**Alex James, bassaleikari Blur, hafði áður gefið í skyn að síðustu tónleikar hljómsveitarinnar yrðu hugsanlega á Brithátíðinni sem var haldin fyrr í vikunni. Gítarleikarinn Graham Coxon hefur núna látið hafa eftir sér að ný plata með Blur komi pottþétt út í framtíðinni. Níu ár eru liðin síðan sveitin gaf út plötuna Think Tank.**



**NÝ PLATA** The Vaccines ætlar að taka taka upp nýja plötu í Belgíu.

# Í hljóðver í næstu viku

**Rokkararnir í The Vaccines með bassaleikarann Árna Hjörvar innanborðs ætla í hljóðver í næstu viku til að taka upp sína aðra plötu. Upptökurnar fara fram í Belgíu og upptökustjóri verður Ethan Johns sem hefur unnið með Kings of Leon og Ryan Adams.**

**„Við getum ekki beðið. Þegar maður er í hljóðveri vill maður bara fara út og spila á tónleikum en þegar maður er búinn að vera á tónleikaferð í átján mánuði viljum við bara fara inn í hljóðver og búa til plötu,“ sagði söngvarinn Justin Young. Í sumar spilar sveitin svo á tónlistarhátíðunum Benicassim og Isle of Wight.**





Harpa mun óma á stórtónleikum Ragga Bjarna í Eldborgarsalnum laugardaginn 12. maí kl. 20.

**Söngvarar:** Raggi Bjarna, Eivør Pálsdóttir, Björn Jörundur, Diddú, Guðrún Gunnarsdóttir, Óskar Pétursson, Bjarni Arason og Álftagerðisbræður.

**Jón Ólafsson og hljómsveit**

Miðasala hefst 2. mars

Miðaverð frá 4.900 kr. til 8.900 kr.

Almenn miðasala í miðasölu Hörpu, á harpa.is, midi.is og í síma 528 5050

Viðskiptavinum Íslandsbanka bjóðast miðar á þennan einstaka tónlistarviðburð á 20% afslætti.

Sérstök forsala fyrir viðskiptavini Íslandsbanka dagana 29. febrúar og 1. mars í miðasölu Hörpu.

Afslátturinn fæst þegar greitt er með greiðslukorti frá Íslandsbanka eða Byr í miðasölu Hörpu í síma 528 5050 eða á midasala@harpa.is. Tilboðið gildir ekki í netsölu.

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# menning

menning@frettabladid.is



**ÓBÆRILEGUR LÉTTLEIKI TILVERUNNAR** eftir Milan Kundera hefur verið gefin út á ný. Bókin kom fyrst út á íslensku árið 1986 en hefur verið ófáanleg um hríð. Í henni segir frá kvennagullinu Tómasi lækni og þjónustustúlkunni Teresu í ástarsögu sem er full af heimspekilegum vangaveltum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 29. febrúar 2012**

**➔ Námskeið**

**20.15** Endurmenntun Háskóla Íslands býður á námskeiðið Innlit í heim óperunnar í umsjá Bergþórs Pálssonar, söngvara. Námskeiðið er í húsnæði Endurmenntunar að Dunhaga 7 og er öllum opið.

**➔ Fræðslufundir**

**16.30** Lionshreyfingin stendur fyrir fræðslufundi um Alzheimer í húsi Blindrafélagsins Hamrahlíð 17, samkomusal á 2. hæð. Fundurinn er haldinn í minningu Þórunnar Gestsdóttur og er aðgangur ókeypis.

**➔ Uppákomur**

**20.00** Framsóknarkonur heiðra komu Góu með fögnuði í Framsóknarhúsinu að Hverfisgötu 33 í Reykjavík. Talnaspekingur, leynigestur, ljúffengar veitingar og fleira.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

## Skyldfólk á Café Loka

Systurnar Sigurlaug og Lovísa Björk Skaftadætur opna málverkasýningu á Café Loka í Reykjavík föstudaginn 2. mars klukkan 17. Þá mun móðursystir þeirra, Anna Dóra Antonsdóttir, kynna bók sína Hafgolufólk sem er nýkomin úr prentun.

Sigurlaug er lærður húsamálari. Hún stundaði listnám í Fokus og Nordjyllands Kunstskole í Danmörku og hefur tekið þátt í samsýningum í Danmörku og á Spáni. Hún málar myndir með akrýl á striga og leikur sér með form og sterka liti. Lovísa stundaði nám á listnámsbraut Iðnskóla Hafnarfjarðar. Hún hefur undanfarin ár numið við Myndlistaskóla Kópavogs og tekið þátt í samsýningum á vegum skólans. Hún málar frjálst með olíu á striga.

Hafgolufólk er sjötta bók Önnu Dóru og fjallar um stóra viðburði í lífi venjulegs fólks norður við ysta haf.



**FRJÁLST Á STRIGA** Ein mynda Lovísu Bjarkar Skaftadóttur sem hún sýnir á Café Loka.



**DAGLEIÐIN LANGA** Arnar Jónsson, Atli Rafn Sigurðarson og Hilmir Snær Guðnason í hlutverkum sínum.

# Áhrifamikil sýning og afar vel leikin

Leikhús ★★★★☆

**Dagleiðin langa eftir Eugene O'Neill**

Sýnt í Kassanum, Þjóðleikhúsinu

**Leikstjórn:** Þórhildur Þorleifsdóttir, **leikarar:** Arnar Jónsson, Guðrún Snæfríður Gísladóttir, Hilmir Snær Guðnason, Atli Rafn Sigurðarson, **leikmynd og búningar:** Jósef Halldórsson, **lýsing:** Hörður Ágústsson, **hljóðmynd:** Kristinn Gauti Einarsson, **þýðing:** Illugi Jökulsson, **leikstjórn:** Þórhildur Þorleifsdóttir

Dagleiðin langa er mikið drama sem að margra mati er besta verk höfundarins, Bandaríkjamannsins Eugene O´Neill, sem hlaut Pulitzerverðlaunin fyrir það árið 1957, þremur árum eftir að hann lést. Þórhildur Þorleifsdóttir leikstýrir verkinu og hefur hún valið þá leið að kasta sér beint inn í fjölskylduerjurnar og skræla vel utan af verkinu það helsta sem tefur fyrir því að kynna okkur fyrir hinum eiginlega harmleik.

• • •

Arnar Jónsson fer hér listilega með hlutverk hins plássfreka leikara sem haldið hefur eiginkonu sinni og sonum í sínu eigin fangelsi.

Sögutími sýningarinnar er ágúst 1912 og þó svo að öll örlagasaga Íra komi hér lítið fyrir, þá er hinn samansaumaði James Tyron, leikarinn sem allt snýst um, engu að síður Íri og við fáum að vita að það var hræðslan við fátækrahælið sem pískaði hann áfram. Á fátækrahælinu endaði móðir hans sína lífdaga, eftir að hafa þrælað fyrir börnum sínum þegar eiginmaður hennar sneri til Írlands til að deyja.

James Tyron hefur skrölt um land og ríki með sýningu sem að eigin mati var honum ekki samboðin og eiginkonan fylgdi honum á léleg hótel og synirnir ólust upp við blekkingar og viskítár ef eitthvað á bjátaði. Arnar Jónsson fer hér listilega með hlutverk hins plássfreka leikara sem haldið hefur eiginkonu sinni og sonum í sínu eigin fangelsi.

Eldri sonurinn sem Hilmir Snær Guðnason leikur, fetar í fótspor föður síns en áfengið heltekur hann. Hilmir nær mjög góðum tökum á þeirri örvæntingu og um leið síendurteknu viðbrögðum sem samtölin við föðurinn kalla fram. Atli Rafn Sigurðarson leikur yngri soninn sem þegar hér er komið sögu er mjög veikur og fær raunar að vita að hann sé með berkla en á sér draum um að verða skáld. Atli kemur hinu sjúklega og viðkvæma ástandi Edmunds vel til skila. Allir sem hér koma við sögu áttu sér drauma sem ekki rættust því gjöreyðingarhvötin varð viljanum yfirsterkari.

Guðrún Gísladóttir sem hin helsjúka Mary sveiflaðist inn og út úr afkimum sálarinnar og var hrein unun að fylgjast með henni í eintalinu þá er hún er verulega farin að delera. Guðrún sem er ein albesta leikkona sinnar kynslóðar kann vel þá list að príla á einstigi örvæntingar og flækjast inn í lokuð öngstræti sálarinnar. Andrúmsloftið er yfirhlaðið orðum sem verður að vef sem umlykur þau öll, gerir þau að föngum en veitir þeim þó enga samstöðu því í raun eru þau öll á flótta hvert frá öðru.

Leikmynd Jósefs Halldórssonar þjónar vel uppfærslunni hér með þessum tveimur stigum til beggja handa sem frúin klifrar upp um og skrönglast niður í verra og verra ástandi, og sömuleiðis sem vísun í dramatískar innkomur stórleikara á sviðið. Búningar voru góðir, einkar þegar hinn sjálfumglaði stjörnuleikari skverar sig upp til kráarfarar í hvítum smókingbuxum og fínpússuðum spjátrungsskóm. Ekki er annað að heyra en að Illugi Jökulsson hafi snúið textanum yfir á mjög þjált mál.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** **Þétt og flott sýning þar sem hvergi var dauður punktur.**

Landsins mesta úrval af lífrænum vörum
Afsláttardagur
10% afsláttur af öllum vörum
Rauðarárstígur 10
105 Reykjavík
Sími: 562 4082
www.yggdrasill.is
Verslunin er staðsett við hliðina á Hlemm. Það er tilvalið að gera stórinnkaupin á afsláttardeginum.
Yggdrasill

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins
- Verklegar framkvæmdir 2012 -
Grand Hótel Reykjavík, Gullteigur A
Föstudaginn 2. mars kl. 13:00 – 16:30
Eftirtaldir aðilar kynna framkvæmdaáætlanir sínar á árinu:
Reykjavíkurborg
Siglingastofnun
Framkvæmdasýsla ríkisins
Landsnet
HS Orka
Orkuveita Reykjavíkur
Landsvirkjun
Vegagerðin
Skráning á www.si.is
Félag vinnuvélaeigenda
Félag jarðvinnuverktaka
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is

# TECTONICS

## 1. — 2. — 3. MARS





# *Allt sem tónlist getur verið*

Í byrjun mars mun Harpa iða af lífi á nýrri tónlistarhátíð. Yfir 150 flytjendur og tónsmiðir koma fram á 17 tónleikum og viðburðum á þremur dögum.

*Kira Kira, Ghostigital, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Auxpan, Kristín Anna Valtýsdóttir, Oren Ambarchi, Reptilicus, Osnat Kelner, Fengjastrútur, Stilluppsteypa, Maya Dunietz, Árni Heimir, Herdís Anna og Ragnar Kjartansson* eru á meðal flytjenda á Tectonics.

Fjölbreyttar tónlistarstefnur renna saman og mynda nýtt og spennandi landslag.

**TECTONICS**
*Tónlistarhátíð*

*Listrænn stjórnandi* **ILAN VOLKOV**

*Miðar fáanlegir*
**WWW.SINFONIA.IS**
**WWW.HARPA.IS**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

**WWW.TECTONICSFESTIVAL.COM**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2 kl. 5:50 - 8 - 10:10 | | 3D | 7 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 | 2D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8:30 - 10:40 | 2D | 12 |
| A FEW BEST MEN Luxus VIP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| HUGO Með texta | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 8 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 6 - 8 | 2D | 7 |
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 10:20 | 2D | 10 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 6 | 2D | L |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2:THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | L |
| HAYWIRE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 10 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 3D | 12 |
| HUGO | kl. 5:20 - 8 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ens tali | kl. 5:40 | 2D | 16 |
| EXTREMELY LOUD & INCREDIBLY CLOSE | kl. 10:20 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| ERNANI ópera endurflutt | kl. 6 | | L |
| JOURNEY 2 | kl. 8 | 3D | 7 |
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| SHAME | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |
| WAR HORSE | kl. 5 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 8 | 3D | 7 |
| GHOST RIDER 2 Ótextuð | kl. 10:10 | 3D | 12 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

BÍÓKORTIÐ
kynntu þér málið á www.SAMbio.is



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
AUKAKRÓNUR 5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| JOURNEY 2 3D | 6 og 8 |
| SAFE HOUSE | 8 og 10 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 2D | 6 - ISL TAL |
| THE GREY | 8 og 10.20 |
| THE IRON LADY | 5.50 |
| CONTRABAND | 10.20 |



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
midi.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HAYWIRE | KL. 5.50 - 8 - 10.20 | 16 |
| HAYWIRE LÚXUS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.15 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 10.30 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.40 | L |
| CHRONICLE | KL. 4 - 6 | 12 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| CHRONICLE | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 5.45 - 8 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 10.15 | 10 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 | L |
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| GHOST RIDER 2 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10 | 12 |
| HAYWIRE | KL. 8 - 10 | 16 |
| THIS MEANS WAR KL.6 14 | GLÆPUR OG SAMVISKA KL.5.45 | |




SIGURSVEIT Atrum bar sigur úr býtum í keppninni í fyrra.

**METAL DÓMARAR**

Blaðamaðurinn **Arnar Eggert Thoroddsen** og **Krummi** verða á meðal fjórtán dómara á Wacken.

# Fjórtán dómarar í Wacken

**Fjórtán dómarar verða í hljómsveitakeppninni Wacken Metal Battle á Nasa á laugardaginn. Níu þeirra eru erlendir.**

Níu erlendir dómarar verða í hljómsveitakeppninni Wacken Metal Battle Iceland sem verður haldin á Nasa á laugardagskvöld í fjórða sinn. Tveir þeirra koma frá bresku og þýsku útgáfu tímaritsins Metal Hammer og tveir til viðbótar eru sænskir blaðamenn. Fimm íslenskir dómarar verða einnig í hópnum, eða blaðamaðurinn Arnar Eggert Thoroddsen, Sigvaldi Jónsson af Rás 2, Krummi í Mínus, Kiddi í Smekkleysu og Stefán Magnússon frá Eistnaflugi. Alls verða dómararnir því fjórtán talsins sem er mesti fjöldinn til þessa. Sigursveitin heldur utan til Þýskalands þar sem lokakeppnin fer fram í ágúst á Wacken Open Air, sem er stærsta þungarokkshátíð veraldar. Í fyrra var Wacken Metal Battle haldin á Sódómu en í þetta sinn verður hún á Nasa þar sem plássið er töluvert meira. Skipuleggjandinn Þorsteinn Kolbeinsson lofar því að keppnin verði sú flottasta til þessa og er alveg sama þótt hann nái ekki að fylla staðinn. „Ég hef engar áhyggjur af því að það verði ekki flott stemning og góð mæting,“ segir hann. Til að tryggja góðan hljóm á Nasa mun hljóðmaður frá þýsku Wacken-hátíðinni stjórna tökkunum í fyrsta sinn. Húsið opnar kl. 19.30 og klukkutíma síðar hefst rokkveislan. Sex hljómsveitir taka þátt og þrjár gestasveitir spila einnig, eða Bastard, Atrum, sem vann keppnina í fyrra, og Sólstafir, sem stígur síðust á svið. „Það er mikil eftirvænting hjá blaðamönnum yfir þeim,“ segir Þorsteinn um Sólstafir.

**freyr@frettabladid.is**

# Skemmtilegur kvíðasjúklingur

Tónlist ★★★☆☆

**Einfaldlega flókið**
Hallgrímur Oddsson




Einfaldlega flókið er fyrsta sólóplata Hallgríms Oddssonar, en hann hefur eitthvað fengist við tónlist áður. Hann var um tíma söngvari hljómsveitarinnar Stripshow og er meðlimur í Fjallabræðrum. Einfaldlega flókið er meðal annars gerð með aðstoð hljóðfæraleikara Fjallabræðra og kórstjórinn Halldór Gunnar Pálsson útsetur hana auk þess að spila á gítar.

Einfaldlega flókið er þemaplata, sem að sögn höfundarins „hverfist um skuldbindingarfælinn kvíðasjúkling, ástir hans og örlög“. Tónlistin er sambland af rokki, kántrí og þjóðlagatónlist. Útsetningarnar eru vel heppnaðar. Grunnurinn er traustur og svo setja aukahljóðfæri eins og fiðla og básúna skemmtilegan svip. Gítarleikurinn er oft flottur (t.d. í upphafslaginu 360 gráður og þjóðlagarokkaranum Hafðu mig hjá) og orgelið kemur sömuleiðis mjög vel út. Þá er söngrödd Hallgríms líka eitt af sterkustu sérkennunum.

Margar lagasmíðanna á Einfaldlega flókið eru ágætar, t.d. fjögur fyrstu lögin, en textarnir eru ekki síður skemmtilegir. Þeir eru vel skrifaðir, sem kemur ekki á óvart því Hallgrímur er verðlaunað leikritaskáld. Textarnir eru fullir af tilvistarkreppuhúmor og sögupersónan gerir óspart grín að sjálfri sér. Dæmi úr laginu Æðri máttur: „Freistingar stenst ég án verulegs voða/Og varla fell – nema það standi til boða/Tilgangur míns lífs er tilvistarkreppa/Er toppnum er náð, að engu er að keppa“ … Á heildina litið er þetta flott frumsmíð.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Fjallabróðir með fína sólóplötu.







BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

MIÐVIKUDAGUR: THE AWAKENING 18:00, 20:00, 22:00 ■ THE SKIN I LIVE IN 20:00, 22:15 ■ THE DESCENDANTS 17:45, 22:00 ■ A DANGEROUS METHOD 20:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00 ■ ELDFJALL 18:00 ■ BORGRÍKI 20:00 (SKL KVIKMYNDASKOÐUN), 22:00
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.




BARA Í DAG
HLAUPÁRSTILBOÐ
Í tilefni af 29. FEBRÚAR lækkum við fullt af vörum niður í 29.000.
Komdu í dag og gerðu ótrúleg kaup!
-10.990
UNITED
UNITED TAB1001
10" SPJALDTÖLVA
29.000
Fullt verð 39.990
-5.990
TViX S-1
HD SJÓNVARPSFLAKKARI
29.000
Fullt verð 34.990
-10.990
ASUS V8-P8H67E
BAREBONE BORÐTÖLVA MEÐ SANDYBRIDGE MÓÐURBORÐI
29.000
Fullt verð 39.990
-10.990
CORSAIR
Corsair Graphite 600TM
TÖLVUTURN
29.000
Fullt verð 39.990
-5.990
Logitech
Logitech G19
LEIKJALYKLABORÐ
29.000
Fullt verð 34.990
-10.990
PLANET
Planet FNSW-1608PS
PLANET SWITCH MEÐ 8 POE PORTUM
29.000
Fullt verð 39.990
-3.990
ASUS
ASUS P8Z68-V
ASUS INTEL MÓÐURBORÐ
29.000
Fullt verð 32.990
-5.990
msi
MSI GeForce N560GTX-M2D1GD5
SKJÁKORT
29.000
Fullt verð 34.990
AÐEINS HLUTI TILBOÐANNA!
tl.is
TÖLVU LISTINN
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
OPNUNARTÍMI:
Virka daga 9-18
Laugardaga 11-16
REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 Sími 414 1700
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 30 Sími 414 1730
EGILSSTAÐIR KAUPVANGI 6 Sími 414 1735
KEFLAVÍK HAFNARGÖTU 90 Sími 414 1740
SELFOSS AUSTURVEGI 34 Sími 414 1745
HAFNARFJÖRÐUR REYKJAVÍKURVEGI 66 Sími 414 1750

# sport

sport@frettabladid.is



**RAGNA INGÓLFSDÓTTIR** er á ferð og flugi þessa dagana. Fyrir fimm dögum var hún að keppa á alþjóðlega austurríska mótinu og í gær féll hún úr leik á opna þýska mótinu. Ragna er að safna stigum sem vonandi skila henni inn á Ólympíuleikana í sumar.



**EKKI DEILA VIÐ DÓMARANN** Ryan Giggs, leikmaður Manchester United, virðist hissa á dómgæslunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Dómarar í Englandi:

## Hafa langoftast rétt fyrir sér

**FÓTBOLTI** Mistök dómara eru oftar en ekki helsta umræðuefnið eftir fótboltaleiki. Það er áhugavert að rýna í niðurstöður úr þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á störfum atvinnudómara í efstu deildum á Englandi. Dómarar hafa rétt fyrir sér í 92,3% tilfella og aðstoðardómararnir eru með enn betri tölfræði á bak við sig. Þeir hafa rétt fyrir sér í 99,3% tilvika.

Þessar niðurstöður koma eflaust mörgum á óvart – ekki síst knattspyrnustjórum og leikmönnum, sem hafa yfirleitt eitthvað til málanna að leggja þegar dómarar taka ákvörðun í hita leiksins.

Hraðinn í knattspyrnuleikjum í efstu deildum á Englandi hefur aukist um 20% á síðustu fimm árum samkvæmt niðurstöðu mælinga sem samtök atvinnudómara hafa nú birt. Leikmenn hlaupa á allt að 21 km/klst. hraða í langan tíma og samhliða þessum breytingum eru gerðar meiri kröfur til líkamsástands dómara en gert var áður.

Samtök atvinnudómara vinna hörðum höndum að því að bæta líkamsástand dómara og samkvæmt rannsóknum virðast hlutirnir vera á réttri leið. - seth



**CARLOS TEVEZ** Sýndi engin snilldartilþrif í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Tevez spilaði með City í gær:

## Lítilfjörleg endurkoma

**FÓTBOLTI** Carlos Tevez spilaði á ný í búningi Manchester City í fyrsta sinn í langan tíma er hann spilaði í 45 mínútur með varaliði City í gær.

City mætti Preston North End í varaliðsdeildinni og þótti Tevez komast ágætlega frá leiknum. Hann fékk eitt gott færi eftir að hafa komist í gegnum vörn Preston en náði þó ekki að skora.

Leikurinn fór fram fyrir luktum dyrum en forráðamenn City, þeir Brian Marwood og Patrick Vieira, fylgdust báðir með leiknum.

Talið er ólíklegt að hann verði í hóp City gegn Bolton um helgina en mögulega mun hann koma við sögu í leik liðsins gegn Swansea 10. mars næstkomandi. - esá

# Þetta eru fyrstu skrefin

**Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari segir það frábært að hafa fengið tvo vináttulandsleiki svo hann fái að kynnast íslensku leikmönnunum. Ísland spilar í dag sinn fyrsta landsleik gegn Svartfellingum. Lars segir Ísland geta unnið leikinn.**

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck krefst þess að íslenska A-landsliðið í fótbolta geri fá mistök í vináttulandsleiknum gegn Svartfjallalandi í dag sem fram fer á Pod Goricom-leikvanginum í Podgorica. Þetta er annar leikur Íslands undir stjórn sænska þjálfarans, en Ísland tapaði 3-1 gegn Japan síðastliðinn föstudag í Osaka. Ísland stillir upp alveg nýju liði frá því í leiknum gegn Japan og er landsliðsþjálfarinn vongóður um að ná að leggja Svartfjallaland að velli.

Ísland og Svartfjallaland hafa aldrei áður mæst í landsleik, hvorki í A-landsliðum né yngri landsliðum. Í Svartfjallalandi búa aðeins um 650.000 manns en árangur karlalandsliðsins í fótbolta hefur vakið athygli.

Liðið endaði í 2. sæti í sínum riðli á eftir Englandi í undankeppni Evrópumótsins. Tékkar höfðu betur í umspili gegn Svartfellingum um laust sæti í úrslitum EM sem fram fer í sumar í Póllandi og Úkraínu.

„Ég vonast til þess að við náum að leika vel og það er mikilvægast að landa sigri," sagði Lars Lagerbäck í gær við íþróttadeild 365 þegar hann var spurður að því hvaða væntingar hann hefði fyrir leikinn í dag.

„Það er líka mikilvægt fyrir mig að fá að umgangast leikmennina á æfingum og fá að kynnast þeim betur. Ég hafði bara hitt um þriðjung af leikmannahópnum áður en við komum til Svartfjallalands," sagði Lars en hann er með alveg nýtt lið í höndunum frá því í leiknum gegn Japan.

Þar fékk Ísland á sig mark eftir aðeins 90 sekúndur. Landsliðsþjálfarinn hefur lagt mikla áherslu á að liðið þurfi að fækka mistökunum sem gerð eru í varnarleiknum.

„Við þurfum að byrja leikinn gegn Svartfjallalandi betur en við gerðum gegn Japan. Það er eitt af lykilatriðunum hjá okkur. Á móti Japan lékum við ekki vel fyrstu 25 mínúturnar en eftir það fóru hlutirnir að lagast. Að mínu mati vorum við á sama plani og Japan og náðum að skapa okkur færi. Við fengum á okkur tvö mjög ódýr mörk gegn Japan og það má ekki gerast þegar leikið er gegn liðum í þessum styrkleika."

Eins og gengur og gerist eru margir leikmenn enn að jafna sig eftir átökin með sínum félagsliðum um síðastliðna helgi og þar kemur nafn Arons Einars Gunnarssonar, leikmanns Cardiff, fyrst upp hjá landsliðsþjálfaranum. Aron lék í 120 mínútur í framlengdum úrslitaleik enska deildabikarsins á Wembley síðasta sunnudag þar sem Liverpool hafði betur eftir vítaspyrnukeppni.

„Það eru flestir leikmenn klárir í leikinn. Aron hefur ekki æft frá hann lék í 120 mínútur á Wembley. Það eru nokkrir sem eru þreyttir eftir leiki helgarinnar. Það á ekki að vera vandamál fyrir þá að spila gegn Svartfjallalandi. Ég hef trú á því að þeir geti allir lagt eitthvað af mörkum.



**BJARTSÝNN** Sænski landsliðsþjálfarinn er brattur fyrir leikinn gegn Svartfellingum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Það er frábært að fá þessa tvo leiki. Ekki síst fyrir mig því ég fæ tækifæri til þess að kynnast leikmönnum liðsins.
>
> **LARS LAGERBÄCK**
> LANDSLIÐSÞJÁLFARI ÍSLANDS

Það er frábært að fá þessa tvo leiki, ekki síst fyrir mig. Ég fæ tækifæri til þess að kynnast leikmönnum liðsins. Það má orða það þannig að með þessum leikjum séum við að taka fyrstu skrefin."

Eigum við möguleika á að vinna Svartfjallaland? „Já, ég hef trú því," sagði Lars Lagerbäck.

seth@frettabladid.is



**LANGT SÍÐAN** Liverpool hefur ekki fagnað mikið síðustu ár. NORDICPHOTOS/GETTY

Jamie Carragher:

## Ætlum í Meistaradeildina

**FÓTBOLTI** Liverpool tryggði sér um helgina þátttökurétt í Evrópudeild UEFA á næstu leiktíð með því að bera sigur úr býtum í enska deildabikarnum. En Carragher vill komast í Meistaradeildina og festa liðið í sessi þar.

„Mér finnst við vera stærri en svo. Við eigum að stefna að því að komast í meistaradeildina á hverju ári með því að enda ofarlega í deildinni frekar en að vinna deildabikarinn," sagði Carragher.

„Já, það er gott að við séum búnir að tryggja okkur þetta. Nú er næsta skref að koma okkur inn í Meistaradeildina. Við vitum að það verður erfitt og það er erfiður leikur gegn Arsenal um helgina."

„Árangur í Evrópukeppnum er stór hluti af sögu þessa félags og þangað verðum við að komast aftur," sagði Carragher. - esá

Margir landsleikir í kvöld:

## England og Holland beint

**FÓTBOLTI** Stöð 2 Sport hefur tryggt sér sýningarréttinn á vináttulandsleik Englendinga og Hollendinga sem fer fram á Wembley í kvöld klukkan 19.50 að íslenskum tíma.

Þetta verður fyrsti landsleikur Englendinga síðan Fabio Capello hætti með liðið aðeins fjórum mánuðum fyrir Evrópumótið í sumar. Stuart Pearce, þjálfari enska 21 árs landsliðsins, mun stjórna enska liðinu í leiknum.

Sara Björk Gunnarsdóttir og félagar í kvennalandsliðinu mæta Þýskalandi í Algarve-bikarnum í dag:

# Ég mun aldrei biðja um skiptingu

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta leikur í dag sinn fyrsta leik í Algarve-bikarnum í ár þegar liðið mætir Evrópumeisturum Þýskalands. Þetta er í áttunda sinn sem íslensku stelpurnar taka þátt í þessu árlega móti en bestum árangri náðu þær í fyrra þegar íslenska liðið komst alla leið í úrslitaleikinn.

Sara Björk Gunnarsdóttir er sem fyrr í stóru hlutverki í íslenska liðinu en hún er þrátt fyrir að vera aðeins 21 árs gömul að fara að taka þátt í Algarve-bikarnum í fimmta sinn.

„Ég er alltaf spennt fyrir því að koma hingað og þetta er frábær undirbúningur fyrir undankeppni EM. Við höfum staðið okkur vel á þessu móti og höfum sýnt það og sannað að þessar stærri þjóðir geta ekki vanmetið okkur lengur," segir Sara en hópurinn er nokkuð breyttur nú.

„Það vantar fastaleikmenn í liðið og við söknum þeirra mikið en það verður jafnframt spennandi að sjá hvernig nýir leikmenn koma inn í nýjar stöður. Vonandi fáum við meiri breidd í hópinn. Þetta er rosagóður undirbúningur fyrir framhaldið," segir Sara.

Íslenska liðið vann sögulega sigra á Dönum og Svíum í mótinu í fyrra og spilaði til úrslita á móti Bandaríkjunum.

„Við höfum ekki talað um það að fara aftur í úrslitaleikinn enda erum við bara að einbeita okkur að fyrsta leik. Við mætum þar Þýskalandi og það er stórleikur og það væri frábært að geta náð góðum úrslitum á móti þeim. Við höfum aldrei unnið Þýskaland og það er alltaf jafn krefjandi og skemmtileg áskorun að spila við svona gott lið," segir Sara sem spilar sinn 44. landsleik í dag.

Sara Björk er einn af leikmönnum íslenska liðsins sem Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðþjálfari var beðinn um að spara fyrir átta liða úrslit Meistaradeildarinnar



**UNG EN MJÖG REYND** Sara Björk Gunnarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sem taka við strax að loknu mótinu á Algarve.

„Mér líst ekkert á það," segir Sara í léttum tón. „Ég spila flesta leikina en ég skil alveg hans viðhorf að vilja spara mig og halda mér heilli fyrir leikina í Meistaradeildinni. Ég mun samt aldrei biðja um skiptingu en ég reyni að vera skynsöm og læt vita hvernig ég er eftir hvern einasta leik. Ef ég er fersk og líður vel þá vil ég náttúrulega spila alla leikina," segir Sara og hún segist njóta tímans vel í Portúgal.

„Þetta er fínt hótel og það er gott að komast í hitann og gaman að hitta stelpurnar. Þetta er frábært mót sem hefur alltaf þjappað liðinu vel saman. Þetta er rosalega mikilvægt fyrir okkur því að við æfum ekkert mjög mikið saman yfir árið. Það er því mjög mikilvægt mót fyrir okkur að koma saman í einhverja tíu til ellefu daga," segir Sara.

- óój



**DAGUR** Þjálfar Füchse Berlin í þýsku höfuðborginni. NORDIC PHOTOS/GETTY

Dregið í Meistaradeildinni:

# Dagur mætir Hamburg

**HANDBOLTI** Dregið var í 16-liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í gær og voru fjögur Íslendingalið í pottinum. Ekkert þeirra munu þó mætast innbyrðis í leikjunum sem fara fram í seinni hluta marsmánaðar.

AG frá Kaupmannahöfn, með fjóra Íslendinga innanborðs, mætir sænska liðinu Sävehof og þá fengu Dagur Sigurðsson og lærisveinar hans í Füchse Berlin það erfiða verkefni að mæta Þýskalandsmeisturum Hamburg. Füchse Berlin var þó í neðsta styrkleikaflokki og því lá fyrir að andstæðingur liðsins í 16-liða úrslitunum yrði erfiður.

Alexander Petersson hefur verið frá vegna meiðsla síðustu vikurnar en gæti komið við sögu í leikjum Füchse í Meistaradeildinni.

Kiel, lið Alfreðs Gíslasonar og Arons Pálmarssonar, fær pólska liðið Wisla Plock í heimsókn en Þórir Ólafsson og félagar í Kielce mæta Cimos Koper frá Slóveníu.

- esá

**16-liða úrslitin**

**Meistaradeild Evrópu í handbolta:**

| |
|---|
| Hamburg (Þýs) - Füchse Berlin (Þýs) |
| Barcelona (Spá) - Montpellier (Fra) |
| Kiel (Þýs) - Wisla Plock (Pól) |
| Atl. Madrid (Spá) - Schaffhausen (Svi) |
| Veszprem (Ung) - Ademar Leon (Spáni) |
| Cimos Koper (Sló) - Kielce (Pól) |
| C. Zagreb (Kró) - Metalurg (Sva) |
| AGK (Dan) - Sävehof (Sví) |



**Í LAUGARDALNUM** Ísland spilaði síðast vináttulandsleik á heimavelli í ágúst árið 2010 og þá gegn Liechtenstein. MYND/ANTON

Vináttulandsleikjum fækkað:

# Engir ágústleikir í dalnum?

**FÓTBOLTI Samtök knattspyrnufélaga í Evrópu, ECA, hafa komist að samkomulagi við Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, um að fækka fjölda vináttulandsleikja ár hvert. 201 evrópskt knattspyrnufélag er meðlimur í ECA en þar af eru tvö íslensk félög – Keflavík og FH.**

**ECA vildi fækka alþjóðlegum leikdögum úr tólf í sex en sættist á að vera með níu svokallaða tvíhöfða yfir tveggja ára tímabil – sem sagt átján leiki í stað 24. Tvíhöfðar verða nú að fara fram í sömu heimsálfu samkvæmt samkomulaginu.**

**Samkvæmt samkomulaginu yrði hætt að spila vináttulandsleiki í ágúst en sá tími hefur verið helsta tækifæri íslenska landsliðsins til að fá vináttulandsleik á heimavelli sínum í Laugardal undanfarin ár.**

**UEFA hefur samþykkt tillögurnar en nú er beðið samþykktar Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA.**

- esá

Hart barist um sæti í úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna í DHL-höllinni:

# Hildur ætlar að harka af sér í kvöld

**KÖRFUBOLTI** KR og Snæfell mætast í DHL-höllinni í kvöld í einum af úrslitaleikjunum um sæti í úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna en liðin mega ekkert gefa eftir ætli þau að vera með í úrslitakeppninni í ár.

Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði Snæfells, meiddist illa á ökkla í sigri liðsins á Haukum í síðustu viku og það var óvíst hvort hún yrði með á móti sínum gömlu félögum í kvöld.

„Ég held að Ingi [Þór Steinþórsson, þjálfari] sé farinn að hafa meiri áhyggjur af Öldu,“ sagði Hildur aðspurð um meiðslin en hinn reynsluboltinn í Snæfellsliðinu, Alda Leif Jónsdóttir, glímir einnig við meiðsli. „Ég er að verða fín. Ég var voða lítið með á æfingu í gær en ég veit alveg að ég get gert allt. Ég verð bara að fara varlega fram að leik því ég verð aum ef ég fer að gera eitthvað af alvöru,“ sagði Hildur og hún ætlar að harka af sér.

„Þetta er mjög mikilvægur leikur og ég er búin að gera allt til að ná bólgunni úr þessu. Það er búin að vera mikil vinna,“ viðurkennir Hildur en hún er þekkt fyrir að harka af sér inni á vellinum og láta ekki meiðsli stoppa sig þegar mikið liggur við.

Haukar, KR og Snæfell eru öll með 24 stig í sætum 3 til 5, þökk sé sigri Snæfells í umræddum leik gegn Haukum í síðustu umferð en fjögur efstu liðin komast í úrslitakeppnina. Snæfell þarf að vinna leikinn með fimm stigum til þess að ná betri innbyrðisstöðu á móti KR. KR vann sína leiki með 7 og 2 stigum en Snæfell vann síðan þriðja leikinn með 5 stigum.

Þrír aðrir leikir fara einnig fram í deildinni í kvöld. Topplið Keflavíkur heimsækir Val, Haukar taka á móti botnliði Fjölnis og Hamar fær bikarmeistara Njarðvíkur í heimsókn. Allir leikirnir hefjast kl. 19.15.

- óój



**HILDUR SIGURÐARDÓTTIR** Gríðarlega mikilvæg fyrir Snæfellsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



> **Stöð 2 Sport kl. 19.50**
**England - Holland**

***Bein útsending frá landsleik Englands og Hollands á Wembley. Þetta er vináttulandsleikur þar sem bæði lið undirbúa sig af kappi fyrir EM næsta sumar og má búast við hörkuleik.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR ER HEILLUÐ AF HÁLOFTUNUM

# *Freyjurnar hjá Pan Am*

Ég er ófeimin að viðurkenna að fyrir um það bil 20 árum ætlaði ég að verða flugfreyja og var ég eflaust ekki ein um að ganga með þann draum í maganum. Heilluðum augum horfði ég á freyjurnar spígspora um Leifsstöð með „bjútiboxin“ sín en yfir þeim sveif framandi yfirbragð.

Hugsanlega var ég lituð af þessum forna draumi þegar ég settist fyrir framan sjónvarpið og horfði á sjónvarpsþáttinn Pan Am. Full fyrirvara um flugfreyjuþáttinn heillaðist ég.

Þættirnir fjalla um hóp flugfreyja hjá hinu fornfræga flugfélagi Pan Am í upphafi sjöunda áratugarins. Ásamt því að vera fullir af dramatík eins og afþreyingarsjónvarpsefni er von og vísa varpa þættirnir ákveðnu ljósi á tíðarandann. Þetta var tíminn þegar barborð og hægindastólar voru í flugvélum. Reykingar voru enn þá leyfilegar og ekki þótti neitt tiltökumál ef klappað var á afturendann á freyjunum sem þökk fyrir þjónustuna. Gegnum flugfreyjustarfið upplifðu ungar konur heiminn á þessum tíma og gáfu þann draum ekki upp á bátinn fyrir að þurfa að halda ákveðnu mittismáli. Flugfreyjurnar hjá Pan Am, með leikkonuna Christinu Ricci í fararbroddi, skemmtu mér. Svo mikið að ég er búin að horfa á alla fyrstu seríuna en samkvæmt netmiðlum kemur líklega ekki önnur. Háloftin hafa kannski bara heillað mig eftir allt saman og flugfreyjudraumurinn lifir enn.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Óskalög barna **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laufdalaheimilið **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Brynhildur og Angantýr **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.25 360 gráður** (e)
**15.55 Djöflaeyjan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Dansskólinn** (5:7) (Simons danseskole) (e) Sænsk þáttaröð.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (50:59)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (21:42)
**18.30 Gló magnaða** (44:52)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Bræður og systur** (95:109) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**20.45 Meistaradeild í hestaíþróttum** Umsjón: Samúel Örn Erlingsson.
**21.05 Kiljan** Umsjón: Egill Helgason.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Af himnum ofan** (From the Sky Down) Heimildamynd frá 2011 um írsku rokkhljómsveitina U2, gerð plötunnar Actung Baby, og ástæður þess að ferill U2 er orðinn jafnlangur og raun ber vitni.
**23.50 Landinn** (e)
**00.20 Kastljós** (e)
**00.45 Fréttir**
**00.55 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 The House Bunny**
**10.00 Paul Blart: Mall Cop**
**12.00 Inkheart**
**14.00 The House Bunny**
**16.00 Paul Blart: Mall Cop**
**18.00 Inkheart**
**20.00 Year One**
**22.00 The Ugly Truth**
**00.00 Pineapple Express**
**02.00 Taken**
**04.00 The Ugly Truth**
**06.00 A Little Trip to Heaven**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.50 Histeria!**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (109:175)
**10.15 Grey's Anatomy** (22:22)
**11.00 The Big Bang Theory** (16:23)
**11.25 How I Met Your Mother** (18:24)
**11.50 Pretty Little Liars** (9:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (67:78)
**13.25 Ally McBeal** (22:22)
**14.15 Ghost Whisperer** (7:22)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (11:22)
**19.45 Til Death** (16:18)
**20.10 New Girl** (3:24) Frábærir gamanþættir um Jess sem neyðist til að endurskoða líf sitt þegar hún kemst að því að kærastinn hennar er ekki við eina fjölina felldur.
**20.35 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (9:10)
**21.05 Grey's Anatomy** (16:24)
**21.50 Gossip Girl** (5:24)
**22.35 Pushing Daisies** (4:13)
**23.20 Alcatraz** (3:13)
**00.05 NCIS: Los Angeles** (10:24)
**00.50 Rescue Me** (2:22)
**01.35 Damages** (9:13)
**02.15 Damages** (10:13)
**03.00 The Lodger**
**04.30 The Big Bang Theory** (16:23)
**04.55 How I Met Your Mother** (18:24)
**05.20 New Girl** (3:24)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 Meistaradeild Evrópu: Napoli - Chelsea** Útsending frá 16 liða úrslitum.
**19.50 Spænski boltinn: Rayo - Real Madrid**
**21.35 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**22.10 Enski deildarbikarinn: Liverpool - Cardiff**
**00.40 Evrópudeildarmörkin** Bestu tilþrifin í síðustu leikjum í Evrópudeildinni.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.40 Stoke - Swansea**
**16.30 Wigan - Aston Villa**
**18.20 WBA - Sunderland**
**20.10 Premier League Review 2011/12**
**21.05 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**22.25 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**22.55 Norwich - Man. Utd.**

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** (59:175)
**20.05 American Dad** (8:18)
**20.30 The Cleveland Show** (11:21)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (13:24)
**22.15 Two and a Half Men** (1:24)
**22.45 Chuck** (24:24)
**23.30 Burn Notice** (8:20)
**00.15 Community** (21:25)
**00.35 The Daily Show: Global Edition**
**01.00 Malcolm In The Middle** (11:22)
**01.25 Til Death** (16:18)
**01.45 American Dad** (8:18)
**02.05 The Cleveland Show** (11:21)
**02.25 The Doctors** (59:175)
**03.05 Fréttir Stöðvar 2**
**03.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn** (3:8) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (4:22) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Jonathan Ross** (14:19) (e)
**12.50 Matarklúbburinn** (3:8) (e)
**13.15 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 7th Heaven** (12:22)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Solsidan** (3:10) (e)
**18.25 Innlit/útlit** (3:8) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (21:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond**
**19.45 Will & Grace** (15:27) (e)
**20.10 America's Next Top Model** (12:13)
**20.55 The Firm** (1:22) Þættir byggðir á samnefndri kvikmynd frá 1993 eftir skáldsögu Johns Grisham. Tíu ár eru liðin frá því að lögfræðingurinn Mitchell knésetti voldugt lögfræðifirma frá Memphis vegna tengsla þeirra við mafíuna. Í kjölfarið hrundu skipulagðir glæpir í Chicago og Mitchell neyddist til að fara í vitnavernd.
**21.45 CSI: Miami** (22:22)
**22.35 Jimmy Kimmel**
**23.20 Prime Suspect** (6:13) (e)
**00.10 HA?** (22:31) (e)
**01.00 The Walking Dead** (4:13) (e)
**01.50 The Firm** (1:22) (e)
**02.40 Everybody Loves Raymond** (e)
**03.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** World Golf Championship 2012 (3:5) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** World Golf Championship 2012 (4:5) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (8:45) **19.15** LPGA Highlights (3:20) **20.40** Presidents Cup Official Film 2009 (1:1) **21.35** Inside the PGA Tour (9:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (8:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**06.45** My Family **07.50** My Family **08.50** The Inspector Lynley Mysteries **10.25** Come Dine With Me **11.15** EastEnders **11.45** The Graham Norton Show **12.30** My Family **13.30** My Family **14.35** My Family **15.35** QI **16.40** Top Gear **17.30** The Graham Norton Show **18.15** Come Dine With Me **19.10** QI **20.15** The Graham Norton Show **21.00** QI **22.00** Peep Show **22.30** Live at the Apollo **23.15** My Family **01.20** The Inspector Lynley Mysteries **02.55** My Family **05.00** The Weakest Lin

## DR 1

**11.10** Kontant **11.45** Historier fra Danmark - Anders og Julius **12.05** Ha' det godt **12.35** Aftenshowet **13.30** Hammerslag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Maggies nye liv **15.00** Benjamin Bjørn **15.15** Timmy-tid **15.25** Skæg med bogstaver **15.45** Sprutte-Patruljen **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Dyrehospitalet **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Ved du hvem du er? **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Homeland - Nationens sikkerhed

## NRK 1

**12.05** Førkveld **12.45** Verdensarven **13.00** NRK nyheter **13.05** Folk **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Ei iskald verd **16.00** NRK nyheter **16.10** Dyreklinikken **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Forbrukerinspektørene **19.15** Helt patent! **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Lilyhammer **21.25** Lindmo **22.10** Kveldsnytt **22.25** Nasjonalgalleriet

## svt1

**10.45** Hooked for life **11.45** Hübinette **12.15** Så ska det låta **13.15** Cimarron Strip **14.30** X-Games **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Från Lark Rise till Candleford **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Den sjungande trappuppgången **21.00** Game of Thrones **21.55** Dag **22.20** Tv-cirkeln. Game of thrones **22.35** Skavlan **23.35** Rapport **23.40** Dox

## iNN

**20.00** Tveggja manna tal **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS HLAUT HÆSTU EINKUNN MATVÖRUVERSLANA Í ÍSLENSKU ÁNÆGJUVOGINNI ÁRIÐ 2011.

## ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2011 BÓNUS 1. SÆTI MATVÖRUVERSLANA




**1998** KR. KG
ÍSLANDSNAUT
**FERSK UNGNAUTA-PIPARSTEIK**




**1998** KR. KG
ÍSLANDSLAMB
**ÚRB. LAMBALÆRI JURTAKRYDDAÐ**




**1498** KR. KG
ÍSLANDSGRÍS **FERSK GRÍSALUND**




**1995** KR. KG
KJÖRFUGL **FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR**




**1395** KR. KG
KJARNAFÆÐI **FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB**



**998** KR. KG
**KOFAREYKTUR FRAMPARTUR**
MEÐ BEINI


ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
2011
1.SÆTI
Matvöruverslanir
Bónus
í mælingu á ánægju viðskiptavina
með 65,3 stig
Capacent
SI




**359** KR. 629 GR
**FROSIÐ SPARHAKK**
620 GR. RÚLLA




**298** KR. 1 LTR.
RICE DREAM 1 LTR.
**RÍSMJÓLK**




**359** KR.200 GR
**BÓNUS SPÍNAT**
FERSKT FRÁ SPÁNI




**BÓNUS BRAUÐÁLEGG**
120 GR. SILKISKORIN SKINKA
*EKKERT* VIÐBÆTT VATN
**359 KR.**
Íslenskt álegg sem uppfyllir skilyrði skráargatsins




**298** KR. 250 ML
**FROOSH SMOOTHIE**
ÓSVIKINN ÁVAXTA ORKUDRYKKUR




**259** KR. 330 ML
HIMNESKUR 330 ML
**ENGIFERDRYKKUR**




**195** KR. 2 LTR.




SMJÖRVI 300 GR
Tilboðsaskjan
**209 kr.**




300 kr. VERÐLÆKKUN

SKÓLAOSTUR Í SNEIÐUM
Verð áður 1598 kr./kg.
**1298 kr./kg**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 7 | 6 | |
| | | 4 | 6 | | | | 5 | 2 |
| 3 | | 7 | 2 | | 1 | 9 | | 8 |
| 2 | | | | | 5 | | | 4 |
| | | | | 9 | | | | |
| 4 | | | 3 | | | | | 6 |
| 5 | | 1 | 4 | | 9 | 6 | | 7 |
| 6 | 4 | | | | 2 | 5 | | |
| | 2 | 8 | | | | | | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS


BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

## MORGUNMATURINN



„Ristað brauð með Nutella og banönum. Það er aðalmálið.“

Alli abstrakt rappari.

# Sölvi Tryggva tók inn nauðgunarlyf

„Mér leið furðulega daginn eftir, með hroll í líkamanum og allur rosa skrítinn. Á vissan hátt var eins og ég væri þunnur,“ segir fjölmiðlamaðurinn Sölvi Tryggvason sem tók inn töflu af samheitalyfi Rohypnol á dögunum í rannsóknarskyni fyrir þátt sinn Málið, en næsti þáttur fjallar um nauðgunarlyf.

Tveir myndatökumenn voru með í för og lýsti Sölvi líðan sinni reglulega í myndavél. „Eftir svona einn og hálfan tíma var ég orðinn rosalega ruglaður og rétt náði að staulast upp í leigubíl og umla út úr mér hvar ég ætti heima,“ segir Sölvi og lýsir tilfinningunni sem mjög óþægilegri, hann hafi orðið kærulaus og sljór og allur líkaminn daufur og máttlítill.

Aðstæðurnar voru mjög ólíkar hjá Sölva og hjá fórnarlömbum sem er byrlað lyfinu. „Líkaminn minn var viðbúinn því að eitthvað væri að fara að gerast, þetta var gert um miðjan dag og ég var ekki að sturta í mig áfengi með þessu,“ segir Sölvi og bendir á að gera megi ráð fyrir að áhrifin yrðu töluvert meiri þegar lyfinu væri laumað í drykk hjá grunlausri manneskju klukkan fjögur á laugardagsnótt og áfengi svo blandað saman við.

Þátturinn verður sýndur á Skjá einum mánudaginn 5. mars og verður þar að finna viðtöl við fórnarlömb og einstaklinga úr ýmsum áttum sem þekkja til. Sölvi segir það hafa verið sláandi hversu algengt það sé að fólki sé byrlað nauðgunarlyf, og að allt bendi til að það sé töluvert meira um það núna en var fyrir fimmtán árum.

Sölvi leggur augljóslega mikla vinnu í þættina. Þar er tekið á mannlegum málefnum sem herja á samfélagið, þó ekki fjármálakreppunni, og hafa þættirnir fengið góð viðbrögð.

- trs



**ÓÞÆGILEGT** Sölvi byrlaði sjálfum sér nauðgunarlyf í rannsóknarvinnu fyrir þátt sinn, Málið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrirsætan Kolfinna Kristófersdóttir bar sigur úr býtum í netkosningu vefsíðunnar Style.com um val á best klæddu fyrirsætu tískuvikunnar í London. Valið stóð á milli tíu fyrirsæta en Kolfinna hlaut alls 42 prósent atkvæða og hreppti þar með fyrsta sætið í netkosningunum. Annað sætið hreppti Cara Delevingne sem hlaut 37 prósent atkvæða og í þriðja sæti kom Jourdan Dunn sem fékk 7 prósent atkvæða. Nú stendur yfir val á best klæddu fyrirsætu tískuvikunnar í Mílanó og keppa meðal annars ofurfyrirsæturnar Naomi Campbell og Lily Donaldson um þann titil. Að lokum verður hægt að kjósa á milli sigurvegara hverrar tískuviku fyrir sig og verður Kolfinna í þeim hópi. - sm






MARÍA BIRTA BJARNADÓTTIR: ERFIÐASTA HLUTVERK SEM ÉG HEF TEKIÐ AÐ MÉR

# LEIKUR ÁSTKONU ÓLAFS DARRA

„Ég sagði við stelpurnar í búðinni að þær yrðu að bjarga sér án mín fram í apríl,“ segir María Birta Bjarnadóttir, leikkona og eigandi verslunarinnar Manía, en hún hefur tekið að sér að leika annað aðalhlutverkanna í íslensku myndinni XL.

Myndin XL er í leikstjórn Marteins Þórssonar og fjallar um þingmann sem berst við áfengissýki og er loks skikkaður í meðferð af yfirmanni sínum. Þingmaðurinn ákveður því að fara á einn svæsinn drykkjutúr með hörmulegum afleiðingum. Það er leikarinn Ólafur Darri Ólafsson sem fer með hlutverk þingmannsins og leikur María Birta ástkonu hans. Tökur fara fram á höfuðborgarsvæðinu í mars og með önnur hlutverk fara þau Elma Lísa Gunnarsdóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir og Þorsteinn Bachmann.

„Þetta gerðist ótrúlega hratt. Aðstandendur myndarinnar höfðu samband við mig fyrir þremur vikum og ég gat einfaldlega ekki sagt nei. Ég er mjög spennt en þetta verður samt erfiðasta hlutverk sem ég hef tekið að mér. Leikstjórinn gerir miklar kröfur sem ég verð að standa undir,“ segir María Birta sem hefur legið yfir handritinu síðan hún fékk það í hendurnar.

Marteinn skrifar sjálfur handritið að myndinni ásamt rithöfundinum Guðmundi Óskarssyni en þeir framleiða myndina ásamt Ólafi Darra og Ragnheiði Erlingsdóttur. Stefnt er á frumsýningu myndarinnar XL með haustinu.

> Þetta hefur gengið vel en ekki grunaði mig að ég mundi frumsýna tvær íslenskar myndir á árinu.
>
> **MARÍA BIRTA** LEIKKONA

María Birta byrjar í tökum á sunnudaginn og því skammt stórra högga á milli hjá leikkonunni sem leikur stórt hlutverk í myndinni Svartur á leik sem frumsýnd verður á morgun. María Birta játar því að leikkonustarfið hafi aldeilis undið upp á sig undanfarið. „Þetta eru sannkölluð snjóboltaáhrif og hefur gengið mjög vel en ekki grunaði mig að ég mundi frumsýna tvær íslenskar myndir á árinu,“ segir María Birta, sem er með þéttskipaða dagskrá næstu mánuðina. Í lok mars heldur hún til Flórída þar sem hún ætlar að nema fallhlífastökk í einn mánuð.

„Ég ákvað strax í haust að flýja land eftir að Svartur á leik væri frumsýnd. Ég hef ekki séð myndina sjálf en ég er viss um að ég verð feimin að ganga niður Laugaveginn. Þess vegna er gott að ég fari bara beint í tökur og verð því í hálfgerðum felum þar til ég fer út,“ segir María Birta og vísar í svæsnar senur myndarinnar sem hafa verið til umfjöllunar í fjölmiðlun.

Hún ætlar að taka foreldra sína með sér á frumsýninguna á morgun. „Ég er einhleyp svo ég tek mömmu og pabba með. Ég veit að það verður óþægilegt að horfa á sumar senurnar í bíósalnum með fullt af fólki,“ segir María Birta að lokum.

alfrun@frettabladid.is



**TVÆR FRUMSÝNINGAR Á ÁRINU** Það er skammt stórra högga á milli hjá leikkonunni Maríu Birtu Bjarnadóttur en hún leikur annað aðalhlutverkanna í nýju íslensku myndinni XL ásamt Ólafi Darra Ólafssyni. Hún fer einnig með hlutverk í kvikmyndinni Svartur á leik sem verður frumsýnd á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Vill fá tónlistarfólk til að hlæja

Vilhelm Anton Jónsson, betur þekktur sem Villi naglbítur, verður kynnir við afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna sem fara fram í Hörpunni í kvöld. Hann vonast til þess að geta fengið fólk til að hlæja en leggur mesta áherslu á að vera ekki of lengi uppi á sviði í hvert sinn.

„Mér finnst mjög gaman að þessu því ég hef unnið Grímur, Eddur og Lúðra en aldrei Tónlistarverðlaunin og finnst því gaman að stjórnendur skuli sjá aumur á mér og leyfa mér að kynna verðlaunin. Ég lít á það sem smá sárabót,“ upplýsir Villi sem kveðst ekki kvíðinn fyrir kvöldinu.

Hann sér sjálfur um að semja textann sem hann fer með á milli atriða og vonast til þess að geta fengið gesti til að hlæja. „Ég ætla að vera í hreinum fötum, með burstaðar tennur og reyna að fá fólk til að hlæja. Tónlistarfólk er annars svo skemmtilegt að ég er lítið stressaður fyrir kvöldinu. Mestu máli skiptir að vera stutt í einu uppi á sviði svo fólki hætti ekki að þykja vænt um mig.“

Flestar tilnefningar í ár hlaut tónlistarfólkið Björk, Lay Low og Mugison en sá síðastnefndi er tilnefndur til alls sex verðlauna.

- sm



**SKEMMTIR TÓNLISTARFÓLKI** Vilhelm Anton Jónsson, eða Villi naglbítur eins og hann er betur þekktur, verður kynnir Íslensku tónlistarverðlaunanna sem fram fara í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# L…ARÚTSALA

ÚTSÖLULOK

Rúm Gott

## ERTU AÐ VAKNA ÞREYTT/UR EÐA MEÐ VERKI Í LÍKAMANUM?

**Komdu í legugreiningu og fáðu sérsmíðað rúm fyrir þig!**





# ÚTSÖLULOK

Tvíbreið fjölstillanleg rafmagnsrúm: **Verð frá kr. 309.897.-**

Tvíbreið heilsurúm: **Verð frá kr. 139.000.-**

**25-50% afsláttur af öllum heilsurúmum!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!



Vertu örugg/ur.
Komdu í greiningu

**Einstaklingsmiðuð þjónusta**

Rúmgott er eini aðilinn á Íslandi sem notar legugreiningu til að meta þarfir viðskiptavina sinna.

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## ÞAR SEM HVER VIÐSKIPTAVINUR ER SÉRSTAKUR!

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
**ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF**
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á **logfrodur@hr.is**
LÖGRÉTTA
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bræður munu berjast

Bræðurnir **Jón Jónsson** og **Friðrik Dór** eru báðir tilnefndir í flokknum vinsælasti flytjandinn á Íslensku tónlistarverðlaununum. Verðlaunaathöfnin fer fram í Hörpunni í kvöld en alls koma tuttugu flytjendur til greina í þessum flokki. Fréttablaðið greindi frá því á síðasta ári að Jón hefði tekið fram úr Friðriki Dór í plötusölu og verður gaman að fylgjast með hvort honum takist aftur að skáka litla bróður sínum í kvöld eða hvort Friðrik Dór nái fram hefndum eftir „ófarirnar" frá því í fyrra.



### Moses Hightower undirbýr nýja plötu

Hljómsveitin Moses Hightower vakti þónokkra athygli með fyrstu plötu sinni, Búum til börn, sem kom út sumarið 2010. Platan fékk prýðisgóða dóma í helstu miðlum landsins. Á plötunni nutu þeir aðstoðar fjölda tónlistarmanna. Meðal annars sungu söngkonurnar Dísa, Ragnheiður Gröndal, Sigríður Thorlacius og Björk Níelsdóttir á henni. Nú hafa þeir Andri Ólafsson, Daníel Friðrik Böðvarsson, Magnús Trygvason Elíassen og **Steingrímur Karl Teague** komið sér í hljóðver á ný og taka um þessar mundir upp nýja plötu. Áætlað er að platan komi út seinna á árinu, en engum sögum fer enn af gestasöngvurum og öðrum tónlistarmönnum á nýju plötunni.



- afb / þeb

## Mest lesið VÍSIR

1. Neitar alfarið að hafa eignast barn: „Ég reyni bara að vera"
2. Meirihluti nefndarinnar vill vísa ályktun Bjarna frá
3. Uppsagnir hjá Orkuveitunni – boðað til blaðamannafundar
4. Kona ógnaði mönnum með hnífi í Laugardal
5. Ætlar að kæra meint harðræði lögreglunnar og…





